



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. ágúst 2005 - 227. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Arnar og Bjarki ekki meira með í sumar

Arnar Gunnlaugsson hætti í gær hjá KR en hann hefur átt erfitt uppdráttar í sumar, rétt eins og bróðir hans Bjarki sem í dag leggst undir hnifinn í þriðja sinn á tæpu ári vegna meiðsla í ökkla.

ÍPRÓTTIR 22



Kapítalistar allra landa...

Ólafur Hannibalsson segir Hannes Hólmstein Gissurarson hafa uppgötvað „leiðtoga lífs síns“, Davíð Oddsson, foringjann mikla og óskeikula.

SKOÐUN 18




Leiðakort Strætó hálfkák

Ingi Gunnar Jóhannsson landfræðingur hefur gefið út huglægt kort fyrir hið nýja leiðakerfi Strætó. Hann segir auðveldara að rata eftir sínu korti enda byggji það á beinum línunum auk þess sem stoppi-stöðvar beri nöfn.

TILVERAN 12



VEÐRIÐ Í DAG



NORÐAN STREKKINGUR eða allhvasst, sérstaklega með ströndum austanlands. Léttir til syðra en rigning norðan- og austanlands. **VEÐUR 4**

Óskoðaður og ótryggður

Vörubíllinn sem lenti í hörðum árekstri við strætisvagn síðastliðinn föstudag var óskoðaður og ótryggður. Bílstjórinn neitar að hafa farið yfir á rauðu ljósi. Lögreglan er að rannsaka málið. Vörubílstjórinn heim-sótti strætisvagnabílstjórnann á sjúkrahús og sagði hann hafa tekið vel á móti sér.

SLYS Eigandi vörubílsins sem skall saman við strætisvagn í Reykjavík á föstudag hafði hvorki mætt með bílinn í skoðun greitt af honum lögbundnar tryggingar.

Í slysinu slasaðist strætisvagnabílstjóri alvarlega og missti báða fótleggi neðan við hné.

Helgi Aðalsteinsson, eigandi og ökumaður vörubílsins, segir að hann hafi átt að mæta með bílinn til skoðunar í maí en hafi haft frest fram til 1. ágúst og því hafi bíllinn verið komin fram yfir skoðunartíma. Þá hafi hann ekki greitt lögbundnar ökutækjatrýggingar af bílnum en kippt því í lag strax í kjölfar slyssins. Hann hitti strætisvagnabílstjórnann á sunnudaginn þar sem hann dvelur á sjúkrahúsi.

„Hann tók mér ljómandi vel. Hann er kunningi minn og það er

skylda mín að tala við hann. Auðvitað var þetta óþægilegt en mér fannst þetta nauðsynlegt og ég ætla að hitta hann aftur, vonandi sem fyrst,“ segir Helgi.

Helgi segist ekki hafa keyrt yfir á rauðu ljósi. „Ég var búinn að keyra á grænu ljósi yfir öll gatnamótin á undan og það er þannig að um er að ræða samstillt ljós þannig það getur ekki hafa verið rautt ljós en vissulega ók ég hraðar en leyfilegt er. Það var hins vegar svo að strætisvagninn var á mikilli ferð og það er því ekki rétt sem kemur fram í Morgunblaðinu að strætisvagninn hafi verið nýlagður af stað á grænu ljósi,“ segir Helgi.

Samkvæmt upplýsingum frá Frumherja eru bílar ólöglegir hafi þeir farið fram yfir skoðunartíma. Hjá tryggingafélagunum fengist þær upplýsingar að þeim sem ekki greiða tryggingar af ökutækjum væri sent lögreglubréf í við-



AF VETTvangi ÁREKSTURSINS Vörubíllinn var lítið skemmdur eftir áreksturinn en strætisvagninn stórskemmdist. Ökumaður vörubílsins hefur heimsótt strætisvagnabílstjórnann á sjúkrahús.

komandi umdæmi. Eftir fjórar vikur félli lögboðin trygging svo niður. Meginreglan er sú að tjónþolar fá tjón sem þeir verða fyrir

bætt óháð öðrum forsendum.

Málið er í rannsókn hjá lögreglu- unni í Reykjavík.

hjalmar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



NAUÐLENTI Á VEGINUM Engan sakaði þegar lítil flugvél nauðlenti á Þingvallavegi við Laxnes um hádegisbil í gær.

Erfitt reynist að ráða stuðningsfulltrúa við frístundaheimili borgarinnar:

Ofvirk börn þurfa að bíða lengur

SKÓLAR „Ég þarf að grípa til þess að fara fyrr heim úr vinnunni á daginn af því að þá getur enginn séð um drenginn minn,“ segir Vilma Kristín Guðjónsdóttir, einstæð móðir sex ára drengs sem ekki hefur komist að á frístundaheimili við grunnskóla hans í Grafarvogi.

Sonur Vilmu Kristínar er ofvirkur og með athyglisbrest og umtalsverð þroskafrávik. Hann þarf því á stuðningsfulltrúa að halda, en ekki hefur tekist að ráða í þær stöður vegna manneklu.

„Ég sótti um mjög snemma þar sem mér var sagt að þeir sem fyrstir sæktu um kæmust fyrstir

að,“ segir Vilma, sem er ósátt við að börn sem sótt hafi um síðar og ekki þurfi á stuðningsfulltrúa að halda hafi komist að á undan syni hennar. Þá kveðst hún engin svör hafa fengið um það hvenær búast megi við að sonur hennar komist að á frístundaheimilinu.

„Við höfum ekki fengið starfsfólk sem tekur að sér stuðningsbörn og þess vegna höfum við boðið öðrum börnum pláss á undan,“ segir Dagný Edda Þórisdóttir, umsjónarmaður frístundaheimilis Rimaskóla. „Við vonumst þó til þess að úr fari að rætast og okkur takist að ráða í þessar stöður í vikunni.“

- ht



VILMA KRISTÍN ÁSAMT SYNINUM LEÓ Vilma Kristín segist einungis geta unnið rúmlega hálf starf meðan sonur hennar kemst ekki að á frístundaheimili við grunnskóla hans í Grafarvogi.

Flugóhapp í Mosfellsdal:

Nauðlenti á Þingvallavegi

NAUÐLENDING Lítil flugvél nauðlenti á Þingvallavegi við Seljabrekku, skammt ofan við Laxnes, í hádeginu í gær. Lendingin gekk vel og sakaði flugmanninn ekki, en hann var einn í vélinni.

Flugvélin var eins hreyfils og tveggja sæta og hafði fyrr um morguninn verið flogið frá Reykjavík til Hellu. Flugmaðurinn var á leið til baka til höfuðborgarinnar þegar hann tilkynnti um að hreyfill vélarinnar hefði misst afl og skömmu síðar um landingu á veginum.

Líð lögreglu og björgunarmanna var sent á vettvang og ræstur var út slökkvibíll og tveir sjúkrabílar auk flugvallarbíls, sem þó fékk að snúa við þegar í ljós kom að vélin hafði lent heilu og höldnu.

- ht

> Markaðurinn

Sögurnar... tölurnar...fólkið...

FYLGR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

Síminn breytti skuld SkjáEins í hlutafé

Friverslunarsamningur milli Íslands og Færeyja bratt í höfn

8,5%*
Peningabætur Landsbankans



SPURNING DAGSINS

Eiríkur, hyggist þið tala dönsku á sunnudögum?

„Hér eru töluð fjölmörg tungumál, ekki síst á sunnudögum þegar starfsmenn Kárahnjúkavirkjunar koma í bæinn.“

Ný göngugata á Egilsstöðum á að heita Stríkið, líkt og þekktasta göngugata Kaupmannahafnar. Eiríkur Björn Björgvinsson er bæjarstjóri á Fljótsháðei.



ÚR ÖRYGGISMYNDAVÉLUM HEIMAVISTAR Vegna úrskurðar Persónuverndar verða sextán eftirlitsmyndavélar teknar niður af göngum heimavistarinnar.

Skólameistari ósáttur: Íhugar mál gegn Persónuvernd

PERSÓNUVERND „Herbergin eru af-drep þar sem nemendur njóta sinnar persónuverndar. Með þessum myndavélum erum við að verja hagsmuni nemenda, foreldra og skólans,“ segir Jón Hjartarson, skólameistari Fjölbauta-skóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Hann íhugar að fara í mál við Persónuvernd vegna úrskurðar um að fjöldi eftirlitsmyndavéla á göngum heimavistar skólans brjóti gegn meðalhófsreglu. Hann segir þó ekki ljóst hvort leitað verði til dómstóla eða umboðsmanns Alþingis. Fyrst verði rætt við fulltrúa menntamálaráðuneytisins.

- ss

Hnífstunga við Hverfisgötu:

Lést eftir líkamsárás

ANDLÁT Maðurinn sem var stunginn til bana í húsi við Hverfisgötu í Reykjavík á laugardagsmorgun hét Bragi Halldórsson. Hann var fæddur árið 1985 og var ókvæntur og barnlaus. Hann var til heimilis að Vesturgötu 50a. Foreldrar hans eru Birna Björgvinsdóttir og Halldór Bragason.

- hb

Nafn Arons Pálma er á lista yfir fanga sem verða hugsanlega látnir lausir:

Gæti losnað innan tíu daga

MANNRÉTTINDI Yfirgnæfandi líkur eru á því að Aron Pálmi Ágústsson sé í þann veginn að fá frelsi. Nafn hans er nú á lista sem löggjafarþing Texas hefur tekið saman yfir fanga sem það mun leggja til við ríkisstjóra Texas á næstu dögum að verði látnir lausir.

Jafnvel er búið við að Aron Pálmi verði kominn til landsins eftir viku til tíu daga.

Afgreiðsla málsins hefur tafist nokkuð vegna sumarleyfa og þá hefur ríkisstjórinn Rick Perry verið á kosningaferðalagi.

Einar S. Einarsson, formaður stuðningshóps Arons, segir að mál hans hefði að öllum líkindum

gleymst hefði því ekki verið fylgt eftir. „Núna eru þrír mánuðir síðan við höfum þessa baráttu. Málið hefur verið rekið með mildi og miskunn að leiðarljósi.“ Að sögn Einars er það fyrst og fremst formsatriði að ríkisstjórinn mæti á skrifstofuna og staðfesti lista þingsins. „Það myndi heyra til mikilla undantekninga ef hann gerði það ekki,“ segir Einar. „Nú má segja að niðurtalningin sé hafin.“

- grs

NIÐURTALNINGIN ER HAFIN Aron Pálmi losnar að öllum líkindum á næstu dögum.



FRÉTTABLAÐIÐ/ROHN WESSLER

Verktakar segjast hafa tryggt sér þriðjung

Verktakar sem hafa falast eftir hesthúsum í Glaðheimum segjast hafa tryggt sér allt að þriðjung þeirra. Stjórn hestamannafélagsins Gusts telur tilboðið aðförluð. Bæjarstjórinn segir deiliskipulagi svæðisins ekki verða breytt.

SKIPULAGSMÁL „Áhuginn fór fram úr björtustu vonum,“ segir Guðbjartur Ingibergsson verktaki, sem er í forsvari fyrir hóp sem gert hefur tilboð í hesthúsin í Glaðheimum á Gustssvæðinu í Kópavogi. Að sögn hans hafa tíu prósent eigendanna nú þegar skrifað undir, álíka margir séu að því komnir að skrifa undir og verið sé að ræða við um fimmtán prósent til viðbótar sem vilji ganga til samninga.

Glaðheimar eru gegnt Smáralindinni í Kópavogi og hafa verið þar síðan 1968. Kópavogur hefur verið að byggjast í kringum svæðið síðustu áratugi og margir verktakar hafa áhuga á svæðinu undir nýja byggð.

Guðbjartur segir engar framkvæmdir munu hefjast á næstunni. Allir sem skrifi undir fái húsin til afnota endurgjaldslaut í tvö ár.

Mikil andstaða kom fram við tilboðið á fundi félagsmanna á mánudagskvöldið.

„Við teljum þetta vera aðför að starfandi íþróttafélagi í Kópavogi,“ segir Þóra Ásgeirsdóttir, formaður hestamannafélagsins Gusts. „Slíkt er alvarlegt mál. Ég veit ekki um neinn sem hefur skrifað undir bindandi kautilboð.“

Guðbjartur segir ekki spurningu hvort byggt verði heldur hvenær. Hann fullyrðir að flestir hestamenn geri sér grein fyrir því að þetta sé ekki framtíðarsvæði þeirra. Því mótmælir Þóra alfarið. „Ég spyr á móti: Við hvaða hesta-

MYND/BARNLEIFUR BJARNLEIFSSON



HÓPREIÐI Í GLAÐHEIMUM Hér sést hópur félagsmanna í hestamannafélaginu Gusti ríða framhjá hesthúsum í Glaðheimum

menn er hann að tala?“ Hún segir um 200 félagsmenn hafa mætt á fundinn og enginn þeirra hafi vírst þessarar skoðunar.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir það koma á óvart ef svo margir hafi skrifað undir. Kópavogsbær á landið en leigir hestamannafélaginu Gusti það, og á félagið forkaupsrétt á hesthúsum félagsmanna á löðun-

um. Gunnar ítrekar að bærinn hafi leigt Gusti þetta svæði fram til ársins 2038. „Þessir verktakar geta ekki byggt eitt né neitt nema Kópavogsbær breyti deiliskipulaginu og við ætlum okkur ekki að gera það.“

Að sögn Guðbjarts mun stjórn Gusts fá að sjá þá samninga sem gerðir hafa verið á næstu dögum vegna forkaupsréttarins.

grs@frettabladid.is

Strangar reglur í gildi um fjársafnanir:

Lögreglan kannar lögmæti söfnunar

LÖGREGLA Lögreglan kannar hvort heimild sé fyrir söfnun til styrktar bágstöddum börnum á Íslandi. Mjög strangar reglur eru í gildi um safnanir samkvæmt lögum um opinberar fjársafnanir. Til að mynda ber þeim sem standa að söfnun að tilkynna lögreglunni um söfnunina áður en hún hefst.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík, sem fékk málið inn á borð til sín í gær, liggur ekki ljóst fyrir hvort leyfi er fyrir umræddri söfnun. Lögreglan segir að einn forvarsmanna söfnunarinnar hafi sagst hafa sent lögreglunni bréf. Hins vegar hafi það verið sent á lögreglumann sem sé hættur störfum. Forsvarsmaðurinn

hefur verið boðaðir á fund lögreglunnar í dag.

Í lögum um fjársafnanir segir að leggja eigi söfnunarfé inn á banka- eða giróreikning sem stofnaður sé sérstaklega fyrir söfnun. Að sögn lögreglu er ekki vitað hvort þessu hafi verið fylgt eftir né hvort reikningshaldið hafi verið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda líkt og lög kveði á um.

Söfnun sem lögreglan er nú að kanna hefur farið fram með þeim hætti að hringt er í fólk og það beðið um að styrkja tiltekið málefni. Ef fólk hefur samþykkt að gera það sendir félagið sem stendur að baki söfnuninni giróseðil heim að upphæð 1.500 krónur heim til fólksins.

- th

Sindraberg gjaldþrota:

Sextán sagt upp störfum

GJALDÞROT Sushi-sjávarréttaverksmiðjan Sindraberg á Ísafirði er gjaldþrota og hefur skiptastjóri verið ráðinn yfir protabúinu.

„Þetta er ekki fyrsta fyrirtækið sem við sjáum á eftir. Þetta var góður vinnustaður og fólkinu líkaði störfin vel,“ segir Helgi Ólafsson, varaformaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Sextán starfsmenn fengu uppsagnarbréf í fyrrardag. „Fólkið er enn miður sín en ég vona að atvinna bjóðist á næstunni. Hátt gengi krónunnar samfara stóriðjuframkvæmdum réði úrslitum. Þessi álstefna fer að verða okkur Vestfirðingum dýr,“ segir Helgi.

- jh



SÆKJA VATN Flugmenn björgunarbíla sækja vatn til að slökkva skógareldinn.

Skógareldarnir:

Slökkvistarf gengur betur

LISSABON, AP Betur gengur nú að ráða niðurlögum skógareldanna í Portúgal, sem hafa geislað þar að undanförunu.

Lækkandi hitastig og aukin úrkoma hefur gert slökkviliðsmönnum kleift að halda tuttugu eldum í skefjum af þeim þrjátíu sem loga í portúgölskum skógum. Hins vegar var heitt og þurrt í landinu í gær og því var búið við að bálið yxi á nýjan leik.

Portúgalska ríkisstjórnin hefur farið fram á aðstoð frá Evrópusambandinu en nokkur Evrópulönd hafa þegar lánað landsmönnum slökkviliðsflugvélar.

Yfir 140.000 hektarar hafa orðið eldinum að bráð þrátt fyrir hetjulega baráttu 2.360 brunavarda. ■

Mannekla á frístundaheimilum:

Lág laun stór hluti vandans

SKÓLAR „Það er auðvitað mjög slæmt ef þessi staða kemur ítrekað upp á haustin,“ segir Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla. Mörg hundruð börn bíða þess að fá pláss á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar vegna manneklu.

„Ég tel stóran hluta af vandanum koma til vegna þess að launin eru mjög lág,“ segir Elín. „Fólk staldrar þess vegna stutt við í starfi og hleypur af stað um leið og annað býðst.“

Elín telur að hægt væri að auðvelda mannaráðningar með því að leitast við að byggja upp faglegra starf í frístundaheimilunum, til dæmis með því að ráða meira af fagmenntuðu fólki.

- ht

Manndráp og líkamsárás:

Hinir grunuðu yfirheyrðir

LÖGREGLUMÁL Yfirheyrslur stóðu í gær yfir 23 ára gömlum manni sem grunaður er um hafa orðið helgi að bana á Hverfisgötu fyrir helgi og yfir 17 ára gömlum dreng sem talinn er hafa stungið annan í bakið á Menningarnótt í Reykjavík. Yfirheyrslurnar fóru fram í fangelsinu á Litla-Hrauni þar sem þeir sitja báðir í gæsluvarðhaldi.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson aðstoðaryfir lögregluþjónn sagðist í gærkvöldi ekki hafa rætt við lögreglumenningna sem sáu um yfirheyrslurnar og gat því ekki svarað því hvort mennirnir hafi játað.

- óká / - grs

Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!

LOKA- DAGUR! VERÐHRUUN Á KLETTHÁLSI

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
SÍÐASTA TÆKIFAERID TIL AÐ TRYGGJA SÉR
GÓÐAN BÍL Á FRÁBAERU VERÐI!

Örfá sýnishorn:



VW Passat V6 4Motion
árg. 99 ek. 84.000
verð 1.420.000 kr.
verð áður 1.790.000 kr.



MMC L200
árg. 97 ek. 324.000
verð 460.000 kr.
verð áður 720.000 kr.



Nissan Primera
árg. 00 ek. 118.000
verð 560.000 kr.
verð áður 750.000 kr.



Skoda Octavia
árg. 99 ek. 168.000
verð 280.000 kr.
verð áður 490.000 kr.



MMC Lancer
árg. 97 ek. 79.000
verð 430.000 kr.
verð áður 630.000 kr.



Opel Zafira
árg. 97 ek. 82.000
verð 899.000 kr.
verð áður 1.160.000 kr.



Citroën Berlingo
árg. 03 ek. 50.000
verð 750.000 kr.
verð áður 980.000 kr.



VW Polo 1,2
árg. 03 ek. 65.000
verð 715.000 kr.
verð áður 940.000 kr.

Einnig stórútsala hjá:

Söluumboði Heklu á Selfossi,
sími 482 1416

Söluumboði Heklu í Reykjanesbæ,
sími 420 5000

Smelltu þér á www.bilathing.is og
skoðaðu útsölubíla!

KOMIDU STRAX
OG GERÐU
GÓÐ KAUP

100%
FJÁRMÖGNUN
á völdum
bílum

ALLT AÐ
750 þús.
kr. AFSLÁTTUR!



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notudum bílum

Laugavegi 174
Kletthálsi 11
sími 590 5040
www.bilathing.is

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 23.08.2005			
	KAUP	SALA	
Bandaríkjadalur	USD	63,48	63,78
Sterlingspund	GBP	114,13	114,69
Evra	EUR	77,65	78,09
Dönsk króna	DKK	10,413	10,473
Norsk króna	NOK	9,7	9,758
Sænsk króna	SEK	8,284	8,332
Japanskt jen	JPY	0,5765	0,5799
SDR	XDR	93,01	93,57
Gengisvísitala krónunnar			
108,6613 +0,01			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐ-HERRA Gróðursetti fimmtán milljónustu trjáplöntuna í Landgræðsluskógum landsins í gær.

Landgræðsluskógar 15 ára:

Milljónir trjáa gróðursettar

SKÓGRÆKT „Þetta er stór áfangi sem skógræktarfélagin hafa fyrst og fremst unnið að,“ segir Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skóg-ræktar Íslands. Fimmtán milljónir plantna hafa verið gróðursettar í Landgræðsluskógum landsins síðastliðin fimmtán ár.

Guðni Ágústsson landbúnaðar-ráðherra gróðursetti fimmtán milljónustu trjáplöntuna í gær við hátíðlega athöfn. „Okkur þótti rétt að efna til fagnaðar enda eru skógarnir orðnir mjög áberandi í náttúru landsins og farnir að gegna mikilvægu hlutverki í útivistarlífi landsmanna,“ segir Brynjólfur.

- ht

Slasaður vagnstjóri:

Söfnun hafin

SÖFNUN Strætisvagnabílstjórar hjá Strætó hafa hrundið af stað söfnun fyrir bílstjóran sem slasaðist alvarlega við árekstur síðastliðinn föstudag. Þá er undirskriftum safnað hjá bæjarskrifstofum á höfuðborgarsvæðinu og hjá nokkrum rúfufyrirtækjum þar sem starfsmenn samþykkja að dregin verði tiltekin upphæð af launum þeirra.

Fyrir þá sem vilja leggja söfnuninni lið er reikningsnúmerið 0537-14-607300 og kennitalan 500501-3160.

- hb



Skólataska
Verð **2.990 kr.**

Í skólann á ný

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Formaður stjórnarskrárnefndar Íraks er svartsýnn:

Telur ólíklegt að samkomulag náist

BAGDAD. AP Formaður stjórnarskrárnefndar Íraks telur þrjá daga ekki nægja til að ná samkomulagi um stjórnskipan landsins. Vera má að plaggið verði borið undir þjóðaratkvæði þrátt fyrir andstöðu súnnía.

Rétt áður en fresturinn til að greiða atkvæði um stjórnarskrárdrögin á íraska þinginu rann út síðastliðið mánudagskvöld var ákveðið að fresta afgreiðslunni í um þrjá daga svo að vinna mætti þeim fylgis á meðal súnnía.

Humam Hammoudi, formaður stjórnarskrárnefndarinnar, viðurkenndi hins vegar í gær að



UGGANDI UM SINN HAG Það eru ekki einungis súnniar sem hafa efasemdir um stjórnarskrárdrögin. Yanar Mohammed, leiðtogi einnar helstu kvennahreyfingar Íraks (til hægri), telur íslamskar áherslur stjórnarskrárinnar konum mjög í óhag.

sá tími gæti reynst of naumur þar sem um grundvallarágrein-ing um stjórnskipunina væri að ræða, einkum um hversu miðstýrt landið eigi að vera.

Þegar Hammoudi var spurður hvernig höggvið yrði á hnútinn næðist ekki sátt um málið sagði hann enga spurningu að „íraska þjóðin ætti ráða“.

Fari hins vegar svo að Kúrdar og sjíar samþykki hina nýju stjórnarskrá sem súnníar geta með engu móti fellt sig við eru allar líkur á að rósturnar í landinu færist enn í vöxt og haldi áfram um ókomna tíð. ■

Endurskoðaða ber skilyrði gervihjónabanda

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám kynþáttamisréttis finnur að niður-skurði til Manréttindaskrifstofunnar. Einnig eru gerðar athugasemdir vegna afgreiðslu stjórnvalda á málum flóttamanna og hælisleitenda.

MANNRÉTTINDI Nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám kynþáttamisréttis gerir athugasemd við það að íslensk stjórnvöld skáru fyrr á þessu ári niður framlög til Mannréttindaskrifstofunnar.

Í nýrri skýrslu nefndarinnar er farið fram á að íslensk stjórnvöld veiti frjálsum félagasamtökum sem vinna gegn kynþáttamisrétti stuðning til að tryggja sjálfstæði þeirra og fjárhag.

Þess er getið að Ísland hafi ekki tekið upp í landslög ákvæði sáttmála um afnám kynþáttamisréttis og eru stjórnvöld hvött til þess að ráða bót á því.

Fram kemur að nefndinni hafa borist skýrslur um að flóttamenn og hælisleitendur hafi ekki ávallt fengið fullnægjandi afgreiðslu mála þótt íslensk lögreglu- eða landamærayfirvöld hafi fengið leiðsögn um alþjóðleg mannréttindi og lög um flóttamenn.

Nefndin telur æskilegt að íslensk stjórnvöld endurskoði ákvæði um 24 ára aldersmark til dvalarleyfis þegar giftingaraldur er 18 ár. Hún mælir með að skilyrði svonefndra gervihjónabanda verði endurskoðuð.

Fjallað er um skammtíma atvinnuleyfi í skýrslunni og talin hætta á brotum gegn réttindum erlendra farandverkamanna með því að binda atvinnuleyfi við atvinnurekendur fremur en launamennina sjálfa. Sérstök hætta er talin vera á brotum sem lúta að aðstæðum á vinnustað og starfskröfum.

Vakin er athygli á því að ekki er starfrækt á Íslandi mannrétt-



MANNRÉTTINDI OG KYNÞÁTTAMISRÉTTI Flóttamenn frá Júgóslavíu á Akureyri í mars 2003.

indastofnun og eru stjórnvöld hvött til þess að koma á fót slíkri stofnun sem starfi í anda Parísarsáttmálans.

Nefnd Sameinuðu þjóðanna fagnar því að Íslendingar hafi undanfarið staðfest fjölda samninga og sáttmála, meðal annars

um réttindi barna. Þá hafi réttur fólks af erlendum uppruna verið treystur með lögum. Slíkar réttarbætur hafi meðal annars orðið til þess að um eitt þúsund innflytjendur gátu nýtt sér kosningarétt í sveitarstjórnarkosningunum árið 2002.

johannh@frettabladid.is

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Réttað yfir ræningjum

DÓMSMÁL Réttað var í gær yfir tveimur mönnum, 42 og 18 ára gömlum, í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna ránstílaunar við Hamarsgerði í Reykjavík í mars í fyrra. Þar réðust þeir á mann með trékylfu og slógu hann ítrekað með henni og krepptum hnefa. Heimtuðu mennirnir peninga, en flúðu af vettvangi þegar íbúi kom út úr húsinu. Þeir þekktu ekki til fórnarlambs síns.

Eldri maðurinn er einnig ákærður fyrir að hafa haft í fórum sínum 1,7 grömm af amfetamíni, 0,3 grömm af kannabis og ellefu e-töflur, þegar lögregla tók hann síðar sama dag. Maðurinn sem ráðist var á krefst tæplega 750.000 króna í bætur. - óká



FLÓÐ Í FRAZTANZ Ekki næst símasamband við sum þorpanna þar sem aurskriður hafa slitið í sundur jarðstrengi.

Flóð í Mið-Evrópu:

Fimm látist í vonskuveðri

AUSTURRÍKI. AP Björgunarmenn hjálpuðu hundruðum íbúa að yfirgefa heimili sín á flóðasvæðum í Austurríki og suðurhluta Þýskalands. Einnig byggðu þeir sandpokavirki meðfram ám sem flætt höfðu yfir bakka sína.

Í gær hafði heyrst af fimm einstaklingum sem höfðu látist í flóðunum í Austurríki, Búlgaríu og Sviss. Sérfræðingar segja ástandið mjög alvarlegt, sérstaklega þar sem ekki er hægt að ná sambandi við sum þorpin sem verst hafa orðið úti, en þar hafa aurskriður slitið í sundur jarðstrengi. Áin Inn hefur hækkað um 30 sentimetra í flóðunum. ■

Forseti Tékklands:

Vill auka viðskipti við Ísland

FORSETAHEIMSÓKN Síðari dagur opinberrar heimsóknar Václav Klaus, forseta Tékklands, hófst með fundi með Halldóri Ásgrímssyni í Ráðherrabústaðnum. Á fundinum var rætt um samskipti ríkjanna og voru þeir sammála um að auka enn frekar viðskipti milli þeirra. Þá ræddu þeir málefni Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins.

Áður en Halldór bauð Klaus til hádegisverðar á Þingvöllum fór forseti Tékklands að skoða aðstæður að Nesjavöllum. Deginum lauk síðan með skoðunarferð um Gullfoss og Geysi.

- ss

VEÐRIÐ Í DAG

VINDASAMT OG KALT!
Það verður nokkuð eindregin norðanátt á landinu í dag og víða strekkingur eða allhvasst. Það er kröpp lægð rétt úti við SA-ströndina og því gæti allt eins orðið hvasstviðri á annesjum allra austast og suðaustast. Það léttir til syðra og verður víða bjart sunnan- og vestalands en rigning fyrir norðan og austan þegar líður á daginn. Hitinn er á niðurléið og gæti farið niður undir frostmark á hálendinu í nótt og því má reikna með slyddu til fjalla norðanlands með kvöldinu. Þessar norðanáttir verða svo nokkuð stífar fram að helgi, en á föstudag gæti loksins farið að draga úr vindi.

Í dag

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	20°C	heiðskirt	Algarve	29°C	heiðskirt
Oslo	21°C	heiðskirt	Mallorca	25°C	heiðskirt
London	18°C	rigning	Krit/Chanía	29°C	heiðskirt
París	22°C	heiðskirt	Barcelona	26°C	heiðskirt

Kveðja, Guðriður Arnardóttir náttúrufræðingur.

Á morgun


Stíf norðanátt og allhvöss austanlands. Rigning á Norðausturlandi og bjart syðra.

Föstudagur

Norðlæg átt og dregur úr vindi. Bjartviðri syðra en rigning norðanlands.

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknueð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Takmarkið er fullkomnun



Lexus GS færir okkur nær takmarkinu

Stíllinn er glæsilegur, yfirbragðið sportlegt, viðbragðið snögg og kraftmikið og aksturinn engu líkur. Vertu fremstur á þínu sviði.aktu á Lexus GS. Þú kemst varla nær fullkomnun.

Verð frá 5.150.000 kr.

KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ EINUM GLÆSILEGASTA BÍL SEM VÖL ER Á.
Nýbýlavegur 6 • 200 Kópavogur • S. 570 5400 • www.lexus.is

 **LEXUS**
The pursuit of perfection



KJÖRKASSINN

Er FH-liðið besta fótboltalið Íslandssögunnar?

Niðurstöður gærdagsins á [vísir.is](#)

Já	24%
Nei	76%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Hefur þú áhyggjur af mannekleið á leikskólum?

Farðu inn á fréttahluta vísir.is og segðu þína skoðun





KRÆKIBER Bláber og krækiber voru víða vel þroskuð á Vestfjörðum fyrir hálfum mánuði.

Góð berjaspretta víðast hvar:

Man ekki eftir öðru eins sumri

BERJASPRETTA Útlit er fyrir gott berjaár og víða er bláberjaspretta með eindæmum góð.

Ingólfur Kjartansson á Tálknafirði segir berjasprettu góða úti með Snæfjallaströnd, en hann er staðarhaldari í Dalbæ í Unaðsdal yfir sumartímann. „Ég man ekki eftir öðru eins bláberjasumri og nú. Einnig er nóg af krækiberjum. Það á líka við um aðalbláberin en þau þroskast óvenju seint.“ Fregnir berast af góðri berjasprettu víðar, meðal annars á Norðurlandi.

- jh

Tölvunám eldri borgara

Grunnur

30 kennslustunda byrjendanámskeið fyrir 60 ára og eldri. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 6. september og lýkur 27. september. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



Framhald I

30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í Word. Framhaldsæfingar í Internetinu og tölvupósti auk þess sem stafrænar myndavélar verða kynntar.

Kennsla hefst 5. september og lýkur 26. september. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,-

Framhald II

30 kennslustunda námskeið ætlað þeim sem lokið hafa fyrri framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilegan grunn og vilja enn meiri þekkingu og þjálfun. Byrjað er á upprifjun og svo er haldið áfram og kafað dýpra.

Kennsla hefst 5. september og lýkur 26. september. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 17.000,-

OPIÐ HÚS

Laugardaginn 27. ágúst kl. 13-16



TÖLVUSKÓLINN

ÞEKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • [www.tsk.is](#) • [skoli@tsk.is](#)

6

FRÉTTABLAÐIÐ

24. ágúst 2005 **MIÐVIKUDAGUR**

Leitað var að hollenskri skútu síðan á laugardag:

Fannst suðvestur af Reykjanesi

LEIT Hollenska skútan Daisy, sem leitað hafði verið síðan á laugardag, fannst snemma í gærmorgun um 160 mílur suðvestur af Reykjanesi. Skipstjóri skútunnar er þýskur en auk hans voru tveir aðrir um borð. Engan skipverja sakaði.

Neyðarbauja sem féll útbyrðis í vonskuveðri á laugardag gaf frá sér neyðarkall um hundrað sjómílur norðaustur af Hvarfi á Grænlandi. Í kjölfarið var farið að greinast fyrir um skútuna og fór norskur togari sem var í grenndinni til leitar á svæðinu án árangurs.

Liðsinnis nágrannaríkjanna var leitað þar sem staðsetning neyðarkallsins var langt utan drægi þýrlna Landhelgisgæslunnar og ekki var mögulegt að senda út íslenskar flugvélar til leitar. Þýrla frá Grænlandi og vél frá breska flughernum fóru því til leitar um helgina en það var danska varðskipið Vædderen sem fann skútuna í gærmorgun.

Skútan er talin hafa lagt upp frá



SKÚTA Neyðarkall barst frá skútunni vegna neyðarbauju sem féll útbyrðis í vondu veðri. Myndin er úr safni.

Grænlandi snemma í síðustu viku á leið til Reykjavíkur. Daisy hélt för sinni hingað til lands áfram í gær og er væntanleg til hafnar í Reykjavík síðdegis í dag.

- ht

Aukin útþrá Dana:

Spánn heillar

DANMÖRK Fimmti hver Dani á fullorðinsaldri getur hugsað sér að flytja til útlanda. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar. Hlutfallið er enn hærra þegar námsmenn eru spurðir en helmingur þeirra stefnir á búsetu í öðru landi.

Spánn er það land sem heillar Dani öðrum fremur. Samkvæmt opinberum tölum flytjast hins vegar flestir Danir til Svíþjóðar. Þessi aukna útþrá skýrist að mestu af áhuga ungtra Dana á að ganga mennta sig og starfa á erlendri grundu. Eldri kynslóðir telja síður að flutningur út fyrir landsteinana sé vænlegur kostur.

■

Sögulegum brottflutningi landtökumanna er lokið

Rýmingu 25 landnemabyggða á Vesturbakkanum og Gaza-ströndinni lauk í gær. Þrátt fyrir mikla andstöðu á meðal heittrúaðra gyðinga kom til mun minni átaka en óttast hafði verið.

SANUR, AP Sögulegum brottflutningi ísraelskra landtökumanna af svæðum Palestínnumanna lauk í gær þegar tvær byggðir á Vesturbakkanum voru rýmdar. Flutningarnir tóku aðeins fjórðung af þeim tíma sem upphaflega var búist við og átök vegna þeirra urðu mun minni en óttast var.

Í gær réðust 6.000 ísraelskir hermenn inn í tvær landnemabyggðir á Vesturbakkanum, Sanur og Homesh, en vitað var þar hefðu um 1.600 manns hreiðrað um sig til að mótmæla rýmingunni. Vesturbakkinn hefur mun meira sögulegt og trúarlegt gildi í augum gyðinga en Gaza-ströndin og því var búist við heiftuðugum átökum á milli hermanna og öfgaþjóðernissinna. Fyrst í stað sýndu mótmælendurnir nokkurt viðnám en þeir máttu sín lítils gegn filefldum hermönnum. Níu klukkustundum eftir að hermenn réðust til inngöngu höfðu allir mótmælendurnir verið fjarlægðir.

Íbúar Ganim og Kadim, hinna landnemabyggðanna tveggja sem rýma átti á Vesturbakkanum, höfðu þegar haft sig á brott og því var þegar hafist handa við að rífa hús í báðum kjörnum í gær. Þar með



UNGUR MÓTMÆLANDI 6.000 ísraelskir hermenn í fullum herklæðum bjuggust við hinu versta þegar þeir réðust til inngöngu í Sanur- og Homesh-byggðirnar í gær. Brottflutningur landtökumanna gekk þó að mestu snurðulaust fyrir sig.

hefur rýming byggðanna 25 aðeins tekið eina viku en reiknað var með að aðgerðirnar stæðu yfir í heilan mánuð hið minnsta.

Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, hringdi í Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, í gær og óskaði honum til hamingju með „hugrakka og sögulega“ ákvörðun. Abbas stakk upp á að friðarviðræðurnar yrðu teknar fljótlega upp að nýju og varð leiðtogunum

að samkomulagi að hittast við fyrsta tækifæri.

Landnemabyggðirnar fjórar eru aðeins brot af hverfum Ísraela á Vesturbakkanum en þar búa alls 240.000 Ísraelsmenn. Margir álíta að með rýmingu byggðanna á Gaza og þessara fjögurra á Vesturbakkanum ætli ísraelska ríkisstjórnin að herða enn frekar tókin á þeim svæðum sem Ísraelar byggja á þessum slóðum.

sveinng@frettabladid.is



Tæpar þrjár vikur til þingkosninga í Noregi:

Miklar líkur á að stjórn Bondevik falli

NOREGUR Verkamannaflokkurinn hefur allgóða forystu í skoðanakönnunum þegar rétt tæpar þrjár vikur eru til þingkosninga í Noregi. Jens Stoltenberg, leiðtogi hans, gegndi embætti forsætisráðherra í eitt ár áður en núverandi forsætisráðherra, Kjell Magne Bondevik, tók við embætti árið 2001. Nú lítur því út fyrir að Stoltenberg endurheimti embættið.

Verkamannaflokkurinn mælist með 25-30 prósentu fylgi á meðan ríkisstjórnarflokkarnir mælast með svipað fylgi samanlagt. Allt lítur því út fyrir að samsteypustjórn Bondevik, sem í sitja, auk Kristilega þjóðarflokksins, Íhaldsflokksins og hinn frjálslyndi Venstre, muni falla í kosningunum. Búist er við að Verkamannaflokkurinn, sósíalistar og Miðflokkurinn myndi ríkisstjórn að kosningunum loknum.

Kristilegi þjóðarflokkurinn reynir að lokka kjósendur til sín á lokasprettinum með því að viðurkenna þau mistök sem hann hefur verið sakaður um og lofa að gera betur. Þannig hefur Kjell Magne Bondevik lofað að bæta hag fátækra Norðmanna, sem hann hefur verið gagnrýndur fyrir að gleyma.

- óá



JENS STOLTENBERG Allt lítur nú út fyrir að hann verði aftur forsætisráðherra í Noregi.

Vertu á nýjum Ford Focus
Dæmi: Ford Focus Wagon Trend 1,6i 5 gíra
Sumartilboð*
20.865 kr.
Bílasamningur
Rekstrarleiga 35.950 kr.

Veldu nýjan Ford Nýtt tákni um gæði

Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bíla-merki. Spannandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bíla-merkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi**, TRACS spólvörn, öryggisþúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppið 1. sætið á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.



Ford Focus hefur hreppið 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.

Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílابلöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.

Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

Kaupverð	5 gíra	Sjálfskiptur
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6i	1.790.000 kr.	1.884.000 kr.
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6i	1.890.000 kr.	1.984.000 kr.
Ford Focus 4 dyra Trend 1,6i	1.940.000 kr.	2.034.000 kr.
Ford Focus Wagon Trend 1,6i	1.990.000 kr.	2.084.000 kr.

Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest seldi bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:


ESP stöðugleikastýrikerfi
TRACS spólvörn
Loftkæling
Stíllanlegur hiti í framsætum
Öryggisþúðar að framan
Öryggisþúðar í hliðum
Öryggisþúðagardínur
ABS hemlakerfi
EBD hemlajöfnun
EBA hjálparhemlun

Frjókornasía
Upphitanlegir hliðarspeglar
Rafstíltir hliðarspeglar
Vindskeið að aftan (3d og 5d)
Fjarstýrð samlæsing
Fjölstíllanlegt stýri
Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
Fjarstýring fyrir hljómtæki
Aksturstölva og útihtamælir

Hægt að fá aukalega:

Bluetooth® fyrir síma
AFS Halogen beygjuljós
DVD spilari í lofti og skjár
Fjöltengi fyrir heymartöl
Kæling í hanskahófi
Leiðsögukerfi með litaskjá
6 diska Sony hljómtæki
Bakkskynjari
Regnskynjari
Leður- eða sportsæti
Rafdrifid öku mannssæti

Raddstýring fyrir:
- hljómtæki
- síma
- leiðsögukerfi
Aðfellanlegir speglar
Hitu fyrir alla framrúðuna
Sólarvörn í framrúðu
Sportfjöðrun
Sjálfráttur „dimmer“
á baksýnispegli
Hraðastíllir
Rafdrifin sölluga



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bíla-merki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bíla-merkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Nýttu þér sumartilboðin Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



Ford Fiesta Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kauverð 1.430.000 kr.
Bílasamningur 14.970 kr.
Rekstrarleiga 27.950 kr.



Ford Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kauverð 1.570.000 kr.
Bílasamningur 16.440 kr.
Rekstrarleiga 29.980 kr.



Ford Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kauverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 19.790 kr.
Rekstrarleiga 34.930 kr.



Ford Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kauverð 1.895.000 kr.
Bílasamningur 19.840 kr.
Rekstrarleiga 34.950 kr.



Ford Mondeo Ghia
5 dyra 2,0i 5 gíra*
Kauverð 2.440.000 kr.
Bílasamningur 25.550 kr.
Rekstrarleiga 44.940 kr.



Ford Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kauverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 27.280 kr.
Rekstrarleiga 48.500 kr.



Ford Mustang Deluxe
3 dyra 4,0i V6 5 gíra*
Kauverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 30.030 kr.



Ford Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kauverð 2.810.000 kr.
Bílasamningur 29.430 kr.
Rekstrarleiga 52.700 kr.



Ford Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kauverð 3.960.000 kr.
Bílasamningur 39.200 kr.
Rekstrarleiga 68.300 kr.



Ford Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kauverð 4.190.000 kr.
Bílasamningur 41.760 kr.
Rekstrarleiga 74.200 kr.



Ford Expedition Eddie Bauer 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kauverð 5.160.000 kr.
Bílasamningur 53.990 kr.
Rekstrarleiga 102.500 kr.



Ford Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kauverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 24.820 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.



Ford Explorer Sport Trac XLT 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kauverð 2.960.000 kr.
Bílasamningur 30.990 kr.
Rekstrarleiga 56.700 kr.



Ford F-350 Lariat Crew Cab 4x4
4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kauverð 4.128.000 kr.
Bílasamningur 43.160 kr.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir

upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.





VEISTU SVARIÐ?

1

Hvar á landinu hafa stöðumælar verið lagðir af?

2

Hvaða borg í Portugal er í hættu vegna skógarelda?

3

Til hvaða liðs hefur fótboltamaðurinn Milan Baros verið seldur?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Trúarskólar umdeildir:

Flestir Bretar á móti fjölgun

BRETLAND Tveir þriðju hlutar Breta eru mótfallnir áformum ríkisstjórnarinnar um að fjölga skólum reknum af trúfélögum í landinu, samkvæmt skoðanakönnun sem breska blaðið The Guardian lét vinna. Tilgangurinn er að fjölga valkostum í skólakerfinu.

Tillögur ríkisstjórnarinnar miða að því að auka styrki til slíkra skóla verulega í því skyni að auðvelda þeim að starfa innan ríkisrekna skólakerfisins. Þeir sem gagnrýnt hafa þetta óttast að það muni leiða til frekari aðskilnaðar innan samfélagsins og koma í veg fyrir að börn kynnist ólíkum menningarsamfélögum í uppvesti sínum. ■

SVÍPJÓÐ

UPPSAGNIR HJÁ VOLVO Forsvarsmenn bílaverksmiðja Volvo í Svíþjóð hafa ákveðið að fækka starfsmönnum verulega. Er áformað að segja upp á milli 1.000 og 1.500 manns, flestum í verksmiðjunum í Gautaborg. Ástæðurnar eru meðal annars sagðar vera lágt gengi Bandaríkjadals og aðrir erfiðleikar í rekstri.

Stjórnendur Volvo segja nauðsynlegt að spara um einn milljarð sænskra króna í rekstri verksmiðjanna.

8

FRÉTTABLAÐIÐ

24. ágúst 2005 MÍÐVIKUDAGUR

Dauði Brasilíumannsins de Menezes í Lundúnum:

Misvísandi upplýsingar um myndavélar

LUNDÚNIR Fregnum ber ekki saman af því hvort öryggismyndavélar á Stockwell-neðanjarðarlestarstöðinni í Lundúnum hafi verið í lagi daginn sem Brasilíumaðurinn Jean Charles de Menezes var skotinn af lögreglunni.

Breska blaðið The Independent segir að lögreglan hafi skýrt rannsóknarnefndinni sem rannsakar tildrög málsins frá því að engin af öryggismyndavélunum á lestarstöðinni hafi verið í lagi og því væru engar myndir til af atburðinum. Í skjali frá lögreglu til nefndarinnar segir að allar myndavélar hafi verið skoðaðar en vegna tæknilegra vanda-

mála væru engar myndir til.

Talsmenn fyrirtækisins sem reka neðanjarðarlestir Lundúna sendu aftur á móti frá sér yfirlýsingu þar sem segir að þeir viti ekki af neinum bilunum í eftirlitsmyndavélum í Stockwell-lestarstöðinni daginn sem de Menezes var skotinn.

Óháð rannsóknarnefnd lögreglunnar tilkynnti í gær að niðurstöður athugana hennar á málinu myndu liggja fyrir um júlaleytið. Skýrsla nefndarinnar verður hins vegar ekki gerð opinber fyrr en búið er að fjalla um málið innan aganefndar lögreglunnar og hjá dómstólum.

- sða



LÍKIÐ Á GÓLFI LESTARVAGNSINS Þessi mynd birtist í fréttum ITV-sjónvarpsstöðvarinnar og er eina myndin af atburðinum sem birst hefur opinberlega. Lögreglan segir að allar myndavélar lestarstöðvarinnar hafi verið bilaðar en lestarfyrirtækið neitar því.

Rannsókn á fuglaflensu tefst vegna fjárskorts

Yfirdýralæknir sótti um fjárveitingu upp á eina og hálfa milljón króna í maí til þess að rannsaka hugsanlega fuglaflensu í fuglum hér á landi. Umsóknin hefur ekki verið afgreidd enn. Sérfræðingur í smitsjúkdómum fugla segir liggja á að hraða rannsókn ekki síst í ljósi stöðunnar erlendis.

HEILBRIGÐISMÁL Dráttur stjórnvalda á afgreiðslu fjárveitingar upp á eina og hálfa milljón króna hefur hamlað því að rannsókn á hugsanlegri fuglaflensu í alifuglum og vatnafuglum geti hafist. Embætti yfirdýralæknis sótti um fjárveitinguna til þess að hrinda rannsókninni af stað í maí síðastliðnum. Enn bólar ekkert á fjárveitingunni.

„Það er þörf á að kanna ástandið í fuglum hér, bæði villtum fuglum og alifuglum,“ segir Jarle Reiersen, sérfræðingur í fuglasmit-sjúkdómum. „En það hefur verið eitthvað stírt í að finna fjármuni þessa. Mér skilst þó að þetta sé að leysast þannig að við getum gert þetta. Með slíkri rannsókn er hægt að kortleggja stöðuna hér og fínslípa þær aðgerðir sem við þurfum að grípa til. Við hefjum þessa rannsókn um leið og fjármunir eru fyrir hendi. Það liggur auðvitað á að hraða henni í ljósi þess sem er að gerast erlendis.“

Ýmsar Evrópuþjóðir, til að mynda Hollendingar, Bretar og Þjóðverjar, óttast nú svo mjög fuglaflensuna að þeir hafa þegar gripið til eða eru að undirbúa varnaraðgerðir gegn henni.

„Með farfuglum dreifist flensan vestur eftir og þá er áhyggjuefni hvernig staðan verður hjá okkur,“ segir Jarle. „Þeir koma þó ekki hingað á þessum tíma árs. Hænsnfuglar í lausagöngu utan dyra eru miklu móttækilegri fyrir alls konar smiti sem berst með farfuglum. Með því að hafa smitvarnir í lagi og fugla innan dyra er sú hættu takmörkuð eins og kostur er. Hér á landi eru langflestir alifuglar haldnir innan dyra. Það eru einungis landnáms-hænur, aliendur og slíkir fuglar sem eru utan dyra.“

Jarle segir smitvarnir hér í góðu lagi eftir herferðina gegn kamfýlóbakter. Þá hjálpa lög og reglur um innflutning dýra og kjöts við að standa gegn almennum smitsjúkdómum.

„Það verður tekið á þessu máli



FUGLABRENNUR Alifuglabændur í Rússlandi hafa eytt heilu fuglabúunum eftir að fuglaflensa kom þar upp. Myndin er tekin af hænsnabrennu þar á landi.

í heild,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir um fjárveitinguna og vísar til starfandi ráðherra-nefndar um varnir gegn fuglaflensu. „Það koma engir farfuglar í haust, en viðbúnaður þarf að vera klár þegar þeir fara að koma næsta vor.“ jss@frettabladid.is



Nýr opnunartími

virka daga **10 - 20**

Laugardaga 10 - 18

Sunnudaga 12 - 18

Íslendingur við störf í Novosibirsk í Síberíu:

Fuglaflensan truflar mig ekki

HEILBRIGÐISMÁL „Fuglaflensan hefur engin áhrif á mig og líf mitt. Ég borða bara svínakjöt, nautakjöt og salat í staðinn fyrir kjúkling,“ segir Steingrímur Ólafsson iðnrekstrarfræðingur, sem er við vinnu í Síberíu.

Steingrímur sagði í Morgunútvarpi Talstöðvarinnar í gærmorgun að almenningur í Síberíu hefði varann á en menn væru ekki hræddir. „Maður sér ekki að fólk sé neitt skelkað yfir þessu,“ sagði hann. „Annars er kerfið hérna eins vel í stakk búið til að takast á

við svona vandamál og hægt er. Eitt af þremur bestu sjúkráhusum landsins er hér og byrjað var að undirbúa aðgerðir áður en smit kom upp vegna nálægðar við þau lönd þar sem veikinnar hefur orðið vart.“

Íbúar í Síberíu borða mikið kjúklingakjöt en Steingrímur segir að stórlega hafi dregið úr neyslu á því frá því að fuglaflensan greindist í Síberíu í júlí. Á þeim veitingastöðum sem hann sækir er ekki lengur boðið upp á kjúklingakjöt.

-ghs



ÓTTALAUS Í SÍBERÍU Steingrímur Ólafsson iðnrekstrarfræðingur ásamt samstarfsmanni í Síberíu. Hann segir að fuglaflensan sem þar geisar hafi engin áhrif á sig.

Bílalandsbílar B&L á 0% vöxtum og ekkert lántökugjald



Með bílinn handa þér

Vaxtalausir dagar frá 24. til 27. ágúst.

00%

0% VEXTIR - 100% LÁN 0% LÁNTÖKUGJALD

Dæmi

SKODA OCTAVIA

Nýskr. 11.1999, 1600cc vél,
5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 71 þ.

Kr. 14.650 í 48 mánuði
og þú eignast bílinn



0%

Dæmi

RENAULT MEGANE

Nýskr. 10.2000, 1600cc vél,
4 dyra, sjsk, grænn, ekinn 91 þ.

Kr. 18.817 í 48 mánuði
og þú eignast bílinn



0%

Dæmi

SUBARU IMPREZA

Nýskr. 02.1997, 2000cc vél,
5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 133 þ.

Kr. 10.483 í 48 mánuði
og þú eignast bílinn



0%

Vaxtalausir dagar eru einnig hjá umboðsmönnum B&L, Akureyri, Akranesi og Keflavík.
SG Bílar Keflavík S: 421 4444 • Bílás Akranesi S: 431 2622 • Bílasala Akureyrar S: 461 2533

575 1230 Opið mán - fös 10 til 18 og lau 12 til 16.



Grjóthálsi 1
bilaland.is

Viltu PSP?

Aðalvinningur er PSP + 4 leikir!



Fullt af aukavinningum:

- × PSP tölvur
- × PS2 tölvur
- × PSP Tölvuleikir
- × PS2 Tölvuleikir
- × PlayStation lykjakippur
- × PlayStation töskur
- × Blómiðar
- × DVD myndir
- × Fullt af PC tölvuleikjum
- × Kippur af Coca Cola



PlayStation.2



Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru, þessum 1 SMS skilað. 100 kassapöskur eru afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru, þessum 1 SMS skilað. 100 kassapöskur eru afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi.

Vaxandi andstaða í Bandaríkjunum við hernaðinn í Austurlöndum:

Bush ætlar að ljúka verkefninu

BANDARÍKIN Enginn áform eru uppi um að draga úr herafla Bandaríkjamanna í Írak og Afganistan. George W. Bush Bandaríkjaforseti minntist tvö þúsund fallinna hermanna í ræðu í Salt Lake City í fyrrakvöld.

Eftir því sem fleiri hermenn falla í Austurlöndum vex andstaðan við hernaðinn í Bandaríkjunum. Í ræðu sinni á landsráðstefnu fyrrverandi hermanna í Salt Lake City í Utah á mánudagskvöldið lofaði Bush þær fórnir sem tvö þúsund hermenn í Írak og Afganistan hafa fært með lífi sínu. Hann ítrekaði aftur á móti að herir landsins yrðu ekki kallaðir heim frá þessum

löndum þrátt fyrir vaxandi þrýsting. „Þeir eiga það inni hjá okkur að við ljúkum við það verkefni sem þeir gáfu líf sitt fyrir.“

Bush minntist ekki á Cindy Sheehan, móður bandaríksk hermanns sem féll í Írak, en hún tjaldaði fyrir utan búgarð forsetans og heimitaði að fá að hitta hann. Stuðningsmenn Sheehan héldu fund í Salt Lake City á sama tíma og Bush ávarpaði hermennina en þeir létu sér fátt um finnst um orð hans. „Það særir mig að heyra að fleira fólk verði að deyja þar sem þegar eru margir látnir,“ sagði Celeste Zappala frá Fíladelfíu, en sonur hennar féll einnig í Írak. —shg



Á RÁÐSTEFNU FYRRVERANDI HERMANNA Sjaldgæft er að forsetinn tiltaki sérstaklega hversu margir Bandaríkjamenn hafi fallið í átökum enda er það viðkvæmt pólitískt al.

Bannað að spyrja um arfgenga sjúkdóma

Persónuvernd telur að samkvæmt nýjum váttryggingalögum verði tryggingafélögum bannað að óska eftir upplýsingum um arfgenga sjúkdóma. Tryggingafélögin segja iðgjöld munu hækka. Tryggingamiðstöðin íhugar málaferli.

TRYGGINGAR Tryggingafélögum verður óheimilt, frá og með næstu áramótum, að óska eftir upplýsingum um arfgenga sjúkdóma foreldra og systkina þeirra sem sækjast eftir líf- og sjúkdómatryggingum. Þetta kemur fram í niðurstöðu Persónuverndar um öryggi vinnslu hjá tryggingafélögum sem unnin var vegna nýrra laga um váttryggingasamninga sem taka gildi 1. janúar.

Niðurstaða barst tryggingafélögunum í síðustu viku og er enn verið að skoða hvaða áhrif þetta mun hafa á líf- og sjúkdómatryggingar. Þorvarður Sæmundsson, framkvæmdastjóri Lífis, segir að ef þetta verði niðurstaðan muni þeir aðilar sem ekki hafa fjölskyldusögu hugsanlega þurfa að borga hærri iðgjald. „Áhættumatið verður ekki eins nákvæmt og ella og áhættan dreifist því víðar.“ Þorvarður segir að farið verði eftir tilmælum Persónuverndar. Vegna þessara úrskurðar mun Lífis taka við váttryggingabeidnum þar sem þessum upplýsingum er sleppt.

Einnig er líklegt að iðgjald líf- og sjúkdómatrygginga hjá Tryggingamiðstöðinni muni hækka, að sögn Péturs Péturssonar, upplýsingafulltrúa Tryggingamiðstöðvarinnar. „Í grundvallaratriðum erum við ósamála Persónuvernd og teljum þetta í ósamræmi við váttryggingalög sem taka gildi um næstu áramót. Við munum leita leiða til að fá þessu breytt og munum



HUGSANLEGA TRYGGÐ Persónuvernd segir að tryggingafélög megi ekki spyrja þá sem vilja líf- eða sjúkdómatryggingu hvort foreldrar eða systkini hafi haft arfgenga sjúkdóma.

skoða hvort farin verði dómstóla-leið eða leitað til æðra stjórnvalds.“

Þegar sótt er um líf- eða sjúkdómatryggingu í dag er óskað eftir upplýsingum um heilsufar foreldra og systkina. Meðal annars er spurt um hjarta- eða æðasjúkdóma, geðsjúkdóma, krabbamein og aðra sjúkdóma sem gætu verið arfgengir. Þórður Sveins-

son, lögfræðingur hjá Persónuvernd, segir að leyfilegt verði að afla upplýsinga um heilsufar skyldmenna sem ekki tengjast arfgengum þáttum, sé þess gætt að fá samþykki skyldmennanna. Hins vegar hljóti að vera leitað eftir slíkum upplýsingum til að kanna hættu á arfgengum sjúkdómum, sem verði óleyfilegt.

svanborg@frettabladid.is

Félag leikskólakennara segir öllum frjálst að sækja um:

Eldra fólk velkomið til starfa á leikskólum

LEIKSKÓLAR „Fyrst og fremst er auglýst eftir kennurum til starfa,“ segir Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara. „Ef ekki tekst að fá kennara í öll störf verður hins vegar að ráða leiðbeinendur og ég veit ekki annað en öllum sé frjálst að sækja um þau störf óháð aldri.“

Mikil mannekla hefur orðið til þess að hugmyndum um að ráða eldra fólk til starfa á leikskólum hefur verið velt upp. Össur Skarpheðinsson alþingismaður ritaði grein þess efnis á heimasíðu sína auk þess sem sviðsstjóri Menntasviðs og formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar hafa bæði orðað hugmyndir í þessa veru í fjölmiðlum.

„Aldur skiptir ekki höfuðmáli ef fólk hefur áhuga á því að starfa á leikskólum og hefur þar eitt-hvað til brunns að bera,“ segir



BJÖRG BJARNADÓTTIR Formaður Félags leikskólakennara er þess fullviss að umsóknum allra aldurshópa um störf á leikskólum verði vel tekið.

Björg. „Ég er viss um að umsóknir eru skoðaðar með jákvæðum huga sama hvaða aldurshópur á í hlut, þó að auðvitað sé ekki alveg allra að starfa á leikskólum.“ —ht



STRANDLÍF Fjöldi fólks hefur flatmagað á nýju ströndinni undanfarna daga.

Fjölbreytt strandlíf:

Ný baðströnd á Amager

KAUPMANNAHÖFN Amager strand, ný baðströnd í Kaupmannahöfn, var tekin í notkun um liðna helgi.

Á þessum stað hefur verið baðströnd um langt skeið en stórfelldar endurbætur hafa staðið þar yfir. Gerð hefur verið þriggja kílómetra löng eyja út frá gömlu baðströndinni og á milli strandarinnar og eyjunnar er nú stórt lón. Samanlögð lengd baðstrandarinnar er 4,6 kílómetrar. Framkvæmdir hafa staðið yfir í fjórtán mánuði og kostnaður við þær er um tveir milljarðar íslenskra króna. ■

Hvergi betra verð!

Europris



1149-
GÜMMÍSTÍGVÉL

barna



650- pr. par
BOMSUR

barna st. 24-35

Bomsur dömu / herra 790-



690-

NESTISBOX / FLASKA

Batman / prinsessu



VERÐ ÁÐUR 1290-

790- pr. stk

VINNUSKYRTUR

st. M-XXL



1289-

LEIKGALLI

ófóðraður - barna



2490-

REGNFÖT

barna, 2-10 ára



269-

MJÚKUR SALERNISPAPPÍR

6 í pk.



199-

MAXI SALERNISPAPPÍR - 6 Í PK.

MAXI ELDHÚSRÚLLUR - 3 Í PK.



1490- pr. stk

BAKPOKI

O'neon



499-

GEYMSLUKASSI Á HJÓLUM

40 ltr.



279-

BUBBLE GIRL VÖRUR

mikið úrval

159-

BLÝANTAR - BUBBLE GIRL

12 í pk.



150- pr. par

SOKKAR

barna / dömu / herra



1290-

FERÐATASKA Á HJÓLUM

26"

Ferðataska á hjólum 28" 1790-

Ferðataska á hjólum 30" 2290-

Ferðataska á hjólum 32" 2790-

OPIÐ 11 - 20
ALLA DAGA

- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Selfoss, Austurveg 69

Europris

„ORÐRÉTT“

„Parf ekki að stöðva fólk sem framkvæmir gegndarlaust á kostnað skattborgarans án þess að hafa snefil af bisnissviti?“

ÖGMUNDUR JÓNASSON ÞINGMAÐUR Í MORGUNBLAÐINU.

„Mér hefur alltaf fundist skemmtilegra, ef ég á annað borð er að fara út, að fara á fullu tungli.“

GUNNLAUGUR GUÐMUNDSSON STJÖRNUSPEKINGUR Í FRÉTTABLAÐINU.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? MAGNÚS VER MAGNÚSSON KRAFTAJÖTUNN

Skipuleggur mótahald á sjúkrabeði

„Akkúrat í dag er hálfur mánuður síðan ég var skorinn upp á hné,“ segir Magnús Ver Magnússon, sem legið hefur með fótinn upp í loftið eftir að hann var gerður óvígur í súluglímu á mótinu Austfjarðatröllinu á dögunum. „Ég er nú farinn að fara aðeins um en er enn með fótinn alveg beinan í spelku,“ segir Magnús, sem er léttur í lund þrátt fyrir hrakföllin. Hann hefur nýtt tímann til þess að fara yfir ýmis mál sem setið hafa á hakanum í sumar vegna anna í mótahaldi. Það er að vonum erfitt fyrir karlmenni eins og Magnús Ver að liggja kyrr í lengri tíma. „Þetta er óþolandi,“ segir hann hlæjandi en hann verður með spelku næstu sex vikur og hoppar því um á einni hækju eitthvað áfram. Það er þó ólíklegt að það muni halda aftur af þessum orkubolta sem starfar sem mótskaldari, einkabjálfi og sölumaður öryggiskerfa fyrir Öryggismiðstöð Íslands. Þessa dagana vinnur Magnús að því að setja upp mótið „Sterkasti fatlaði maðurinn“, sem haldið verður á næstunni. Magnús segist síður en svo þreyttur á því að halda mót og keppa á þeim. „Ég væri ekki að þessu ef mér þætti þetta ekki skemmtilegt,“ segir hann og hlær smitandi hlátri. „Ég mun aldrei geta hætt að æfa,“ segir Magnús, sem æfir yfirleitt í þrjá tíma, fimm sinnum í viku, og finnst það skemmtilegasti hluti sportsins.



tilveran nær og fjær



DRAGAHÁTÍÐ Kinverskir Malasiubúar halda uppi skurðgoði og biðja til konungs heljar um gæfu og öryggi. Samkvæmt kinversku dagatali heimsækja draugar og andar jörðina á sjöunda mánuði. Skurðgoði úr pappír eru brennd til þess að andarnir stígi ekki fæti inni á heimilinn.

Forseti Túrkménistan:

Gervisöngur bannaður

Hann hefur bannað ballett og óperu og barist gegn síðu hári og gulltönnum. Nú hefur hinn sérvitri forseti Túrkménistan, Saparmurat Niyazov, sett nýjar reglur sem eiga að útrýma þeim mikla ósið að þykjast syngja með leikinni tónlist.

Það er Niyazov þyrnir í augum að sjá gamla raddlausa söngvara hreyfa varir sínar undir tónlist sem þeir gerðu fræga fyrir löngu síðan. Hann telur það hafa neikvæð áhrif á þróun söngs og tónlistar.

Eftir ákvörðun forsetans er því bannað að þykjast syngja með tónlist á öllum menningarsamkomum, tónleikum, í sjónvarpi og jafnvel í einkasamkvæmum eins og brúðkaupsveislum.

Niyazov hefur verið leiðtogi Túrkménistan í tuttugu ár. Nokkurs konar trúarregla hefur mynd-

ast í kringum persónu hans og er hann víða dýrkaður. Hann hefur á valdatíma sínum sett margar reglur sem á k v a r ð a hegðun samlanda sinna.

Árið 2001 bannaði Niyazov ballett og óperu þar sem hann taldi listformið ekki samræmast hugsunarhætti þjóðarinnar. Á síðasta ári mælti hann eindregið með því að ungt fólk fengi sér ekki gull í tennurnar og hvatti yfirvöld til þess að taka hart á ungum mönnum með skegg og sítt hár.



SAPARMURAT NIYAZOV Forsetinn er á móti ballett, óperu, síðu hári og gulltönnum.

Leiðakort Strætó er hálfkák

Ingi Gunnar Jóhannsson landfræðingur hefur hannað eigið kort af nýju leiðakerfi Strætó. Hann hyggst gefa kortið út sjálfur ef ekki semst við Strætó um samstarf.

„Ég leitaði samstarfs við Strætó fyrir tæpum fjórum árum þegar ljóst var að hanna ætti nýtt leiðakerfi,“ segir Ingi Gunnar Jóhannsson, landfræðingur og kortagerðamaður. Hann hefur í samvinnu við Auglýsingastofu Þórhildar hannað svonefnt huglægt kort af nýja leiðakerfinu en slíkt kort eru mörgum kunn úr leiðakerfum jarðlesta evrópskra stórborga.

Þrátt fyrir ágætar viðtökur hjá Strætó hefur ekki fengist grænt ljós á samstarf um útgáfuna. Ingi Gunnar taldi sig vera á beinni og breiðri braut þegar hugmyndir hans voru notaðar til frumkynningar nýja leiðakerfisins fyrir almenningi í september á síðasta ári.

Nú virðast ljón í veginum og hefur Strætó gefið út annað leiðakort. Það kallar Ingi Gunnar hálfkák sem nýtist strætófarþegum illa.

Munurinn á huglægum kortum og hefðbundnum er sá að ekki er sýnt það eiginlega svæði sem kortið nær yfir, beygjur og réttar fjarlægðir víkja fyrir einfaldleika beinna lína. Lykilatriðið er að nafngreina stoppistöðvar og sýna glögglega hvar leiðir mætast. „Með svona kort í höndunum getur notandinn hoppað upp í vagn og hringsólað um borgina og það án þess að tynast heldur veit

hann þvert á móti alltaf hvar hann er.“

Ingi Gunnar nefnir einnig sem mikilvægan kost huglægra korta að fólk þurfi ekki að kunna sérstök skil á borginni sem ferðast er um. „Með kortið í höndunum og vel merktar stoppistöðvar gengur þetta upp, alveg eins og í París, Róm og Hamborg eða bara hvar sem er. Svona ferðast menn á 21. öldinni og gerðu reyndar líka á þeirri tuttugustu.“

Ingi Gunnar hefur hannað og gefið út huglægt kort fyrir leiðakerfi langferðabíla landsins og er því dreift árlega í sextíu þúsund eintökum til ferðamanna. Útgáfan er kostuð með auglýsingum á kortinu. Hann hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn Strætó um samstarf um útgáfuna en enn er óljóst hvort fyrirtækið komi að verkinu. Það hefur jú gefið út eigið leiðakort, sem Ingi Gunnar ber ekki vel sögunna.

Býst hann við því að kortið komi fyrir sjónir almennings hvort sem Strætó verður með eða ekki? „Ég gef þetta út sjálfur ef Strætó leitar ekki samstarfs. Borgarþúar fá að sjá þetta innan tíðar enda eiga þeir skilið að rata um og njóta þessa frábæra leiðakerfis sem nú er búið að byggja upp. Þannig mun kerfið líka nýtast miklu betur.“

bjorn@frettabladid.is

Sumartilboð í september!

Portúgal
Costa del Sol • Krít
Mallorca

Gríptu tækifærið og bókaðu strax glæsilega gististaði

Úrvals-Útsýnar á frábæru verði í haust.
Lengdu sumarið og njóttu sólar í september!

► **49.900** kr. í viku*

► **59.900** kr. í tvær vikur*

* Netverð á mann, óháð fjölda áfanga- eða gististaða, þó ekki færri en tveir í gistingu.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.



Bókaðu strax á www.urvalutsyn.is

www.urvalutsyn.is



BEIÐ EFTIR STRÆTÓ Ingi Gunnar Jóhannsson segir kort Strætó af nýja leiðakerfinu nýtast farþegum illa.

Samherjamaður gerir það gott:
Eyðun á Bergi setti heimsmet

Færeyski skipstjórinn Eyðun á Bergi setti heimsmet í bætningu trolls á móti sem haldið var á sjómannaþeginum í Færeyjum um síðustu helgi.

Þrátt fyrir að sjórinn hafi verið sóttur af krafti frá Færeyjum undangengnar aldir hafa fær- eyskir sjómenn ekki haldið sér- stakan sjómannaþag líkt og Ís- lendingar, fyrr en nú. Í tilefni dagsins var keppt í fjölmörgum greinum og þar á meðal reyndu menn með sér í að bæta troll. Eyðun, sem stendur í brúnni á Akra-bergi sem Samherji á hlut í, varð hlutskarpastur og vann verk- ið á 7 mínútum og 49 sekúndum. Var hann heilli 21sekúnda á undan

næsta manni, sjómanninum And- or Isaksen.

- bps



VERÐLAUNAHAFARNIR Eyðun á Bergi, nýr heimsmetshafi í bætningu trolls, er fyrir miðju á myndinni.

Fjör á Kili í sumar:
Allir í laugina á Hveravöllum

Fjöldi ferðamanna hefur lagt leið sína á Hveravelli í sumar enda staðurinn einn af vinsælustu ferðamannastöðum landsins. Erla Gunnarsdóttir, framkvæmda- stjóri Hveravallafélagsins, segir allt hafa farið vel fram og ferða- mennina skemmt sér hið besta. „Fólki finnst bæði merkilegt og skemmtilegt að koma hingað eftir að hafa ekið lengi í sandi og grjóti og sjá svo allt í einu svolitinn gróður.“ Laugin á Hveravöllum nýtur meistar eftirtektar og hró- ur hennar hefur farið víða. „Það er greinilegt að margir vita af henni og fólk er varla stigið út úr bílunum þegar það spyr hvar laugin sé,“ segir Erla.



FRÁ HVERAVÖLLUM Þar var níu stiga hiti í gær, skýjað og léttur andvari.

Þótt ferðamenn á Hveravöllum komi alls staðar að úr heiminum koma flestir frá öðrum Evrópu- löndum og í þeim hópi eru Þjóð-

verjar og Frakkar fjölmennastir. Skýjað var á Hveravöllum í gær, níu stiga hiti og léttur and- vari.

- bps



BLÓM Góð skáld ættu varla í erfiðleikum með að koma orðum að fegurð sem þessi í bundnu máli.

Ljóðasamkeppni:

Ort um garða og gróður

Skáld landsins ættu að beina sjón- um sínum að gördum og gróðri á næstunni því Garðyrkjufélag Ís- lands efnir til ljóðasamkeppni til heiðurs gróðri og garðrækt í til- efni af 120 ára afmæli sínu. „Gróður til gagns og gleði“ er yfirskrift samkeppninnar og víst að atvinnuskáld, jafnt sem þeir er hafa gaman að því að setja saman kveðskap í frítíma sínum, ættu að geta fundið sér viðfangsefni til ljóðagerðar innan þessa víðtæka ramma.

Skilafrestur ljóða er til 1. októ- ber og verða úrslitin kynnt á 120 ára afmælisráðstefnu Garðyrkju- félagsins, laugardaginn 8. októ- ber. Viðurkenningar verða veittar fyrir bestu ljóðin auk þess sem þau munu birtast í fréttariti, árs- riti og á vef Garðyrkjufélagsins.

Af sama tilefni er efnt til ljós- myndasamkeppni þar sem gróður og garðmenning á að vera í fyrir- rúmi. Skilafrestur er til 15. sept- ember og verða úrslit kunngjörð á vef Garðyrkjufélagsins gardur- inn.is þar sem einnig má fá nánari upplýsingar um keppnirnar tvær.

- bps



FJÖLDI Margir kynntu sér dagskrá Menningarnætur á vef Reykjavíkurborgar.

reykjavik.is

59.988 heim- sóknir

Aldrei hafa jafn margir heimsótt vef Reykjavíkurborgar, reykja- vik.is, og í síðustu viku. Vefurinn var skoðaður 59.988 sinnum og voru gestirnir 28.532. Eru þessar tíðu heimsóknir á vefinn raktar til Menningarnætur, en dagskrá laugardagsins var að finna á vefn- um.

Eldra metið var frá lok febrúar á þessu ári, þegar Vetrarhátíð borgarinnar stóð sem hæst. Þá voru innlitin um 31 þúsund og notendurnir um 20 þúsund. Gest- um og heimsóknnum hefur því fjölgað umtalsvert.

- bps

Klár í stærðfræði?

Góð í tungumálum?

Flottur í tónfræði?

Ef þú sækir um Námskortið núna fylgir því 20 laga inneign hjá tónlist.is og USB-minnislykill að gjöf frá SPRON

SPRON Námskort –
bankaþjónusta fyrir allar tegundir námsmanna

Nýjung í Námskortinu

- Frítt EGO-kreditkort með 5000 kr. ferðaávisun og 2000 kr. bensíninneign hjá EGO-bensínstöðvunum*
- Tilboð á fartölvum hjá TASK og Hp-búðinni og frí fartölvutrygging
- Frítt Einkalúbbskort
- 25% afsláttur af mánaðaráskrift hjá tonlist.is
- Ekkert árgjald . . .

. . . auk þess fylgja kortinu, námsstyrkir, bókastyrkir, tölvukaupalán, greiðsluþjónusta, ferðalán, frír GSM-banki og heimabanki, bankaábyrgð á LÍN, framfærslulán LÍN í erlendri mynt o.fl.



Coldplay-tónleikar í USA!

Notaðu Námskortid fyrir 10. sept. og taktu þátt í leik á spron.is – þú gætir unnið miða á Coldplay í USA, Ipod með 50 laga inneign á tónlist.is, árskort í bió og margt fleira.



– fyrir allt sem þú ert

*Gildir til 17. september – bensíninneignin verður endurgreidd inn á kortið mánaðamótin september/október



Vnr.65741410

Kaffikanna

**BOSCH kaffikanna,
1000W.**

| **Breiddin-Verslun** opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4200 | **Timburverslun-Breidd** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 sun: 10-17 - Sími: 515 4100 | **Lagnadeild-Breidd** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 515 4040
| **Akranes** opið virka daga: 8-18 laug: 10-16 - Sími: 433 4100 | **Akureyri, Glerártorg** opið virka daga: 8-18³⁰ laug: 10-17 - Sími: 460 4800 | **Akureyri, Furuvöllum** opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 Sími: 460 4860

25%

AF ÖLLUM BOSCH VÖRUM!

AFSLÁTTUR

ERSLUNUM BYKO



Vnr.65742135

Straujárn ~~3.490~~ **2.617**

BOSCH straujárn, 1800W.



Vnr.74879901

Skrúfjárn ~~13.250~~ **9.937**

BOSCH rafhlöðuskrúfjárn, 3,6V, lithium rafhlaða, 30 mín., hleðsla.



Vnr.65742313

Ryksuga ~~9.490~~ **7.117**

BOSCH ryksuga, 1500W, BSD2313.



Vnr.74869903

Borvél ~~13.300~~ **9.975**

BOSCH rafhlöðuborvél, PSR, 12V, 2 rafhlöður, bora & bitasett fylgir.



Vnr.65743401

Samloku-grill ~~3.995~~ **2.997**

BOSCH samlokugrill, 700W.



Vnr.65744610

Brauð-rist ~~3.690~~ **2.768**

BOSCH brauðrist, 950W.

BOSCH
veisla




BYGGIR MEÐ ÞÉR

| **Leigumarkaður BYKO** opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4020 | **Hringbraut** opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 562 9400 | **Hafnarfjörður** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 555 4411
| **Reyðarfjörður** opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | **Suðurnes** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 421 7000 | **Selfoss** opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 sun: 12-16 - Sími: 480 4600 |

SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi umferðarslysa

Heimild: UMFERÐARSTOFA



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: EFTIRLITSMYNDAVÉLAR

Hvar má hafa eftirlitsmyndavélar?

Nokkuð hefur verið rætt um eftirlitsmyndavélar en Persónuvernd úrskurðaði á dögunum að notkun falinnar myndavélar í líkamsræktarstöð og innan veggja heimavistar væri óheimil.

Þarf að gera fólki aðvart um eftirlitsmyndavélar?

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þarf að gera fólki hvort sem er á vinnustað eða á almannafæri viðvart ef upptaka á sér stað með myndavél eða með öðrum hætti. Koma þarf fram hver beri ábyrgð á myndavélinni.

Hvað þarf að segja starfsfólki?

Segja þarf starfsfólki hvaða búnaður er notaður við upptökuna, hvers vegna sé

verið að taka upp, hvernig og hvenær myndunum verði eytt og hver geti skoðað þær. Einnig þarf að koma öllum öðrum atriðum sem talin eru nauðsynleg fyrir starfsmennina á framfæri hverju sinni.

Hvað má gera við myndir af ólöglegu athæfi?

Aðeins má safna myndum af ólöglegu athæfi verði þær afhentar lögreglu. Lögreglan þarf hins vegar að gæta að því að fara að öðrum lögum um meðferð þeirra. Ekki má þannig nota myndir af ólöglegu athæfi á neinn annan hátt svo sem til að hengja upp, senda í tölvupósti eða annað þess háttar nema með leyfi Persónuverndar eða þess einstaklings sem á í hlut.



Mun fleiri slys rannsökuð

Ný lög um Rannsóknarnefnd umferðarslysa taka gildi um mánaðamótin. Fimm til sjö sinnum fleiri slys verða rannsökuð á ári.

Með gildistöku nýrra laga um Rannsóknarnefnd umferðarslysa vikkar verkvið nefndarinnar frá því sem verið hefur, en hún hefur starfað frá árinu 1998. Hingað til hefur nefndin rannsakað banaslys í umferðinni, en með nýju lögum kannar hún öll alvarleg umferðarslys. Ágúst Mogensen, forstöðumaður og rannsóknarstjóri nefndarinnar, býst við að aukið umfang kalli á að bæta þurfi við starfsmanni hjá nefndinni fljótlega upp úr áramótum. „Núna er ég í fullu starfi og svo taka nefndarmenn bakvaktir á móti mér ef svo ber undir,“ segir hann.

„Það sem gerist hjá okkur núna 1. september og við vinnum að er að útfæra vinnulag til að uppfylla skilyrði laganna og væntanlegrar reglugerðar um rannsóknir allra alvarlegra umferðarslysa, en með því er átt við banaslys og slys þar sem verða mikil meiðsli,“ segir Ágúst. Útköll nefndarinnar vegna banaslysa hafa hingað til verið 20 til 30 á ári. „Miðað við síðustu tölur sem ég sá hjá Umferðarstofu um mikil meiðsli sýnist mér að í þessum nýja hóp slysa sem sem við rannsökuðum séu á milli 100 og 130 slys á ári, þannig að breytingin er heilmikil.“ Ágúst sagðist gera ráð fyrir að höfð yrði vakt allan sólarhringinn vegna þessara slysa og reynt að búa svo um hnútana að nefndin mætti á vettvang í öllum þessum

slysum. „Helst bara strax, en ef ekki er hægt að koma því fyrir vegna ytri aðstæðna, þá sem fyrst eftir að slys verður.“

Fyrsta alvarlega umferðarslysið sem Rannsóknarnefndin tekur til skoðunar samkvæmt nýrri verkskipan er árekstur strætisvagns og vörubíls í Reykjavík síðasta föstudag, en þar slasaðist vagnstjórinn mjög alvarlega. „Ég fór reyndar ekki á vettvang, en mun óska eftir gögnum um þetta slys,“ segir Ágúst og bætir við að næstu mánuðir fari í að þróa verklag í kringum aukin verkefni. „Koma þarf útkallskerfinu í gott horf og vonandi verður ekkert hikst í því, en ég geri ráð fyrir einhverjum aðlögunartíma hjá öllum.“ Ágúst segir að á næstu mánuðum og vonandi strax á næsta ári verði Rannsóknarnefnd umferðarslysa komin á fullt skrið í að rannsaka öll alvarleg umferðarslys og banaslys í umferðinni. „Og vonandi gefst svo tími til að taka einhver fleiri fyrir,“ segir hann, en nýju lögin heimila nefndinni einnig að taka til skoðunar ákveðna flokka slysa. „Þar gæti verið um að ræða aftanákeysrslur eða önnur slys á stöðum þar sem ytri aðstæður, svo sem ný umferðarmannvirki, kalla á nákvæmari skoðun.“

Rannsóknarnefnd umferðarslysa getur ekki krafist umbóta í kjölfar rannsókna sinna, en gerir þess í stað ábendingar til þeirra sem málin varða.



RANNSÓKNARNEFNDIN Rannsóknarnefnd umferðarslysa fundaði í gær í húskynnum sínum við Flugvallarveg í Reykjavík. Á myndinni eru, frá vinstri: Ágúst Mogensen, Inga Hersteinsdóttir, Jón Baldursson og Ásdís J. Rafnar.

RANNSÓKNARNEFND UMFERÐARSLYSA:

Alþingi samþykkti 10. mars á þessu ári ný lög um Rannsóknarnefnd umferðarslysa, en þau taka gildi nú um mánaðamótin. Nefndin hefur hins vegar starfað frá árinu 1998 samkvæmt ákvæðum í Umferðarlögum, en þau falla úr gildi með nýju lögum. Nefndina skipa: Ágúst Mogensen, forstöðumaður; Ásdís J. Rafnar, hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar; Inga Hersteinsdóttir, verkfræðingur hjá VSI-ráðgjöf; og Jón Baldursson, yfirlæknir slysa- og bráðadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss.

VÍÐTÆK HEIMILD TIL GAGNAÖFLUNAR:

LEITAR EKKI SÖKUDÓLG



ÁSDÍS RAFNAR

Ásdís J. Rafnar hæstaréttarlögmaður, sem skipuð var formaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa í byrjun ársins, segir nefndina hafa unnið gott starf undanfarnar ár. „Í byrjun var hún að marka sig og gerði itrekað athugasemdir um rannsókn lögreglu, en það

hefur unnið nokkuð vel. Auðvitað skiptir máli að gögnin sem nefndin fær séu vel unnin,“ segir hún og bætir við að nýju lögin skerpi á sjálfstæði nefndarinnar. „Nefndin á svo að gefa ábendingar í öryggisátt, en því miður er auðvitað oft um mannleg mistök, hraðakstur og þess háttar þætti að ræða sem sennilega orsök slysa.“ Í lögum kemur jafnframt fram að nefndin skuli ekki leitað við að skipta sök eða ábyrgð og að skýrslur um slys



STRÆTISVAGN SEM LENTI Í ÁREKSTRI FYRIR H slysa samkvæmt útvíkkuðu verkviði í nýjum lögum e strætisvagns og vörubíls í Reykjavík síðasta föstudag.

Ábendingarnar eru svo birtar í skýrslum nefndarinnar. „Skýrsla af þessu tagi telst fullbirt þegar hún er komin á netið,“ segir Ágúst og bætir við að það sé svo hlutaðeigandi stofnana að meta ábendingar nefndarinnar. „Nefndin gæti auðvitað haft rangt fyrir sér, en

skuli ekki notaðar sem sönnunargögn í opinberum málum. „Þegar maður á að vera sjálfstæður, óháður og draga sínar ályktanir er auðvitað ekki þægilegt að starfa undir því að geta verið kallaður til vitnis í dómsmáli,“ segir Ásdís og bætir við að hlutverk nefndarinnar sé í raun að setja slys á svið þannig að skoða megi alla þætti þeirra. Í því augnamiði hefur nefndin víðtækar heimildir í nýju lögum til að kalla eftir gögnum, svo sem sjúkra- eða krufningargögnum, og leita eftir upplýsingum hjá lögreglu, tryggingafélögum, ökuöðnum, vitnum og öðrum sem að málum koma.

- óká

DV

MEINTUR ÖMMU-
RÆNINGI SIGAR
LÖGFRÆÐINGI Á
ÞORSTEIN JOÐ



SEGIST EKKI
HAFA RÆNT
ÁSU ÖMMU

þarir þegar aðrir þegja!

Sólarupprás

Hádegi

Sólarlag

REYKJAVÍK

5.46

13.30

21.12

AKUREYRI

5.23

13.15

21.04

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 24. ágúst, 236. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Hrotur eru svefn sem sleppur út, er það ekki?



© BULLS 769A

Smáauglýsingar

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á [visir.is](#)




FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS **NÁM FERÐIR** MATUR BÍLAR ATVINNA BRÚÐKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

allt

[ferðir o.fl. Heillandi sport í hömrum BLS. 4]



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á [visir.is](#)



Þóra hlakkar mikið til að byrja í skólanum. Hún hefur áður lokið námi í heimildarmyndagerð.

Eins ópraktískt nám og hugsast getur

Þóra Tómasdóttir er að hefja nám í kvikmyndafræði við Háskóla Íslands. Hún sér fram á að vera orðin sérfróð um dans- og söngvamyndir þegar líður að jólum. Að öðru leyti telur hún námið frekar ópraktískt.

„Ég er alveg ógeðslega spennt og hlakka rosalega til. Líður svona eins og sex ára krakka sem er að byrja í skólanum,“ segir sjónvarpskonan Þóra Tómasdóttir, sem ætlar að læra kvikmyndafræði við Háskóla Íslands í vetur.

Kvikmyndafræði er nýtt nám við Háskólann og í fyrstu verður námið einungis byggt upp sem aukagrein. Þóra lætur það ekki trufla sig enda er hún ekki að fiska eftir prófgráðu. „Ég lærði heimildarmyndagerð í Osló og er núna að fara í þetta kvikmyndafræðinám mér til skemmtunar,“ segir Þóra, sem ætlaði sér þó aldrei að fara í Háskóla Íslands. „Mér hefur alltaf þótt þetta frekar

óspennandi skóli og það var aldrei neitt í námskránni sem mér fannst sérlega áhuga-vert. Þess vegna ákvað ég að fara út í nám á sínum tíma. Svo frétti ég af þessu nýja námi í kvikmyndafræðinni og ákvað að slá til.“

Þóra lætur sér ekki nægja að vera í háskóla heldur er hún líka búin að ráða sig í fulla vinnu í vetur. „Það hlýtur að reddast. Ég verð ekki í alveg fullu námi heldur ætla ég að dulla mér svona í þessu. Vel bara það skemmtilegasta og hlakka ekkert smá til að fara í þessi námskeið. Núna í haust er ég til dæmis að fara í fimm eininga áfanga um Hollywood-dans- og söngvamyndir,“ segir Þóra spennt. „Þetta er eiginlega eins ópraktískt nám og hugsast getur og það er einmitt það sem er svo skemmtilegt við það. Þetta á örugglega ekki eftir að nýtast mér á nokkurn hátt. Og þó – maður veit aldrei. Kannski verður einhvern tímann gríðarleg þörf fyrir fólk með sérþekkingu á dans- og söngvamyndum, þá má hafa mig í huga,“ segir Þóra og hlær.

LIGGUR Í LOFTINU

í námi

Landbúnaðarháskóli Íslands leiðir eitt þeirra verkefna sem hlutu styrk úr Leonardo-starfsmenntaáætluninni fyrir árið 2005. Verkefnið nefnist Byggjum brú og hefur það að markmiði að hvetja, virkja og styrkja konur í landbúnaði með nýrri og öflugri aðferð. Samstarfsaðilar hér á landi eru félagið Lifandi landbúnaður og Bændasamtök Íslands. Auk Íslands taka Danmörk, Þýskaland, Slóvakía, Tékkland og Ítalía þátt í verkefninu. Styrkurinn er um 25 milljónir króna.

Nýr símenntunarstjóri hjá Kennaraháskóla Íslands er Ásdís Ólsen. Ásdís er kennari að mennt og með meistaraþróf í upplýsingamiðlun og hefur undan-

farin ár starfað sjálfstætt við dagskrárgerð fyrir útvarp og sjónvarp og að gerð fræðslu- og námsfenis.



Við Verkmenntaskólann á Akureyri er nýr íþrótt- og úti-vistaráfangi í boði ef næg þátt-taka fæst. Hann nefnist Útivist 2 og er tilvalinn fyrir þá sem vilja meira krefjandi göngu-ferðir en boðið er upp á í Útivist 1 og meðal annars er gert ráð fyrir einni helgarferð þar sem gist verður í tjöldum frá föstudegi til laugardags.

nam@frettabladid.is



Innritun í fjarnám á haustönn 2005 fer fram dagana 25. ágúst til 7. september á [www.fa.is](#)

Skólameistari

Heimalærdómur

Notaðu göt í stundaskránni til að læra heima, þó það sé freistandi að nota tímann til að hvíla sig eða sinna áhugamálum. Best er að hafa lokið öllum heimalærdómi yfir daginn og nota kvöldin til annars.



„Námskeiðið bar þann árangur sem ég leitaði eftir og rúmlega það. Svo er það mjög hvetjandi að það er lofað endurgreiðslu ef ekki verður að minnsta kosti tvöföldun á lestrarhraða.“
Björg Eyþórsdóttir, 22. ára nemi.

...næsta námskeið hefst 7. september
Skráning er hafin á www.h.is og í síma 586-9400



38 milljónir ungmenna eru að breyta heiminum

Fyrir ungt fólk sem vill:
Áskorun, ævintýri, vináttu, vera þátttakandi,
ábyrgð til að byggja betri og friðsælli heim.

Viltu taka þátt?

Kíktu á www.skatar.is eða hafðu samband í
síma 5509800 til að fá frekari upplýsingar.

BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Þorlákur segir forvarnir gegn einelti þurfa að teygja sig alls staðar inn í samfélag krakkanna.

Allir starfsmenn vakandi fyrir vandanum

Einelti hefur minnkað í grunn-skólum landsins með tilkomu svokallaðs Olweusar-verkefnis. Þorlákur H. Helgason, framkvæmdastjóri verkefnisins, segir árangurinn góðan þegar allir starfsmenn skólanna séu vakandi fyrir vandanum.

„Barn var að koma í nýjan skóla og þar vissi starfsfólkið ekki að það hefði lent í einelti áður. Í ljós kom eftir nokkra daga að eitt-hvað var að og nemandinn var hættur að skila sér í skólann. Þá var hann kallaður með foreldri í viðtal klukkan átta að morgni og fenginn til að segja frá. Meintir gerendur voru margir. Það var kallað á þá alla hvern í sínu lagi

og haldnir fundir í hverjum einasta bekk. Sem sagt rætt við alla í skólanum. Síðdegis þennan sama dag var málið komið í réttan farveg samkvæmt eineltis-áætluninni og allir starfsmenn skólans með á nótunum. Svo var fylgst vel með öllum í framhaldinu.“ Þannig lýsir Þorlákur einu dæmi af mörgum um brunn sem var byrgður í tíma.

Olweusar-verkefnið er kennt við háskólaprófessorinn Dan Olweus, sem hrindi því af stað í Noregi. Það fór af stað hér á landi haustið 2002 með þátttöku 45 skóla. Haustið 2004 bættust 30 skólar í hópinn. „Kannanir sýna að verkefnið skilar góðum árangri,“ segir Þorlákur og þakkar það vitundarvakningu meðal skólafólks og foreldra. Hann

getur þess líka að þeir skólar sem tekið höfðu þátt í Olweusi frá upphafi hafi náð að halda betur utan um þá nemendur sem stóðu höllum fæti að loknu langa verkfallinu í fyrrihaust en áður. „Þeir komu standandi niður ef þannig má taka til orða,“ segir hann og bætir við að haustið 2006 sé stefnt að því að tveir þriðju grunnskólanna verði orðnir þátttakendur. „Einelti á sér stað alls staðar og þess vegna leggjum við líka áherslu á að starfsfólk félagsmiðstöðva, íþróttahúsa og sundlauga taki þátt í verkefninu. Prestarnir eru sums staðar komnir inn í samstarfið, enda eru þeir með fermingarhópana. Þannig teygja forvarnirnar sig alls staðar inn í samfélag krakkanna,“ segir Þorlákur.

gun@frettabladid.is

Gleraugnaverslunin SjónarhÓll



stærri verslun
meira úrval
frábær tilboð

Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði S.565-5970
www.sjonarholl.is

Píanóskóli Þorsteins Gauta

Ármúla 38 - gengið inn frá Selmúla

Píanóskóli Þorsteins Gauta er fluttur í
stærra og betra húsnæði í Ármúla 38 -
gengið inn frá Selmúla

- Píanónám
- Einkatímar
- Námskeið
- Kennum börnum frá 4 ára aldri

Uppl. í sínum 551 6751 og 691 6980
www.pianoskolinn.is -

12 klst. ljósmyndanámskeið fyrir stafrænar myndavélar

MYNDAVÉLIN: Farið er inn á allar helstu stillingar á myndavélinni, þ.a.m. hraði, ljósop, dýptarskerpa, ljósmæling, lýsing, linsur, súmm, ISO, White balance, pixlar, RAW/JPEG

MYNDATAKAN: Myndbyggingarreglur. Myndataka – almennt, landslagsmyndatök, næturmyndatök, norðurljósamyndatök, nærmyndir, portrett. Ýmis góð ráð við myndatöku veitt sem koma að góðum notum.

LJÓSMYNDASTÚDÍÓ: Myndataka - Portrett í Stúdíó. Notkun ljósa í stúdíó, mismunandi lýsing og notkun flasmælis. Sýnt hvernig á að búa til einfalt og ódýrt heima stúdíó.

TÖLVAN: Færa myndir yfir á tölvuna, setja myndir í möppur, koma skipulagi á myndasafnið og skráningu mynda, setja leitarorð á myndir, afrita myndir á milli mappa, skipta um nafn á myndum, snúa myndum við, skoða allar upplýsingar um myndir, setja myndir yfir á geisladisk eða DVD, senda myndir með tölvupósti, prenta út myndir.

PHOTOSHOP: Lagfæra myndir, taka burt atriði úr myndum, kroppa myndir, skipta um bakgrunn, gera myndir svart/hvítar, gera myndir brúntóna, setja lit á hluta af myndum, breyta myndum með effectum, setja ramma utan um myndir, minnka myndir, dekkja og lýsa myndir, auka og minnka kontrast í myndum, vista myndir.

Kennsla er mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl 18:00 - 22:00

Námskeið í september, október og nóvember

Verð kr. 14.900.- Skráning á ljosmyndari.is eða 898-3911. Leiðb. Pálmi Guðmundsson



Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri fer með verkefnisstjórn í einu þeirra verkefna sem hlutu styrk frá Evrópusambandinu.

Stór styrkur frá Evrópusambandinu

Ísland fær rúma milljón evra í verkefnastyrk frá Evrópusambandinu vegna Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlunarinnar.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti á dögunum styrkupp hæðir til þátttöku-landa Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlunarinnar fyrir árið 2005. Áð þessu sinni fékk Ísland rúma milljón evra í sinn hlut, eða um áttatíu milljónir króna, sem er næsthæsta upphæð sem Ísland hefur fengið úthlutað úr áætluninni frá upphafi.

Styrkupp hæðinni verður veitt til þriggja verkefna en alls bær-

ust sjö umsóknir frá Íslandi. Verkefnin sem um ræðir eru tilraunaverkefni, þar sem samstarf þriggja eða fleiri Evrópuríkja á sér stað. Verkefnin miða að því að þróa nýjar aðferðir og leiðir til að stuðla að auknum gæðum og fjölbreytni í starfsmenntun og starfsþjálfun og auka færni og þekkingu starfsmanna. Verkefnin sem hljóta styrk eru:

*Building Bridges: Menntun kvenna í landbúnaði og stofnun tengsla- og þekkingarnets milli landsbyggðar og þéttbýlis, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.

*The Value of Work: Þróun aðferða við mat á raunfærni, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

*Business Community Model:

Þróun námsefnis í rafrænum viðskiptum fyrir starfsfólk fyrirtækja, Verslunarmannafélag Reykjavíkur.

Leonardo da Vinci-starfsmenntaáætlun ESB var hrundið af stað árið 1995 og hefur Ísland verið þátttakandi frá upphafi. Áætluninni er ætlað að ýta undir ný viðhorf í stefnumótun Evrópulanda og geta af sér nýjungar í starfsmenntun, jafnt fyrir atvinnulíf og menntakerfi.

Næsti umsóknarfrestur um styrki úr áætluninni er 30. september næstkomandi. Nánari upplýsingar um áætlunina er að finna á heimasíðu Landsskrifstofu Leonardós: www.leonardo.is. ■

birta

Fjarnám með áherslu á starfstengt nám

Byggingagreinar

Efnisfræði, grunnteikning, framkvæmdir og vinnuvernd.

Grunnnám rafiðna

Rafmagnsfræði, efnisfræði og rafeindatækni.

Rafvirkjabraut

Lýsingatækni, rafmagnsfræði, reglugerðir, raflagnateikning, stýringar.

Rafeindavirkjun

Allar greinar á 3. og 4. önn.

Tækniteiknun

Grunnteikning, húsateikning, innréttingateikning, raflagnateikning, vélateikning og AutoCad.

Tölvubraut

Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð, netstýrikerfi.

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

Allar greinar í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar.

Meistaraskóli

Allar stjórnunar- og rekstrargreinar.



ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Traust menntun í framsæknum skóla

Viljum gera góða skóla betri

STARFSFÓLK GRUNNSKÓLANNA Í LANDINU BÝÐST AÐ TAKA HEILSDAGSNÁMSKEIÐ Í ALMENNRI SKYNDIHJÁL OG SÁLÆNUM STUÐNINGI.

„Við höldum fyrsta námskeiðið í Grundaskóla á Akranesi sem hefur verið í samstarfi við okkur um að koma þessu námsefni á köppinn,“ segir Gunnhildur Sveinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum er stendur fyrir námskeiðinu. Hún segir það ætlað öllu starfsfólki innan grunnskóla-anna og segir starfsfólk Rauða krossins

tilbúið að fara með það um allt land og í alla skóla ef áhugi sé fyrir hendi. Hún bendir á að skólarnir séu mjög stórir vinnustaðir og börnin verji stórum hluta síns dags þar. „Vissulega getur komið margt upp á í skólum og við hugum að forvörnum og því hvernig skólinn geti undirbúið sig sem best undir slys eða áföll og reynum að æfa viðbrögð við slíkum hremmingum. Við erum ekki að halda því fram að skólarnir hafi staðið sig illa í forvörnum eða skyndihjál heldur viljum gera góða skóla betri,“ segir Gunnhildur.



Frá námskeiðinu í Grundaskóla á Akranesi.



FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM



Ævintýri á lausu - nokkur pláss laus vegna forfalla

www.mk.is

Flugþjónustunám

Undirbúningsnám fyrir þá sem vilja starfa í farþegarými flugvéla.

Námið er ein önn, 14 vikur, og hefst í september. Kennnt er síðdegis mán.- fim. og frá hádegi föstudaga. Verð: 105 þúsund

Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri, vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám og hafa gott vald á tveimur tungumálum.

Starfstengt ferðafræðinám

Hagnýtt nám fyrir þá sem vilja starfa í ferðaþjónustufyrirtækjum.

Námið skiptist í bóklegt nám í tvær annir og þriggja mánaða starfsþjálfun hjá ferðaþjónustufyrirtæki. Kennnt er síðdegis mán.- fim. Verð: 176.000 (Lánshæft hjá LÍN)

Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri, vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám og hafa gott vald á tveimur tungumálum.

Kennsla hefst 29. ágúst

Menntaskólinn í Kópavogi við Digranesveg | sími: 594 4020 | fsk@mk.is



Ferðamálastólinn í Kópavogi



Anna Richards ætlar að kenna skemmtilegt námskeið sem byggir á afródansi, sjósundi og gufuböðum.

Eitthvað fyrir alla

NÁMSKEIÐ Í AFRÓDANSI, TÁKNMÁLI OG ÁKVARÐANATÖKU ERU MEÐAL ÞESS SEM BOÐIÐ ER UPP Á HJÁ SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐ EYJAFJARÐAR.

SÍMEY, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, stendur í vetur fyrir alls konar námskeiðum fyrir fólk á Eyjafjarðarsvæðinu. Námskeiðin eru af ýmsum toga og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Hvort sem ætlunin er að bæta við þekkingu sína og hæfni í starfi eða bara að læra eitthvað fyrir sjálfan sig eins og til dæmis ljósmyndun eða gítarglamur.

Meðal námskeiða sem boðið er upp á eru námskeið sem snúa að rekstri og stjórnun fyrirtækja. Þá verður boðið upp á fjölbreytt tungumálanámskeið og ýmiss konar starfsmenntun fyrir starfsmenn fyrirtækja.

SÍMEY stuðlar að því að einstaklingar á Eyjafjarðarsvæðinu hafi aðgang að hagnýtri þekkingu á öllum skólastigum og eitt helsta hlutverk miðstöðvarinnar er að auka samstarf atvinnulífs og skóla.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um námskeið vetrarins á heimasíðu SÍMEY: www.simey.is.

Maður hættir aldrei að læra í dansi

Dansskóli Sigurðar Hákonarsonar er einn rötgrónasti dansskóli landsins og býður upp á fjölbreytta danskennslu fyrir fólk á öllum aldri.

„Það nýjasta í dag er að börn á aldrinum sex til tólf ára sem eiga lögheimili í Kópavogi fá niðurgreidd skólagjöld í íþróttaiðkun, og þar á meðal dansi. Niðurgreiðslan nemur tíu þúsund krónum á ári og kemur út sem hreinn og beinn afsláttur fyrir börnin þegar þau ganga frá kennslugjöldunum. Vonandi verður þetta til þess að krakkar fari meira í dans. Dansinn er kominn mikið inn í grunnskólana í dag en margir skrá sig í dansinn fyrir utan skóla enda er dansinn líka keppnisíþrótt ef fólk vill það,“ segir Edgar K. Gapunay, skólastjóri dansskólans.

„Í haust bjóðum við upp á freestyle jazzballettnámskeið fyrir níu til tíu ára og upp úr. Við bjóðum líka upp á almenna samkvæmisdansa, bæði standard dansa og suður-ameríska dansa, línudans og einnig salsa og mambó. Við erum með mjög alhliða kennslu og auglýsum eiginlega hvað sem hægt er að auglýsa. Hver veit nema ballett og nútímadans bætist einhvern tímann við,“ segir Edgar sem er búinn að dansa í 25 ár.

„Það er alltaf gaman að læra eitthvað nýtt og að læra að hreyfa sig í takt við eitthvað. Í dansi svo sem gerist ekki alltaf eitthvað nýtt en það eru til endalaus spor sem fólk getur lært þó það hafi verið í dansi í fjölmörg ár. Maður getur aldrei hætt að læra í dansi því maður getur alltaf lært ný spor,“ segir Edgar og segir dansskólann vera rötgróinn skóla með nútímaívaði.



Edgar tók við dansskólanum í maí á síðasta ári en hefur verið að dansa síðan hann man eftir sér.



Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Kvöldskóli FB

Félagsgreinar - Íslenska - Sagnfræði
Listir - Handíðir - Snyrtifræði
Rafiðnir - Raungreinar - Stærðfræði
Sjúkraliðagreinar - Tréiðnir - Tungumál
Tölvugreinar - Viðskiptafræði

Netinnritun á www.fb.is

Innritun í FB 25. ágúst frá kl. 17:00 til 19:00

135 spennandi áfangar í boði

Kennsla hefst 29. ágúst

www.fb.is



Séra Magnús segir Alfa-námskeiðin, sem eru bresk að uppruna, hafa breiðst út um allan hinn kristna heim.

Allir leggja fram sinn skerf

Alfanámskeið njóta sívaxandi vinsælda um veröld alla, meðal annars hér á landi. Þau fjalla um tilgang lífsins út frá kristilegu sjónarhorni.

„Uppbygging Alfa-námskeiðanna hefur slegið í gegn og alls hafa hátt í 50 kirkjur og söfnuðir haldið slík námskeið hér á landi einu sinni eða oftar,“ segir séra Magnús Björn Björnsson, formaður Alfa á Íslandi, og lýsir fyrirkomulaginu nánar. „Námskeiðshópurinn hittist einu sinni í viku í tíu skipti. Það er byrjað á því að borða saman og spjalla um heima og geima. Síðan er vandaður fyrirlestur um eitthvert tiltekið efni. Eftir það er skipt í umræðuhópa þar sem hver og einn ræðir málín út frá sínum bæjardyrum. Allt tekur þetta um þrjár klukkustundir, yfirleitt byrjað klukkan sjö að kvöldi og endað stundvíslega klukkan tíu. „Það eru grunngildin sem við byggjum líf okkar á og erum að velta fyrir okkur,“ segir Magnús og nefnir umbeðinn



Allir hafa eitthvað til málanna að leggja.

nokkrar spurningar sem velt hefur verið upp, svo sem: Hver var Jesús? Hvernig varð biblían til? Hvernig leiðbeinir Guð okkur? Hver er heilagur andi og hvað gerir hann? Læknar Guð nú á dögum? og Hvað með eilífðina?

„Þarna er fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins að ræða saman á jafnréttisgrundvelli. Fólk með ýmsar trúar- og lífsskoðanir, jafnvel vantrúað og trúlaust. Allir leggja fram sinn skerf og það gerir þetta samfélag svona dýrmætt og spennandi,“ segir séra Magnús og bendir þeim sem áhuga hafa á heimasíðuna alfa.is.

Hjólreiðar

Þeir sem ferðast um landið á þessum árstíma ættu að huga að því að hafa ljós á hjólinu. Farið er að dimma á kvöldin auk þess sem erfitt getur verið að sjá hjólreiðamann í rigningu. Ekki er verra að klæðast fatnaði í sterkum litum og með endurskini.



Heillandi sport í hömrunum

Sportklettaklifur er nýleg íþróttagrein á Íslandi. Henni vex samt óðum fiskur um hrygg.


„Fólk er farið að kunna að meta ýmiss konar útivistarsport meira en áður. Eitt af því er klettaklifur. Þeim fer stöðugt fjölgandi sem iðka það,“ segir Ívar Freyr Finn-bogason, sem kennir klifur á veg-um Íslenskra fjallaleiðsögumanna. Blaðamaður Fréttablaðsins hitti hann austur í Öræfum þar sem góð aðstaða er til þess að stunda þetta sport í gömlum sjávarhömrum. Þennan dag voru nokkrar fjöl-skyldur á svæðinu enda var þetta um helgi og veður gott. Kjóinnn heyrðist væla skammt frá, ábúinn að vernda hreiður sitt en maríu-erlan flögraði um og tísti fjörlega. „Við setjum upp helgarnámskeið sem miðast við að fólk geti klifrað á svæðum þar sem murboltar eru fyrir. Slíkt námskeið dugar ekki þeim sem ætla að klifra á svæðum þar sem menn þurfa að tryggja sig sjálfir.“ Ívar segir klettaklifur hættulitla íþrótt. „Auðvitað er hægt að gera mistök en þegar menn kunna orðið réttu handtökin þá er þetta mjög hættulítið sport.“ Hann segir misjafnt hvernig fólki gangi að læra þessi handtök og það fari mest eftir áhuga og ástundun.



Guðný Guðmundsdóttir er óvön klettaklifri en ætlar samt að prófa. Eiginmaður hennar Hersir Sigurgeirsson sér um að festingarnar séu í lagi.

Klettaklifur er líka ódýrt, að sögn Ívars Freys. Grunnbúnaðurinn kostar kannski 15-20 þúsund kall á haus. Þetta eru skór, hjálmar, belti, lína, tvistar til að tengja línuna við bergið og svo tryggingartöl. „Aðal-kostnaðurinn er í bensíni því það er nokkuð langt að keyra í Öræfin úr borginni. Það eru nokkur minni svæði nær, til dæmis í Eilífsdal í norðanverðri Esjunni. En góð klífursvæði eru ekki á hverju strái á Íslandi.

gun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐID/GUN



Ívar Freyr og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson fylgjast vel með Guðnýju, leiðbeina henni og hvetja hana áfram.



„Nú er bara að rétta úr sér. Það var lagið.“ Guðný er bæði ánægð og þreytt eftir að hafa sigrað hamarinn.



Hvaðan kom kerlingin í Kerlingarfjöllin?

Örnefnin í bílinn

ÞEKKING Á ÖRNEFNUM GEFUR LANDINU NÝJA VÍDD SEM OG AÐ VITA HVADAN ÞAU ERU KOMIN.

Fátt er skemmtilegra en að ferðast um landið og slá um sig með bæj-arnafnaþekkingu. Hægt er að undirbúa sig vel og á aðgengilegan hátt með því að kynna sér kort áður en lagt er af stað. Einnig er gott að glugga í bæjatal Örnefna-stofnunar sem hægt er að finna á vefsvæðinu ornefni.is. Þar er leitað að bæjarnöfnum eftir sveitarfélög-um og sýslum og birtist það á al-gengu formi sem auðvelt er að prenta út og hafa með sér. Á vefnum ornefni.is er einnig að finna nokkuð ítarlega skýringu á ýmsum örnefnum undir tenglinum örnefni mánaðarins. Fyrir ágústmán-uð varð örnefnið Skjálgr fyrir valinu, en Skjálgr er meðal annars þekkt sem bæjarnafn í Kolbeinsstaða-hreppi og kemur einnig fyrir í á að minnsta kosti einum öðrum stað á landinu sem örnefni, það er í Eyja-firði. Umfjöllun um fjölda annarra örnefna er þar að finna og öruggt að hægt er að slá um sig með örnefni mánaðarins í vasanum.



VEIÐISUMARIÐ með Stefáni Jóni Hafstein

VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

Elliðavatnsgúrú!

Við hjá Flugufréttum á flugur.is eigum marga kunningja án þess að þekkja þá endilega í sjón. Þannig kom í ljós að náungi sem stóð úti í Elliðavatni einn morguninn er tíður gestur á flugur.is og gaf sig fram við mig til að ræða málin, þótt hann væri að kasta fyrir sex laxa sem hann taldi sig hafa staðsett í vatninu! Kappinn hefur stundað vatnið lengi, en aldrei fengið neitt fyrr en í fyrra. „Þá fór ég loksins inn í einn fisk, skoðaði flugu og hnýtti samkvæmt því. Og er búinn að taka sex hundruð fiska í fyrrasumar og sumar!“ Hann sýndi einföldustu útgáfu af lirfu sem hægt er að ímynda sér: Svartur tvinni vafinn á öngulinn, látinn þykkna fram í eins konar vænghús svo framhlutinn verður bústinn, og hringvafinn grannur koparvirkur fram. Ekkert meir! Annar lunkinn veiðimaður Garðar Scheving veiddi í Norð-fjarðará fyrir skemmstu og sagði að fiskurinn væri óvenju vænn þetta sumarið. Hann fékk að visu bara níu bleikjur í ferðinni en hefur, þegar best hefur látið, náð yfir 100 bleikjur á ferðum sínum austur. Það gladdi hann mjög að hann náði þremur góðum bleikjum á þurrfluguna White Wing í einmitt sama hylnum og hann reyndi hana fyrst fyrir nokkrum árum. Veiðin hefur gengið mjög upp og niður í Hlíðarvatni í Selvogi síðustu vikurnar. Sumir eru heppnir – eða bara svona flinkir – og koma heim með 10-15 bleikjur eftir daginn, á meðan aðrir hreinlega núlla. Þá segja þeir sem til þekkja: Já, bleikjan í Hlíðarvatni er söm við sig – dyntóttari en allt sem dyntótt er! Og meira af silungi: Svartá í Bárðardal tók vel á móti tveimur félögum á dögnum. Tveggja daga ferð gaf rúmlega 20 fiska hver á bilinu 1-5 pund. Mikið tók Mobutu með appel-sínugulum frambúk, en svo tók ‘ann aðrar púpur líka, ekki síst „Pál Óskar“ en það eru allar púpur sem vafðar eru með latexii!! Á sömu slóðum er Laxá í Mývatnssveit, þar var urriðasvæðið fínt í síðustu viku að sögn Hannesar Júlíusar sem var að koma að norðan: Fiskurinn tók jöfnum höndum



straumflugur og alls konar púpur andstreymis. „Pæluvargur“ sagði Hannes um aðstæður, sem þýðir fyrir þá sem ekki þekkja til í Mývatnssveit að flugnagerið var svo þykkt að menn urðu að moka sig (pæla) í gegnum það! Fiskurinn er vel haldinn í þessari flugnaveislu, feitur, stór og sterkur! Heldur lítið hefur verið um að vera á bökkum Hofsár síðustu 4-5 daga og telja menn helst að þar sé veðurblíðunni um að kenna. Veiðin hefur verið mjög góð fram að þessu og voru um 1.190 laxar komnir í bókina í vikunni. Það er 150-200 löxum meira en á sama tíma í fyrra. Sömuveiðis er heildarveiðin í systuránni í Vopnafirði Selá orðin mjög góð. Við fréttum af félögum sem voru þar með fimm stangir í tvo og hálfan dag og fengu saman nær 100 laxa. Og svo gerast undur og stórmerki: Stjórn SVFR var í Norðurá og þá veiddist fyrsti hnúðlax sem vitað er um upp úr ánni! Þetta eru þekktir flökkufiskar, einkum á norðausturhorninu, en núna komnir á kortið í Borgarfirðinum!

Veiðikveðja, Stefán Jón.

Meiri veiðifréttir, heilræði, sögur og myndir í vikulegu fréttabréfi, Flugufréttum, sem sendar eru út frá flugur.is alla föstudaga til fjölda áskrifenda.



AFMÆLISHÁTIÐ Í BÁSUM

30 ára afmæli Útivistar í Básum laugardaginn 27. ágúst 2005.
Dagsferð frá BSÍ brottför kl. 8.30 laugardag.
Helgarferð, brottför frá BSÍ kl. 20.00 föstudag.
Kökuhlaðborð, varðeldur og sannkölluð Útivistargleði FRÍ TJALDSTÆÐI ALLA HELGINA
ÚTIVIST
lagðu henduðir þí með okkur
Laugavegi 17B, sími 562 1000
www.utivist.is



Avis – á þínum vegum
um land allt

UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓNN.



Knarrarvogur 2
104 Reykjavík
Sími 591 4000
www.avis.is

AVIS
Við gerum betur

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Renault Megane Scenic nýskr. 07/99, bsk., ek. 88 þús. km. Verð 770.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan X-Trail Elegance nýskr. 12/03, ssk., ek. 35 þús. km. Verð 2.620.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Range Rover nýskr. 10/98, ssk., ek. 116 þús. km. Verð 2.130.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volkswagen Golf nýskr. 05/00, bsk., ek. 73 þús. km. Verð 850.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Wagon nýskr. 10/00, bsk., ek. 77 þús. km. Verð 1.230.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.6GL nýskr. 09/03, bsk., ek. 23 þús. km. Verð 1.440.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Almera Luxury nýskr. 05/01, ssk., ek. 80 þús. km. Verð 980.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opnunartími virka daga:
mánud til föstudaga 9-18
og laugardaga 12-16

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Opel Vectra Elegance nýskr. 01/01, ssk., ek. 97 þús. km. Verð 1.470.000. 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



B2B | Banki til bókhalds



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Ferðaveislur



Það sem ferðahugurinn girnist

Veisluborð sérferða Icelandair glitrar af girnilegri fjölbreytni. Heimssiglingar og sælkerافرerðir, Vetrarhallir Pétursborgar og mannlífð í New York, ein frægasta baðströnd heims og ótal aðrir ómótstæðilegir ferðamöguleikar. Kannaðu úrvalið og veldu þér ferðaveislu.

Þakkargjörðarhátíð í Boston

„Thanksgiving“ með Sólveigu Baldursdóttur, ritstjóra Gestgjafans.

Verð frá 64.900 kr.a

á mann í tvíbýli, 24. - 27. nóvember.

Innifalið: Flug, gisting á Tremont Hotel í 3 nætur, Thanksgiving-kvöldverður á The Rialto Restaurant, staður í eigu Jody Adams sem kom hingað á Food and Fun 2004, íslenskur fararstjóri Sólveig Baldursdóttir, ritstjóri Gestgjafans; 2ja tíma skoðunarferð um Boston með enskum leiðsögumanni, rúta til og frá flugvelli erlendis, rúta frá hóteli til veitingastaðarins og til baka, þjónustugjöld og flugvallarskattar.

Pétursborg

með Pétri Óla Péturssyni.

Verð frá 72.800 kr.

á mann í tvíbýli, 16. - 20. mars 2006.

Innifalið: Flug frá Keflavík til Stokkhólms og þaðan til Helsinki, flug heim frá Pétursborg til Kaupmannahafnar og þaðan heim til Keflavíkur, rútuferðir milli Helsinki og Pétursborgar, gisting í fjórar nætur á Hótel Moskva, morgunverður, íslenskur fararstjóri, flugvallarskattar og þjónustugjöld. Lágmarkspáttaka: 15 manns.

Sigling með Norwegian Cruise Line

frá New York til Bahamas.

Verð frá 139.000 kr.

á mann í tvíbýli, 24. febrúar - 5. mars 2006.

Innifalið: Flug, rúta frá flugvelli á hóteli, gisting í New York í 2 nætur á Hotel Edison á Manhattan. Sigling í 7 nætur með NCL Norwegian Spirit um Karibahafið, káetur með útsýni, allur matur um borð, 4ra tíma skoðunarferð um New York 5. mars og rútuferð út á flugvöll, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

3 dagar í hjarta Beaune bæjar

Sælkerافرerð til Frakklands með Halldóri E. Laxness, leikstjóra.

Verð frá 66.600 kr.

á mann í tvíbýli, 11 - 14. nóvember 2005.

Innifalið: Flug til Parísar, gisting í 3 nætur á Mercure Hotel í Beaune, sælkerakvöldmáltíð þar sem allt er innifalið, vinsmökkun, íslenskur fararstjóri, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis, flugvallarskattar og þjónustugjöld. Lágmarkspáttaka 25 manns og hámarkspáttaka 35.

New York

með Hauki Inga Jónassyni.

Verð frá 74.900 kr.

á manna í tvíbýli, 23. mars - 27. mars 2006.

Innifalið: Flug, gisting í 4 nætur á Edison Hotel, íslenskur fararstjóri, rúta til og frá flugvelli erlendis, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Costa Rica

7 nætur á Costa Rica og 4 nætur í Orlando.

Verð frá 108.800 kr.

á mann í tvíbýli 17. janúar - 28. janúar 2006.

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á Costa Rica og 4 nætur í Orlando, morgunverður á Costa Rica, rúta til og frá flugvelli við komu til Orlando og á Costa Rica, flugvallarskattar og þjónustugjöld. Greiða þarf 28 USD á mann í brottfararskatt á Costa Rica.

Grand Bahamas

Verð frá 133.300 kr.

á mann í tvíbýli, 24. febrúar - 5. mars 2006.

Innifalið: Flug, gisting í eina nótt á Best Western við flugvöllinn í Baltimore á leiðinni út, rútur til/frá hótelum erlendis, gisting með morgunverði í 7 nætur í svitum á Pelican Bay á Grand Bahamas, inneign á Ferry House, veitingastaðinn sem Völundur Völundarson, kokkur, rekur; flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Nú getur þú notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.



Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is



Veltuauking í dagvöru áttföld á við ESB

Átta sinnum meiri vöxtur varð í veltu dagvöruverslunar á Íslandi en að meðaltali í ESB-löndunum frá maí 2004 til maí 2005. Þetta kemur fram í Fréttapósti Samtaka verslunar og þjónustu.

Vöxturinn hér á landi var þrettán prósent á föstu verðlagi samanborið við 1,6 prósent í ESB-löndunum. Í Fréttapóstinum segir að þannig hafi Íslendingar auk-ið neyslu í mat og drykk margfalt meira en íbúar ESB-landanna á síðustu mánuðum. Velta í dagvöruverslun hér á landi hafi verið 14,3 prósent meiri í júní síðastliðinni en í sama mánuði árið 2004 og því talið líklegt að forskotið í neysluaukningu Íslendinga samanborið við ESB-löndin haldi áfram að aukast. - dh



ÍSLENDINGAR DUGLEGIR AÐ VERSLA. Neysla á mat og drykk eykst mikið.

Mælt með kaupum í SÍF

Greiningardeild Íslandsbanka verðmetur félagið tíu prósentum yfir markaðsvirði.

Greiningardeild Íslandsbanka hefur gert nýtt verðmat á SÍF og mælir með kaupum í félaginu. Ráðgjöfin er til skemmri tíma, eða næstu þriggja til sex mánaða, en til lengri tíma er mælt með því að fjárfestar markaðsvegi bréfin í vel dreifðum eignasöfnunum sem taka mið af íslenska markaðinum.

Gengi SÍF var um miðjan dag í gær 4,85 krónur á hlut og var 4,8 krónur á hlut í síðustu viku, þannig að verðmat Íslandsbanka

hefur ekki orðið til þess að hækka gengi félagsins mikið.

Greiningardeild Íslandsbanka telur að SÍF sé 399 milljóna evra virði eða rúmlega 31 milljarðs virði. Verðmatið jafngildir verðmatsgenginu 5,3 sem er um tíu prósentum hærra en gengi félagsins á markaði. Síðasta verðmat Íslandsbanka á SÍF var unnið í janúar 2005 og fékkst þá út verðmatsgengið 5,1. Síðan þá hefur félagið þróast áfram og meðal annars selt frá sér nokkrar



HÖFUÐSTÖÐVAR SÍF Fyrirtækið er rúmlega 30 milljarða virði að mati greiningardeilda Íslandsbanka.

rekstrareiningar sem ekki tengjast kjarnastarfsemi. - dh

200 prósent dagshækkun

CTT Systems, sem er skráð á O-lista sænska kauphallarinnar, hækkaði hvorki meira né minna en um 160 prósent í gær eftir að félagið landaði feittum samningi við Boeing-verksmiðjunnar. Fyrirtækið hefur samið við flugvélaframleiðandann um að framleiða

afisunarbúnað fyrir nýja módelið B787.

„Við tvöföldum veltuna frá og með árinu 2007,“ segir Torbjörn Johansson, forstjóri CTT Systems.

Félagið hefur þrefaldast frá áramótum. - epa

Laun fara hækkandi

Laun hækkðu um 0,4 prósent í júlí samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 6,6 prósent.

Samkvæmt greiningardeild Íslandsbanka stafar hækkunin að stærstum hluta af samningsbundnum launahækkunum hjá hinu opinbera, lítið hafi verið um launaskrið á almennum markaði.

Greiningardeildin telur einnig að launaskrið geri vart við sig á næstu mánuðum og að verðbólguþrýstingur í hagkerfinu aukist af þeim sökum. - jsk

KAUPMÁTTUR Laun hækkðu um 0,4 prósent í júlí og hafa hækkað um 6,6 prósent síðastliðna tólf mánuði.



NordicPhotos kaupir myndabanka

NordicPhotos, norrænn myndabanki sem er í meirihlutaeigu Arnalds Johnson, Hreins Ágústssonar, Kjartans Dagbjartssonar og Thors Ólafssonar, hefur fest kaup á sænska myndabankanum Tiafoto og verður rekstur hans sameinaður starfsemi NordicPhotos í Svíþjóð. Kaupverð fékkst ekki upp gefið.

NordicPhotos var stofnað árið 2000 og er



ARNALDUR JOHNSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI NORDICPHOTOS NordicPhotos hefur fest kaup á sænska myndabankanum Tiafoto.

einn stærsti ljósmyndabanki á Norður-löndunum með fimm milljónir ljósmynda í safni sínu frá yfir fimm hundruð ljósmyndurum. Fyrirtækið er með skrifstofur á Íslandi og í Svíþjóð auk þess að vera með umboðsaðila víða um heim.

Tiafoto er þriðji myndabankinn sem NordicPhotos kaupir í Svíþjóð á tveimur árum. - jsk

Sushi-framleiðslu hætt á Ísafirði

Sindraberg er gjaldþrota. Nýsköpunarsjóður, Byggðastofnun og Ísafjarðarbær tapa framlögum sínum.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Sindraberg, sem hefur framleitt frosna sushi-rétti á Ísafirði, er gjaldþrota. Skuldir fyrirtækisins eru ríflega hundrað milljónir króna, að sögn Elíasar Jónatanssonar framkvæmdastjóra. Á móti skuldunum komi svo eignir í formi birgða og fleira.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á tæp þrjátíu prósent í Sindrabergi, Byggðastofnun 21 prósent og Hvetjandi ehf., sem er að mestu í eigu Ísafjarðarbæjar, 26 prósent. Elías segir stærsta kröfuhafann vera Byggðastofnun, sem seldi Sindrabergi húsnæði undir framleiðsluna.

Elías segir Sindraberg hafa verið nýsköpunarfyrirtæki sem stofnað var árið 1999. Helsti markaður fyrirtækisins var sala á sushi til veitingahúsa og neytenda í Þýskalandi. Bretlandsmarkaður reyndist erfiður og innanlandsmarkaður lítill. Reksturinn snerist til betri vegar í fyrri en gengisþróun það sem af er ári kom hart niður á rekstraráætlunum. Samkeppnin ytra jókst, bæði frá Asíu og öðrum Evrópulöndum, og ekki var svigrúm til að lækka verð til að mæta henni.



SUSHI TIL ÞÝSKALANDS Sindraberg flutti mest af sinni framleiðslu til veitingahúsa í Þýskalandi.

„Við stóðum frammi fyrir því að geta ekki rekið fyrirtækið áfram nema nýtt hlutafé kæmi til eða meira lánsfé. Menn voru einfaldlega ekki tilbúnir að leggja meira fé í fyrirtækið,“ segir Elías.

Um tuttugu manns unnu hjá fyrirtækinu í fimmtán stöðugildum, að sögn framkvæmdastjórans.

Neytendur mótmæla kvóta

Evrópusamtök neytenda mótmæla harðlega að kvóti hafi verið settur á innflutning vefnaðarvara og segja það stríða gegn frjálsri verslun.

Evrópusamtök neytenda (BEUC) hafa sent frá sér fréttatilkynningu og opið bréf til Peters Mandelson, framkvæmdastjóra viðskiptamála hjá Evrópusambandinu, þar sem kvóta á vefnaðarvöru er harðlega mótmælt. Íslensku neytendasamtökin eru

eitt aðildarfélag BEUC.

Evrópusambandið hefur árum saman reynt að takmarka innflutning á vefnaðarvöru. Nú síðast voru hömlur á innflutningi frá Kína auknar með þeim rökum að innflutningurinn truflaði eðlilegan framgang markaðarins.

Í bréfinu er Mandelson hvattur til þess að falla frá kvóta á vefnaðarvörur sem fluttar eru inn til landa Evrópusambandsins. Kvótarnir eru sagðir stríða gegn hugmyndum um frjálsa verslun auk þess sem hagsmunir neytenda bíði skaða. - jsk

spron
VERÐBRÉF

- Verðbréfasjóðir
- Verðbréfaþjónusta
- Eignastýring
- Lífeyrir
- Fjármálaráðgjöf

– leið til árangurs



SONY

Hugsaðu stórt!



KEP42M1SI
42" Sony Plasma sjónvarp
299.950 krónur
RDR-GX210S fylgir frítt með.



KLV-30HR3S
30" Sony LCD sjónvarp
199.950 krónur
RDR-GX210S fylgir frítt með.

**Fáðu þér vegg sjónvarp
og DVD upptökutæki fylgir!**



Fylgir með!
DVD upptökutæki
44.950 kr.

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

ÚTRÁSARVÍSITALA					
115,84 -0,78%					
Fyrirtæki	Land	Gengi	Gjaldmiðill	(Gengi gjaldmiðils)	Breyting
BTC	Búlgaría	10,82	Lev	39,78	-7,95%
Carnegie	Svíþjóð	89,50	SEK	8,32	-4,00%
Cherryföretag	Svíþjóð	28,60	SEK	8,32	-1,51%
deCode	Bandaríkin	9,99	USD	63,97	-2,86%
EasyJet	Bretland	3,00	Pund	114,91	0,71%
Finnair	Finnland	9,26	EUR	77,93	22,86%
French Connection	Bretland	2,44	Pund	114,91	-3,65%
Intrum Justitia	Svíþjóð	64,00	SEK	8,32	10,20%
Keops	Danmörk	15,10	DKR	10,45	7,71%
Low & Bonar	Bretland	1,15	Pund	114,91	1,38%
NWF	Bretland	5,47	Pund	114,91	-2,69%
Sampo	Finnland	13,02	EUR	77,93	-1,08%
Saunalahti	Finnland	2,60	EUR	77,93	5,76%
Scribona	Svíþjóð	14,20	SEK	8,32	-1,51%
Skandia	Svíþjóð	42,30	SEK	8,32	-2,77%

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

Innherjasvik húsmóður

Sextíu og þriggja ára gömul króatísk húsmóðir hefur verið ákærð fyrir innherjasvik.

Samkeppnisfyrirvöld í Bandaríkjunum hafa gefið út ákærur á hendur níu mönnum vegna innherjasvika með bréf í bandaríska íþróttavöruframleiðandanum Reebok.

Meðal ákærðu er hin 63 ára gamla króatíska húsmóðir Sonja Anticevic, sem keypti bréf í Reebok daginn áður en tilkynnt var að þýski íþróttarisinn Adidas hygðist yfirtaka fyrirtækið. Anticevic seldi síðan bréfin stuttu síðar og hagnaðist um tæpar 140 milljónir króna.

Samkeppnisfyrirvöld brugðust skjótt við og frystu bankareikning Anticevic daginn eftir að viðskiptin áttu sér stað. Mennirnir átta sem ákærðir eru ásamt Anticevic eru sagðir hafa aðstoðað



ADIDAS-REEBOK Níu manns hafa verið ákærðir fyrir ólögleg innherjaviðskipti með bréf í sportvöruframleiðandanum Reebok. Bréfin voru keypt í nafni króatískrar húsmóður degi áður en Adidas tók Reebok yfir.

hana við svikin: „Það er mjög líklegt að einhver hafi lagt féð til verðbréfakaupanna og notað Anticevic sem skálkaskjól,“ sagði Jon Najarian, verðbréfasali í Chicago.

Anticevic neitar að hafa keypt bréfin í Reebok og segist hvorki botna upp né niður í verðbréfa viðskiptum. - jsk

Japönsk hlutabréf hækka

Virði bréfa á japönskum hlutabréfamörkuðum hefur ekki verið meira í rúm fjögur ár. Nikkei-vísitalan stóð við lok viðskipta á mánudag í 12.452, 51 stigum og hækkaði um 1,3 prósent frá því um morguninn.

Erlendir fjárfestar hafa sýnt Japansmarkaði aukinn áhuga undanfarin misseri auk þess sem efnahagshorfur í landinu eru betri en oft áður, þá virðast fjárfestar telja japönsk hlutabréf vanmetin miðað við bréf í Bandaríkjunum og Evrópu.

„Erlendir fjárfestar virðast telja japanskan markað ónýtta



Fréttablaðið/AFP

FJÁRMÁLAHVERFIÐ Í TÓKYÓ Gengi japanskra hlutabréfa hefur ekki verið hærra í rúm fjögur ár. Nikkei-vísitalan hækkaði um 1,3 prósent á mánudag.

auðlind,“ sagði Katshuiko Kodama yfirmaður hlutabréfamála hjá ráðgjafarfyrirtækinu Tokyo Securities. - jsk

Alþjóðabankinn lánar Indverjum

Indverjar hyggjast nota sex hundruð milljarða lán Alþjóðabankans til uppbyggingar í sveitum landsins. 250 milljónir Indverja lifa undir fátæktarmörkum.

Alþjóðabankinn hyggst lána Indverjum tæpa sex hundruð milljarða króna á næstu þremur árum. Féð verður notað til að bæta samgöngur í sveitum landsins og til að auðvelda aðgengi almennings að neysluvatni.

Yfirmaður Alþjóðabankans, Bandaríkjamadurinn Paul Wolfowitz, er þessa dagana á ferð um Indland og segir lánið nauðsynlegt eigi að takast að bæta lífskilyrði þeirra 250 milljón Indverja sem lifa undir fátæktarmörkum.

„Miklar framfarir hafa orðið í Indlandi á undanförunum árum.



Fréttablaðið/AFP

PAUL WOLFOWITZ, YFIRMAÐUR ALÞJÓÐABANKANS Alþjóðabankinn ætlar að lána Indverjum sex hundruð milljarða króna. Fénu verður að mestu varið til uppbyggingar í sveitum landsins.

Wal-Mart að kaupa Carrefour?

Hlutabréf í frönsku smásölukeðjunni Carrefour hækkuðu um rúm tvö prósentustig eftir að upp kom orðrómur um að bandaríska smásöluverisinn Wal-Mart hygðist yfirtaka keðjuna. Talsmenn Carrefour, sem er næststærsta smásölukeðja í heimi á eftir Wal-Mart, neituðu í yfirlýsingu að yfirtaka væri í burðarliðnum: „Það hafa engar viðræður farið fram milli Carrefour og Wal Mart,“ sagði í yfirlýsingunni.

Áður hefur komið upp orðrómur um að til standi að taka yfir Carrefour og hefur nafn bresku stórmarkaðakeðjunnar Tesco heyrst í því samhengi. - jsk



VOLVO S40



VOLVO V50



VOLVO S60



VOLVO V70



VOLVO S80



VOLVO XC70 AWD



VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO V50 FYRIR NOTAGILDID

Volvo V50 er stærðfræðileg snilld, sportlegur og fullur af lífsorku. Hann er sparneytinn og slær keppinautum sínum við fyrir glæsileika, aksturseiginleika og tæknibúnað. Áratuga umhyggja Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar og þörfum hennar kristallast í Volvo V50. Áhersla á markvissa hönnun skutbíla setur Volvo V50 á stall hjá fjölskyldufólki sem leitar að réttu samræmi rýmis og hleðslu, þar sem rétt þyngdardreifing skerðir ekki aksturseiginleika skutbilsins. Veldu sérhannaðan herragarðsbíl frá Volvo: Volvo V50. Þú finnur notagildið sem hann færir þér og þínum í leik og starfi.

Mikill staðalbúnaður einkennir Volvo

Þú færð mikinn staðalbúnað í Volvo V50: WHIPS bakhykksvörn, SIPS hliðarækrestrarvarnarkerfi, stöðugleikastýringu og spólvörn, ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómfletningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphitun sæti, 16" álfelgur og margt fleira.

Þú velur um skemmtilegar vélar í Volvo V50. Hinar geysiðflugu 170 og 220 hestafla vélar mörkuðu tímamót í bílgreininni fyrir nýstárlega hönnun og tæknibúnað. Nú færðu

Volvo V50 með óvenjusprækri 125 hestafla 1,8 lítra vél og enn meiri búnaði en áður. Komdu í Brimborg.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo V50 var tilnefndur sem „Heimsbíll ársins 2005“ og bætist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo V50 og Volvo S40 en Volvo S40 er m.a. bíll ársins á Íslandi. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnbordíð sem ekki átti að vera hægt að framleiða.



WORLD
CAR OF THE
YEAR
AWARDS

GGI ALMANNTENSKIL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



Volvo V50 bensín.
Verð frá 2.545.000 kr.*

Volvo V50 dísil.
Verð frá 2.845.000 kr.*

Trump tollir í tískunni

Donald Trump hefur sett fatalínu á laggirnar. Fötin eru í efri-milliflokki verðs og segir Trump þau stílhrein en um leið klassísk.

Bandaríski auðkýfingurinn Donald Trump hefur sett á laggirnar fatalínu fyrir unga menn á uppleið. Fötin eru í efri-milliflokki verðs og þau má nálgast í betri stórverslunum Bandaríkjanna.

Ekkert er til sparað við framleiðslu Donald J. Trump Signature Collection, eins og fatamerkið heitir fullu nafni, og segir Trump á heimasíðu sinni að til þess að ná árangri verði menn að vera vel til fara: „Donald J. Trump-fötin eru stílhrein en um leið klassísk. Þau eru ofin úr silkíþráði og með gylltri áletrun er gefið til kynna að þar fari örugglega fót frá Trump.“

Jóhann Alfreð Kristinsson er ungur laganemi með annálað skynbragð á struma tískunnar. Jóhann segir fötin frá Trump vera gæðavöru á góðu verði: „Ég var staddur í Bandaríkjunum á dögunum og spjallaði við starfsstúlku í Macy's-stórverslun. Hún sagði Trump-línuna hafa farið ágætlega af stað. Sjálfur er ég feikiánægður með mín föt og vona að íslenskir kaupmenn taki við sér og fari að flytja inn fötin frá Trump.“

Það er þó ekki einungis hægt að fá jakka-föt frá Trump, heldur einnig ýmsa fylgihluti svo sem kaskeiti, bindisnælur og armbandsúr. - jsk



JÓHANN ALFREÐ KRISTINSSON TÍSKUFRÖMUÐUR í fótum frá Donald J. Trump. Ekkert er til sparað við framleiðsluna og gefur nafn Trumps í gylltu lettri til kynna að varan sé ósvikin.

Kínverjar ákærðir í Singapúr

Seðlabanki Singapúr hefur sektað kínverska olíufyrirtækið China Aviation Oil Holding (CAO), um rúmar þrjú hundruð milljónir íslenskra króna fyrir innherjasvik.

CAO, sem er kínverskt ríkisfyrirtæki og stærsti olíubirgir í Kína, rak fyrirtæki undir sama nafni í Singapúr sem varð gjaldþrota í fyrra eftir að hafa tapað

um þrjátíu milljörðum króna á spákaupmennsku.

Fimm yfirmenn Singapúrhluta CAO eru nú fyrir rétti ákærðir fyrir að hafa selt hlutabréf í fyrirtækinu á yfirverði aðeins mánuði áður en það fór í þrot. - jsk

MARINA BAY Í SINGAPÚR Kínverska olíufyrirtækið CAO hefur verið sektað af yfirvöldum í Singapúr fyrir innherjasvik.



SÖGUHORNID

Líf á tunglinu!

25. ágúst árið 1835 birtist í dagblaðinu The New York Sun fyrsta greinin af sex um að líf hefði fundist á tunglinu. Greinarnar voru sagðar skrifaðar af Sir John Herschel, sem var frægasti stjörnufræðingur þess tíma.

Í blaðinu mátti lesa að fundinn hefði verið upp stórkostlegur stjörnuvíkingur sem næði alla leið til tunglsins og að með kíkinum hefðu sést ýmsar furðuverur; geitur, einhyrningar, skottlausir bjórar og síðast en ekki síst leðurblökumenn.

Leðurblökumennirnir, eða Vespirtilio-homo upp á latínu, áttu að hafa byggt stórglæsileg hof og var tunglinu líkt við sólstrandaparadís með úthöfum, palmatrjám og sandströndum.

EKKI var satt orð að finna í greinunum, en talið er að höfundur þeirra hafi í raun verið breski blaðamaðurinn Richard Adams Locke. Locke þessi vildi með skrifunum gera grín að stjörnufræðingum sem gefið höfðu út hverja „vísindalegu rannsóknina“ á fætur annarri um lífið í geimnum.

Einn þessara vísindamanna, Thomas Dick, hafði meira að



TUNGLGANGA Samkvæmt Thomas Dick bjuggu um fjórir milljarðar furðuvera á tunglinu. Á þessari mynd má þó ekki sjá einhyrninga, rófulausa bjóra eða leðurblökumenn en í greinun The New York Sun stóð að ekki væri þverfótað fyrir slíkum skepnum á tunglinu.

segja reiknað út að í alheiminum byggju 21.891.974.404.480 íbúar af öllum stærðum og gerðum, þar af rúmlega fjórir milljarðar á tunglinu.

Einnig er líklegt að Locke hafi viljað auka vinsældir The New York Sun enda tókst honum það heldur betur; blaðið hreinlega rauk út og var lengi upp frá því eitt mest selda dagblað New York-borgar. - jsk



90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!



Öruggur staður til að vera á



STATOIL MALAR GULL Norska olíufyrirtækið Statoil hefur hækkað um 60 prósent frá áramótum. Hátt olíuverð kveikti í norska hlutabréfamarkaðnum snemmsumars og er lítið lát á hækkunum þarlendis.

Stuð í Skandinavíu

Það er glatt á hjalla á norrænum hlutabréfamörkuðum, sem hafa hækkað meira en flestir þeir markaðir sem við erum vön að bera okkur saman við. Danir, Íslendingar og Norðmenn hafa séð tveggja stafa ávöxtun á sínum mörkuðum og útlitið er enn gott að mati **Eggerts Þórs Aðalsteinssonar**.

Árferði á norrænum hlutabréfamörkuðum hefur verið einstaklega gott á þessu ári en allar hlutabréfavisitölurnar á Norðurlöndum hafa hækkað mikið það sem af er ári. Þær skiluðu betri ávöxtun en flestar hlutabréfavisitölur á Vesturlöndum á fyrri hluta ársins en það sama gerðist einnig á fyrri hluta árs 2004.

Efnahagsaðstæður eru góðar, hagvöxtur er víðast hvar mikill og einkaneysla hefur vaxið á árinu. Félög í útrás hafa nýtt sér tækifærið vel á Íslandi en það sama gildir einnig um Norðurlöndin, þar sem fyrirtæki sem líta á heiminn sem sitt starfssvæði hafa notið góðs af uppganginum.

ÚRVALSVÍSITALAN Í FYRSTA SÆTI

Frá áramótum hefur íslenska úrvalsvísitalan, sem mælir verðbreytingu fimmtán helstu félaga, hækkað um 35 prósent en KFX, danska hlutabréfavisitalan, og OBX, sú norska, fylgja í humátt eftir. Danska vísitalan hefur hækkað um 32 prósent en sú norska um 28 prósent. Báðar hafa þær hækkað gríðarlega í sumar og mun meira en sú íslenska.

OMX-vísitalan í Svíþjóð, sem tekur til 30 félaga, hefur hækkað um sautján prósent frá áramótum en HEX í Finnlandi, sem 25 félög mynda, hefur stigið upp um sextán prósent.

NORÐMENN BROSÁ BREITT

Síhækkandi olíuverð hefur virkað eins og vítamínsprautu á norska markaðinn. Félög sem byggja afkomu sína á olíuframleiðslu, olíuleit eða þjónustu tengdri olíuðnaði eru á hraðri uppleið og draga önnur félög með sér. Besta dæmið er Statoil, sem er að 70 prósent hluta í eigu norska ríkisins. Þetta langstærsta fyrirtæki Noregs hefur hækkað um sextíu af hundraði frá áramótum og er markaðsvirði þess um 3.310 milljarðar íslenskra króna.

Hækkun á eignarhlut norska ríkisins í Statoil samsvarar nú þreföldu markaðsvirði KB banka!

Annar orkurisi, Norsk Hydro, hefur einnig hækkað verulega í verði eða um 40 prósent, sem samsvarar 500 milljarða aukningu á markaðsverði. Norska ríkið á um 44 prósent í Hydro.

Yara International, sem framleiðir meðal annars áburð og gas, er þriðjungi hærra að virði en það var um áramótin og hefur hækkað um 90 milljarða að markaðsvirði. Stærsti eigandi þess er norsk ríkissjóðurinn með um 36 prósent hlut.

Einnig hafa fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskeldi, fjármálaþjónustu og hátækni átt góðu gengi að fagna. Fjord Seafood hefur hækkað um 45 prósent frá áramótum og Pan Fish, annað stórt fiskeldisfélag, um þrettán af hundraði. Aker Seafoods, sjávarútvegsrisinn sem Kjell Inge-Røkke fer fyrir, hefur hækkað um 38 prósent frá því að fyrirtækið var skráð í maí síðastliðnum. Opera Software, sem er í eigu Íslendingins Jóns S. von Tetzchner, hefur hækkað um 80 prósent frá áramótum.

DnB Nor, stærsti banki Noregs, hefur hækkað um þrettán prósent og er fjórða verðmætasta félagið í norsku kauphöllinni.

Það kemur ekki á óvart að norska ríkið er stærsti hluthafinn þar.

BAUGUR OG BÓNUSBANKINN

Aðeins fjórtán félög af 182 í dönsku kauphöllinni hafa lækkað það sem af er ári en danski markaðurinn hefur hækkað hratt að undanförmu. Á öðrum ársfjórðungi hækkaði sá danski næstmest á eftir HEX-vísitölunni í Finnlandi.

Fasteignafélagið Keops, sem Baugur Group á um 30 prósent hlut í, er það fyrirtæki sem hækkað hefur mest á árinu, um tæp

280 prósent. Fast á hæla Keops kemur svo eignastýringarfyrirtækið Capinordic með um 250 prósent hækkun. Bonusbanken er í þriðja sætinu með 170 prósent.

Fyrirtæki af öllum toga hafa hækkað, þar á meðal fasteignafélög, útgáfu- og fjölmiðlafyrirtæki, fataframleiðendur og ýmis hátækniyrirtæki.

Af stóru félögum sem mynda KFX-víxítöluna eru flutningafélagið DSV (+70%) og vindorkufyrirtækið Vestas Wind Systems (+66%) þau félag sem hafa hækkað mest á árinu. A.P. Möller - Maersk-veldið hefur hækkað um helming en hækkun olíuverðs kemur því til góða. Einnig fæst það meðal annars við sjóflutninga og rekstur stórmarkaða. Skammt á hæla þess kemur Jyske bank (+47%), sem hefur hækkað mest fjármálastofnana í KFX-vísitölunni.

STÓRU FÉLÖGIN HÆKKA ÁGÆTLEGA

Svíar eiga fimm af tíu stærstu bönkum Norðurlandanna. Nordea, stærsti bankinn á Norðurlöndum, hefur hækkað um tíu prósent frá áramótum. Handelsbanken (SHB), sem er þriðji stærsti á Norðurlöndum, hækkaði aðeins um 1,5 prósent en mesta hækkunin liggur í Skandia, þar sem Burðarás er næststærstur með um 4,5 prósent hlut. Skandia hefur frá áramótum hækkað um 26 prósent, sem rekja má til væntinga um yfirtöku á félaginu.

Símaframleiðandinn Ericsson (+26%) skilar betri ávöxtun en bankarnir. Af öðrum stórum fyrirtækjum má nefna miklar hækkanir á hlutabréfum í ABB (48%), sem framleiðir búnað fyrir orkuver, lyfjafyrirtækinu AstraZeneca (+45%), fjárfestingarsjóðnum Investor (+37%) og Volvo (+30%).

Í Finnlandi ber það til tíðinda að fjármálafyrirtækið Sampo hefur hækkað um 28 prósent frá áramótum og Nokia um sextán af hundraði.

Markaðsvirði félaga í norrænum kauphöllum

(í íslenskum krónum) og fjöldi þeirra *

	Markaðs- virði*	Fjöldi skráðra félaga
Danmörk	10.799	179
Finnland	14.208	139
Ísland	1.434	30
Noregur	11.994	205
Svíþjóð	25.913	269

* Tölur miðast við lok júlí 2005

Hækkun á hlutabréfum frá áramótum til 22. ágúst

Danmörk - KFX	+32%
Finnland - HEX	+16%
Ísland - ICEX	+35%
Noregur - OBX	+28%
Svíþjóð - OMX	+17%



MARKAÐSVIRÐI EYKST Umhverfið á norrænum hlutabréfamörkuðum er gott og hefur markaðsvirði félaga aukist talsvert.

Gríðarleg eignamyndun

Nýjum félögum fjölgar mest í Noregi en fækkar á Íslandi.

Samfara miklum hækkunum, skráningu nýrra fyrirtækja í kauphallirnar og hækkun hlutafjár hjá einstökum félögum hefur heildarmarkaðsvirði allra hlutabréfa í norrænu kauphöllunum fimm vaxið hratt. Heildarmarkaðsvirði hlutafélaga í Kauphöll Íslands hefur aukist um 48 prósent frá ársbyrjun, úr 970 milljörðum króna í 1.434 milljarða króna í lok júlí (sjá töflu). Heildarvirði danskra hlutabréfa var 10.799 milljarðar króna í lok tímabilsins og hafði hækkað um fimmtung frá ársbyrjun. Norsku hlutabréfin, sem voru verðminni en þau dönsku í upphafi árs, voru orðin verðmeiri og höfðu hækkað um 36 prósent. Finnsku bréfin hæk-

uðu um 17,6 prósent og þau sænsku um ellefu prósent. Sænski markaðurinn er enn langverðmætastur – meira en tvöfalt meira virði en sá finnski – eða tæplega 26 þúsund milljarða virði. Feiknakraftur er á norskum hlutabréfamarkaði þessa dagana. Á fyrstu sjö mánuðum ársins fengu 45 ný félög skráningu á norrænu markaðina og þar af fóru 24 þeirra inn á norska markaðinn. Aðeins sex félög voru afskráð á sama tíma en 30 á hinum Norðurlöndunum. Sex félög fóru af íslenska markaðinum á tímabilinu; Austurbakki, Hraðfrystistöð Þórshafnar, Opin kerfi Group, Samherji, Tangi og Þormóður rammi. - epa

Nýtt hlutafé næstmest á Íslandi

Yfir helmingur af nýju hlutafé sem var skráð í norrænu kauphallirnar í júlí var á Íslandi. Nýtt hlutafé fyrir 21 milljarð var skráð í Kauphöll Íslands í júlí en fyrir fimmtán milljarða í Svíþjóð, sem er nærri átján sinnum verðmætari hlutabréfamarkaður en sá íslenski. Þetta er hærri upphæð en nemur samanlögðu nýju útgefnu hlutafé í Finnlandi á öllu árinu. Frá áramótum hefur nýtt hlutafé fyrir tæpa 250 milljarða króna verið gefið út á Norðurlöndum. Útgáfa nýs hlutafjár var næstmest á Íslandi, eða 59 milljarðar, sem er þrisvar sinnum hærri upphæð en í Finnlandi og tvisvar sinnum meira en í Svíþjóð. Nær helmingur af nýju hlutafé var gefið út í Noregi. - epa



ÚTGÁFA NÝS HLUTAFJÁR Á ÁRINU 2005 (Í MILLJÖRÐUM KRÓNA)	
Danmörk	36
Finnland	19
Ísland	59
Noregur	108
Svíþjóð	26

Heimild: Norex Statistics

SKJALASKÁPAR

SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR

-og allt á
sínur stað!

ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF
Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is

ASPEN

SKÍÐAPARADÍS

FJÓRTÁN 10 DAGA FERÐIR NÆSTA VETUR

GB FERÐIR

Í öllum ferðunum er boðið uppá svituhótelið Aspen Meadows

ASPEN  **SNOWMASS**
PREFERRED TRAVEL PARTNER

 **GB FERÐIR**  **ICELANDAIR**

Bókanir og nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

SHARP

Þú gengur að gæðunum vísum

Hágæða prentarar og ljósritunarvélar fyrir allar stærðir fyrirtækja

Allar nánari upplýsingar veita sölumenn.

3ja ára ábyrgð

SHARP PG-B10S Skjávarpí
• Birta: 1200 ANSI LUMEN
• Upplausn: SVGA 800 x 600
• Þyngd: 2.9 kg
Tilboðsverð:
Kr. 89.900 m/vsk

**LJÓSRITUNARVÉLAR
SKJÁVARPAR
TÖLVUSKJÁIR
PRENTARAR
FJÖLNOTATÆKI
SJÓÐVÉLAR
FAXTÆKI
REIKNIVÉLAR
PAPPÍRSTÆTARAR**

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800



Fréttablaðið/AFP

Færeyjar *færast nær*

Fyrir dyrum stendur að einkavæða nokkur helstu fyrirtæki Færeyja og má gera ráð fyrir því að íslenskir fjárfestar kanni hvað verður í boði. Efnahagslíf Færeyja hefur ekki verið upp á marga fiska síðustu ár en líklega verða breytingar á í kjölfar einkavæðingar. Íslensk fyrirtæki hafa nú þegar haslað sér völl í Færeyjum en **Dögg Hjaltalín** býst við meiri ítökum Íslendinga þar í framtíðinni.

Mitt á milli Íslands og meginlands Evrópu eru eyjar sem Íslendingar virðast oft líta framhjá þegar kemur að fjárfestingarkostum. Ein ástæða þess er að stór hluti fyrirtækja er í eigu færeyska ríkisins. Viðskiptalíf Færeyja hefur sannarlega ekki þróast jafnhvatt og íslenskt viðskiptalíf á undanförunum

árum. Færeyjar virðast oft gleymast þegar verið er að skoða erlend umsvif íslenskra fyrirtækja, kannski vegna þess að Íslendingar líti svo stórt á sig að þeim finnst ekki taka því að minnst á Færeyjar. Eða kannski liggur skýringin í því að flestir hafi komið auga á kaupþækifæri þar en ekki viljað benda öðrum á þau. Fyrir dyrum stendur að einkavæða nokkur stærstu fyrirtæki Færeyja en stór hluti færeysks efnahagslífs er í eigu ríkisins, eða Landsstýrisins eins og það heitir í Færeyjum enn sem komið er. Fyrirtækin sem stendur til að einkavæða eru Föroya Tele, sem er eitt af tveimur símafyrirtækjunum í Færeyjum, Atlantic Airways, flugfélag Færeyinga, Föroya Banki sem er stærsti banki Færeyja og Lív, tryggingafélag í Færeyjum.

LÍTILL VÖXTUR

Færeyingar eru rúmlega 50 þúsund talsins og eru mikil sjávarútvegspjóð. Nánast allur útflutningur er tengdur sjávarútvegi, bæði fiskur og unnar fiskafurðir. Einnig eru samgöngur, fjarskipti og bankar stór hluti af færeysku efnahagslífi. Sjávarútvegurinn er mikilvægur í augum Færeyinga og svipar

þeim nokkuð til Íslendinga með hversu mikinn vörð þeir standa um atvinnuvegin. Mörg smá fyrirtæki einkenna sjávarútveginn í Færeyjum og fáar sameiningar hafa átt sér stað. Þó sameinuðust tvö stærstu sjávarútvegsfyrirtækin á árinu.

Færeyska fjármálakerfið samanstendur af einum banka, Föroya Banka, og nokkurs konar sparisjóði, Föroya Sparikassa. Bankarnir fundu mjög fyrir kreppunni undir lok níunda áratugarins og var mikill taprekstur á þeim í kjölfarið. Sjóðir í eigu ríkisins komu þeim til bjargar og tveir stærstu bankarnir urðu í ríkiseigu vegna þess. Þeir sameinuðust svo í einn árið 1994 undir nafninu Föroya Banki. Sameiningin var af hinu góða en vöxtur bankans hefur verið hægur undanfarin ár.

Hagvöxtur var mestur árið 2002, fimm prósent, en svo fór að ára verr og dróست landframleiðsla saman árið 2003.

Ef aðstæður í kjölfar einkavæðingar verða svipaðar og hér á landi má búast við uppgangi í kjölfar einkavæðingar. Peningamagn í umferð eykst, aukinn kraftur verður settur í fjárfestingar og viðskiptaumhverfið í Færeyjum verður mun alþjóðlegra.

SAMANBURÐUR Á FÆREYJUM OG ÍSLANDI

	 Ísland	 Færeyjar
Íbúafjöldi í þúsundum	294	49
Þjóðarframleiðsla í milljónum	858.921	101.352
Atvinnuleysi	3%	4%
Stærð í þúsundum ferkílómetra	103	1
Heildarafl í tonnum	1980	613
Útflutningur í milljónum	259.429	46.212
Innflutningur í milljónum	281.717	59.461
Útflutningur sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	38%	46%
Innflutningur sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	40%	59%

*Samkvæmt tölum frá Hagstofu Föroya fyrir 2003



Olíuleit hefur skapað atvinnu og miklar vonir eru bundnar við olíuvinnslu Færeyinga. Skýrasta dæmið um það er fyrsta færeyska félagið skráð á markað hér á landi, Atlantic Petroleum.

Ekki er hægt að fjalla um færeyskt efnahagslíf án þess að minnst á að Danir veita Færeyingum árlega 630 milljónir danskra króna, hátt í sjö milljarða íslenskra króna, í styrki. Danir ætla að greiða Færeyingum þessa upphæð fram til næsta árs en þá verður hún líklega lækkuð.

Hafa stigið fyrstu skrefin

Íslendingar hafa nú þegar komið sér ágætlega fyrir í Færeyjum og eiga þar hlut í ýmsum fyrirtækjum. Einnig hafa íslensk fyrirtæki farið beint í samkeppni við færeysk fyrirtæki. Íslensk fyrirtæki hafa verið að kaupa færeysk fyrirtæki í einhverjum mæli upp á síðkastið. Dæmi um það eru nýleg kaup Og fjarskipta á 68 prósentu hlut í P/f Kall en fyrirtækið hefur náð ágætri markaðshlutdeild á færeyska fjarskiptamarkaðinum. Samstarfið við Og Vodafone gefur Kalli möguleika á því að taka nýjungar hraðar í notkun og verður um leið ákveðið forskot á samkeppnisaðilana.

Eimskip sameinaðist Föroya Ship á síðasta ári og hefur einnig nýlega fest kaup á færeysku flutningafélagi. Eimskip stefnir að því að byggja upp alhliða flutningafélag í Færeyjum á borð við það sem hefur verið gert hér á landi.

KB banki er með starfsemi í Færeyjum og hefur á skömmum tíma náð að hasla sér völl á sviðum sem færeysku bankarnir hafa sinnt lítið, verðbréfavíðskiptum og fjárfestingarbankasviði.

Baugur á 50 prósentu hlut í SMS, sem er stærsta matvörukeðja í Færeyjum með átta verslanir, þarf af sex Bónusverslanir og tvo stórmarkaði. SMS er í nánú innkaupasamstarfi við Aðföng, vöruhús Baugs-Íslands, og lögð hefur verið áhersla á sölu íslenskrar

matvöru í verslunum Bónuss í Færeyjum.

Samherji hefur einnig komið sér fyrir í Færeyjum en félagið á hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum þar, bæði í útgerðum frystiskipa og uppsjávarveiðiskipa.

Einkavæðing fram undan

Færeyska stjórnin hefur tilkynnt að fyrir dyrum standi að einkavæða fjögur fyrirtæki, Atlantic Airways, Föroya Banka, Lív og Föroya Tele. Líkt og hefur átt sér stað hér á landi í kringum einkavæðingu eru ýmis atriði sem þarf að huga að áður en fyrirtækin eru seld. Þeirri spurningu hefur verið upp hve mikinn hlut erlendir fjárfestar eigi að geta keypt. Stjórnendur fyrirtækja hafa ekki endilega sömu sýn og stjórnmalamenn. Raddir á borð við að ekki eigi að einkavæða Atlantic Airways því þá versni þjónustan hafa verið á lofti sem og hræðsla við hagræðingu í rekstri.

Fjármálaráðherra Færeyja hélt erindi fyrr á árinu í London þar sem hann kynnti færeyskt efnahagslíf fyrir þarlendum fjárfestum. Við komuna heim til Færeyja sagðist hann ekki efast um að gott verð fáiist fyrir fyrirtækin sem verði einkavædd. Hann sagði mikinn áhuga vera á færeyskum fyrirtækjum hjá breskum fjárfestum.

Föroya Tele má líkja við Símann að einhverju leyti en tekjur Föroya Tele og hagnaður á síðasta ári nam einum sjöunda af tekjum og hagnaði Símans. Föroya Tele hefur verið að sjá tekjur sínar minnka og hefur Kall, samkeppnisaðili Föroya Tele, náð yfir tuttugu prósentu markaðshlutdeild á fjarskiptamarkaði.

Grunnnetið verður áfram í höndum ríkisins ólíkt því sem var ákveðið hér á landi fyrir sölu Símans.

Það sem ýtir undir væntingar um að Íslendingar verði áhrifamiklir í Færeyjum á komandi árum er lítill áhugi erlendra fjárfesta á íslenskum fyrirtækjum. Áhuginn er

þó að aukast en gera má ráð fyrir að enn minni áhugi sé hjá þeim á Færeyjum, að undanskildum Dönun, en þeir hafa til þessa ekki verið mikið að koma sér fyrir í Færeyjum. Markaðurinn þar er mjög lítill og eins er erfitt að nálgast upplýsingar ef viðkomandi skilur ekki færeysku.

Skráð hér á landi

Færeyski Virðisbrævnemarknaðurinn og Kauphöllin eru í samstarfi um skráningu skuldabréfa og hlutabréfa hér á landi. Þrír flokkar færeyskra skuldabréfa eru skráðir hér á landi og eitt hlutafélag. Skuldabréfin sem skráð eru í Kauphöllinni eru gefin út af landstjórn Færeyja í dönskum krónum. Virði þeirra er tæpir 20 milljarðar og velta með bréfin í fyrra nam tæpum fjórum milljörðum.

Þegar færeysk fyrirtæki verða einkavædd og skráð á hlutabréfmarkað verða þau skráð hér á landi. Íslenskir fjárfestar eru því líklegri til þess að hafa áhuga á hlutum í færeyskum félögum.

Ástæða þess að íslenska Kauphöllin varð fyrir valinu en ekki sú færeyska er sú að aðstæður hér á landi til skráningar voru fýsilegri þegar Færeyingar skoðuðu málin. Fjárfestar hér á landi þekkja til starfsemi stærstu félaganna í Færeyjum. Einnig ef haft er í huga að fyrirtækin eru að stórum hluta í eigu færeyska ríkisins svo ekki er vanþörf á meira fjármagni til frekari vaxtar. Því er búið að leggja traustan grunn að viðskiptum með færeysk verðbréf þegar að skráningu fleiri félaga verður.

Í kjölfar skráningar á færeyskum verðbréfum í Kauphöllina varð Föroya Sparikassi aðili að Kauphöllinni sem þýðir að Föroya Sparikassi geti átt viðskipti þar.

Sækja vatnið yfir lækinn

Hægt er að segja að íslenskir fjárfesta leiti langt yfir skammt en vissulega eru tækifærin takmörkuð þar sem Færeyjar eru lítill markaður. Á móti kemur að lítill vöxtur hefur verið undanfarin ár þannig að miklir vaxtarmöguleikar ættu að vera til staðar. Einnig ætti það að vera auðvelt fyrir íslensk fyrirtæki að nota svipaðar aðferðir og hafa dugað hér á landi til þess að hasla sér völl í Færeyjum. Menningin og tungumálið ættu í það minnsta ekki að standa í vegi fyrir frekari fjárfestingum Íslendinga í Færeyjum. Íslendingar eiga það líka sameiginlegt með Færeyingum að hafa lotið stjórn Dana.

Íslendingar hafa fjárfest til þess að stuðla að frekari vexti annars staðar og sama má segja um fjárfestingar í Færeyjum. Um þessar mundir hafa flestir fjárfestar fjárhagslega burði til þess að ýta undir vöxt fyrirtækjanna, að minnsta kosti á færeyska vísu. Líklega verða áhugasamir kaupendur frá Íslandi boðnir velkomnir til að koma að rekstri fyrirtækja í Færeyjum með reynslu frá svipaðri en aðeins stærri þjóð.

Atlantic Petroleum

Markaðsvirði fyrirtækisins er rúmir tveir milljarðar króna og hluthafar þess eru um þrjú þúsund talsins.

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum var skráð í Kauphöllina um miðjan júní. Félagið var þar með fyrsta færeyska félagið sem fer á hlutabréfamarkað.

Atlantic Petroleum stundar olíuleit í færeysku efnahagslögsögunni og í Norðursjó. Lengi hafði staðið til hjá forsvarsmönnum Atlantic Petroleum að koma hingað til lands og stóð upphaflega til að félagið yrði skráð um síðustu áramót.

Wilhelm Petersen, framkvæmdastjóri Atlantic Petroleum, sagði af því tilefni ástæðu skráningar félagsins á íslenska markaðinn vera þá að hugmyndir um uppbyggingu hlutabréfmarkaðar í Færeyjum tókust ekki. Þar sem stjórnendur AP hefðu haft mikinn áhuga á að komast á hlutabréfamarkað hefðu þeir valið Ísland.

Markaðsverðmæti félagsins er nú tæpir 2,4 milljarðar króna. Ekki var gefið út nýtt hlutafé í tengslum við skráninguna.

KB banki hefur umsjón með skráningu félagsins í samvinnu við færeyska aðila.

Líkt og hefur átt sér stað hér á landi í kringum einkavæðingu eru ýmis atriði sem þarf að huga að áður en fyrirtækin eru seld. Þeirri spurningu hefur verið velt upp er hve mikinn hlut erlendir fjárfestar eigi að geta keypt.



Eigendur Atlantic Petroleum eru 3.000, mestmegnis einstaklingar og félög í Færeyjum.

AURASÁLIN

Niður með Noreg - upp með markaðinn

Um áramótin spáði Aurasálin því að úrvalsvísitalan myndi halda áfram að falla og fara niður fyrir þrjú þúsund stig fyrir haustið. Aurasálin losaði sig því við þau fáu hlutabréf sem hún átti, sérstaklega í Landsbankanum, Bakkavör og FL Group, og setti allt sitt beint inn á banka-bók. Þessi þrjú félög höfðu hækkað svo mikið í fyrra að þessu hlaut að linna. Aurasálin ákvað að geyma peningana á tékkareikningi til þess að hægt yrði að losa þá út með skömmum fyrirvara ef ómóttstæðileg tækifæri sköpuðust á markaðinum.

Nú hefur komið í ljós að þetta var ekki heppileg ráðstöfun. Landsbankinn hefur hækkað um 77 prósent, Bakkavör um 70 prósent og FL Group um 66 prósent. Ákvörðun Aurasálarinnar um áramótin var því, svona eftir á að hyggja, ekki alveg eins góð og Aurasálin átti von á. Til þess að bæta gráu ofan á svart fór Aurasálin með fjölskyldu sína í sumarfrí til Noregs í júní og júlí. Fríið var mjög gott og það fór vel um fjölskyldu Aurasálarinnar í hlýlegum fjallakofanum með saunaklefanum og innisundlauginni þessa tvo mánuði. Ekki skemmdi heldur fyrir að það var stutt í störborgina þar sem hægt var að finna verulega fína og flotta veitingastaði ef vel var leitað.

Aurasálin er von því að gæta vel að því að útgjöld heimilisins séu innan skynsamlegra marka en þegar maður er í sumarfríi hættir manni til að gleyma sér. Ekki hjálpaði það til að allir sem sáu Aurasálin á leigða Hummernum héldu umsvifalaust að þar færi iðjuhöldur af völdugustu gerð. Aurasálin gat því ekki látið sjá sig og fjölskyldu sína nema á allra fínustu stöðunum og þótt Aurasálin sé langt frá því að vera nánós var henni farið að blöskra þegar hún áttaði sig á því að kvöldmaturinn kostaði oftast á bilinu sjötíu til átattíu þúsund.

Nú líður að mánaðamótum og enn hefur verðbréfamarkaðurinn ekki hrunið. Aurasálin er reyndar sannfærð um að það hljóti að koma að því en í stað þess að bíða í ofvæni vonar Aurasálin að hrunið láti aðeins standa á sér. Þetta var nefnilega dýrt sumar fyrir Aurasálinu og fríið í Noregi mun gera henni erfiðara en ella fyrir með að stökka inn á hlutabréfamarkaðinn í nánustu framtíð. VISA-reikningarnir munu éta upp tékkareikninginn og gott betur en það!

Aurasálin vill því koma því áleiðis til forstjóra Kauphallarinnar að hann haldi verðinu á íslenska markaðinum háu næstu átta til tíu mánuðina á meðan Aurasálin vinnur af sér yfirdráttinn. Eftir það væri gott ef verð á bréfum færi lækkaði. Þá ætlar Aurasálin svo sannarlega að vera tilbúin og græða á tá og fingri!

Þingið vék fyrir alþjóðavæðingunni

Ásgeir Friðgeirsson hyggst einbeita sér að uppbyggingu tengslanets og ráðgjafar erlendis fyrir fjármála- og fjarskiptafyrirtæki. Hann er ráðgjafi Björgólfsfeðga og Magnúsar Þorsteinssonar og fyrirtækja þeirra. Hafliði Helgason snæddi með Ásgeiri og ræddi við hann um verkefnin og valið milli þings og verkefna fyrir íslenska fjárfesta.

Ásgeir Friðgeirsson hefur undanfarin misseri unnið sem ráðgjafi í almannatengslum fyrir ýmis fyrirtæki. Mest áberandi hafa verið fyrirtæki Björgólfsfeðga og Magnúsar Þorsteinssonar sem saman áttu Samson, sem keypti kjölfestuhlut ríkisins í Landsbankanum. Ásgeir átti þess kost við brotthvarf Guðmundar Árna Stefánssonar að setjast á þing. Eftir nokkra umhugsun ákvað hann að halda áfram að vinna að ráðgjöf á sístækkandi leikvelli viðskiptavina sinna.

B5 er tiltölulega nýr staður og matseðillinn lofar góðu. Ásgeir fær sér þorsk og ég lambaskanka. „Við erum þjóðlegir í valinu,“ segir Ásgeir. Þorskurinn og lambið héldu þjóðinni á floti í harðbýlu landi og voru um langt skeið helsta lífsbjörg þjóðarinnar. Nú eru aðrir tímar.

Ásgeir hefur verið ráðgjafi Björgólfsfeðga frá því á seinni hluta söluferlis Landsbankans. „Ég hafði fengist við almannatengslaráðgjöf áður á síðasta áratug. Ég var sannfærður um að framtíð fjölmiðlunar lægi á internetinu og var í biðstöðu meðan ég reyndi að fá menn að slíkum verkefnum, þá tók ég að mér ráðgjöf.“ Síðan tók netið við en Ásgeir var ritstjóri strik.is. Eins og oft er með nýja hluti var hjart-sýnin of mikil um allan heim og skrefin stigin helst til snemma. Strik mátti þola sömu örlög og margar góðar hugmyndir. Netbólan sprakk og dagar margra slíkra fyrirtækja voru taldir. „Ég var aðeins farinn að sinna ráðgjöf undir lok tímabilsins, þegar Björgólfur Guðmundsson setti sig í samband við mig.“

KYNTTIST BJÖRGÓLFÍ Í KIRKJUNNI

Ásgeir var í námi í Bretlandi og á sama tíma var Björgólfur búsettur þar. „Ég tók þátt í starfi Íslendingafélagsins, var formaður þess um tíma og söng í kirkjukór. Þau hjón voru kirkjurækin þá eins og nú. Þá kynntist ég þeim hjónum. Svo lágu leiðir okkar saman þegar hann var að sinna íþróttafélagi vestur í bæ sem ég vil helst ekki nefna á nafn, en þá var ég formaður Breiðabliks.“

Ásgeir segist alltaf hafa starfað sjálfstætt og verkefnin hafi verið slitrótt til að byrja með. Ekki leið þó á löngu eftir að Samson hafði eignast kjölfestuhlut í Landsbankanum áður en hjólin fóru að snúast og það hratt. Umfangsmestu eignatilfærslur íslenskrar viðskiptasögu voru fram undan. „Það er ákveðin þungamiðja í þessum verkefnum. Það er augljóst að árið 2003 var þungamiðjan hér heima. Miklar breytingar á Landsbankanum, fjárfesting í SH og síðar í Eimskip og umbreyting á því félagi. Fyrst með sölu Brims, síðan skipa-félaginu og nú síðast sameining við Landsbankann og Straum Burðarás. Þetta hefur í raun verið eitt samfellt ferðalag. Ég held að menn muni sjá það þegar fram í sækir að markmiðið hefur ekki verið að byggja upp fyrirtæki sem gina yfir öllu á Íslandi, eins og einhverjir hafa viljað í láta í veðri vaka.“

Ásgeir segir að yfir sama tímabil hafi þungamiðjan hjá Burðarási og Björgólfi Thor verið á leiðinni út. „Það sést best á því að á síðustu tveimur árum hefur verið fjárfest í fjórum símafélögum í jafnmörgum löndum og svo fjárfestingar Burðarás á Norðurlöndum. Burðarás er orðinn þekkt félag á þeim mörkuðum.“

„Ég tók þátt í starfi Íslendingafélagsins, var formaður þess um tíma og söng í kirkjukór. Þau hjón voru kirkjurækin þá eins og nú. Þá kynntist ég þeim hjónum. Svo lágu leiðir okkar saman þegar hann var að sinna íþróttafélagi vestur í bæ sem ég vil helst ekki nefna á nafn, en þá var ég formaður Breiðabliks.“



Fréttablaðið/EÓL

ÁSGEIR FRÍÐGEIRSSON „Ég ákvað að byggja ekki upp fyrirtæki í kringum þetta, heldur vera sjálfstæður ráðgjafi. Það var markviss ákvörðun, því ég sá það fyrir mér að ég myndi sennilega enda sem sölumaður á vinnu annarra.“

HRINGURINN SEX TIL SJÖ ÁR

Ásgeir segir að samhliða því að sinna vel samskiptum við hluthafa og almenning á Íslandi til þess að tryggja að ekki væri á ferð misskilningur um markmiðin hafi þurft að byggja upp tengslanet erlendis. „Það sýndu margir áhuga á að misskilja hvað vakti fyrir mönnum.“

Verkefnin hafa vaxið og Ásgeir ver sífellt meira af tíma sínum við erlend verkefni viðskiptavinanna. „Ég ákvað að byggja ekki upp fyrirtæki í kringum þetta, heldur vera sjálfstæður ráðgjafi. Það var markviss ákvörðun, því ég sá það fyrir mér að ég myndi sennilega enda sem sölumaður á vinnu annarra.“

Verkefni Ásgeirs fyrir feðgana og Magnús Þorsteinsson voru ekki orðin svo mikil þegar Ásgeir fór í prófkjör Samfylkingarinnar og náði góðri kosningu og varaþingmannssæti. „Ég var á tímamótum, búinn að vera á kafi í internetinu í sex til sjö ár. Mér sýnist það reyndar vera hringurinn hjá mér. Ég var svipaðan tíma í Bretlandi, líka sex til sjö ár á Iceland Review og svo á netinu.“

Ásgeir er því ekki hálfnaður með hringinn í suðupotti alþjóðavæðingar viðskiptanna. „Það var augljós hættu á hagsmunavæðingunni við það að setjast á þing, sem varð til þess að mér fannst ekki koma til greina að sinna því sem ég er að gera samhliða því að vera á þingi eins og hefur verið

venjan ef menn eru til dæmis í útgerð eða bændur,“ segir Ásgeir og brosir. „Það þykir allt í lagi,“ bætir hann við.

BLAIR OG BLIKARNIR

Þótt áhuginn á þjóðmálum sé mikill toguðu verkefnin meira í hann. „Þetta áhugaverða viðfangsefni sem ég er að fara að takast á við er að byggja upp það sem við skulum kalla tengslanet í útlöndum. Alþjóðlegt fyrirbæri sem vinnur í þeim löndum sem Íslendingar hafa verið að fjárfesta og sérhæfir sig í fjármála- og fjarskiptafyrirtækjum.“ Þetta eru þeir geirar sem Björgólfur Thor hefur lagt mesta áherslu á. Ásgeir segir að þetta gefi síðan tækifæri til að vinna fyrir erlend fyrirtæki í sömu greinum sem hafi áhuga á að afla nýrra viðskiptatengsla í Íslandi. „Það er einmitt það sem þessi mikla umfjöllun um Ísland hefur leitt af sér, að við erum miklu meira inni á radarnum hjá erlendum fjárfestum en þjóðir miklu stærri en við.“

Áhugi Ásgeirs á þjóðmálum og félagsmálum hefur alltaf verið mikill, auk þess sem hann skilgreinir sig sem fjölmiðlafíkil. „Áhuginn á pólitík er enn mikill. Mér finnst ég samt meira á heimavelli sem ráðgjafi en sem stjórnmálamaður.“ Hann fylgist mikið með breskum stjórnmálum. „Samfélagið hefur gjörbreyst frá því ég var þarna í námi, þá setti atvinnuleysið mikinn svip á samfélagið. Ég segi ekki að breytingin sé Tony Blair að þakka, hann naut ýmissa verka Margrétar Thatcher eins og núverandi ríkisstjórn hefur notið framsýni Jóns Baldvins og kratanna.“

Annar heimavöllur er heimavöllur Breiðabliks. „Þar er ég hitti ég gamla félagi og finn fyrir rótunum í Kópavogi,“ segir Ásgeir, sem mun fylgjast með sínum mönnum í efstu deild að ári.

HÁDEGISVERÐURINN

Með Ásgeiri Friðgeirssyni
almannatengslaráðgjafa

Hádegisverður fyrir tvo á B5

Steiktur þorskur með risotto og aspas
Hægeldaður lambaskanki með kartöflumús

Drykkir

Vatn

Kaffi

Alls 3.450 krónur





Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Óeirðir á tölvuútsölu

Tólf þúsund manns bitust um þúsund notaðar Apple iBook-fartölvur.

Einn kaupandinn keyrði bíl sínum inn í þvöguna.

Sautján slösuðust og fjórir voru fluttir á sjúkrahús þegar óeirðir brutust út við útsölu á notuðum Apple iBook-fartölvum í Henrico-sýslu í Virginíuríki í Bandaríkjunum.

Útsalan var á vegum yfirvalda í Henrico-sýslu en nýlega var ákveðið að skipta út öllum Apple-tölvum í opinberum byggingum sýslunnar fyrir spánnýjar tölvur frá Dell. Þúsund fartölvur voru í boði og kostaði stykkið aðeins rúmar fjögur þúsund íslenskar krónur.

Talið er að tólf þúsund manns hafi bitist um fartölvurnar þús-



APPLE IBOOK-TÖLVA Allt ætlaði um koll að keyra á útsölu á notuðum Apple iBook-tölvum í Bandaríkjunum á dögnum. Sautján slösuðust og fjórir voru fluttir á sjúkrahús.

kílómetra löng röð fyrir utan sölustaðinn og var sú ákvörðun tekin að hefja söluna tveimur klukkustundum fyrr en áður hafði verið ákveðið.

Mikill troðningur varð þegar fólkinu var loks hleypt inn; slagsmál brutust út og stólum var kastað auk þess sem einn fartölvuunnandi taldi skynsamlegt að keyra bíl sínum inn í þvöguna. Enginn var handtekinn.

„Ég skil ekki þennan mikla áhuga á tölvunum. Þetta er úrelt drasl,“ sagði Paul Proto yfirmaður tölvumála hjá Henrico-sýslu. - jsk

Sáðar daðra með Bluetooth

Trúarbragðalögreglan í Sádi-Arabíu er ráðalaus gagnvart tækninýjungum.

Lögbrjótar nýta sér í síauknum mæli Bluetooth-farsímataekni.

Bluetooth-tæknin gerir yfirvöldum í Sádi-Arabíu lífið leitt þessa dagana. Bluetooth gerir farsímanotendum kleift að senda skilaboð í síma í níu metra radius án þess að notast við hið hefðbundna farsímakerfi.

Af þessu hefur trúarbragðalögreglan í landinu miklar áhyggjur en ógiftum konum er bannað að hafa samskipti við karla sem ekki tilheyra fjölskyldum þeirra, samkvæmt lögum í landinu.

Um leið og fólk tengist Bluetooth-kerfinu kemur upp listi með nöfnum annarra notenda á svæðinu; nöfnin sem upp koma eru þó nánast órekjanleg enda notast flestir við dulnefni. Undanfarið hefur færst í auk-



ana að ungir Sádi-Arabar mæli sér mót í verslunarmiðstöðvum og daðri símléiðis.

Stjórnvöld í landinu hafa reynt allt til að koma í veg fyrir ólögleg samskipti kynjanna; myndavélasímar voru til að mynda bannaðir tímabundið. Bannið var hins vegar fljótlega afturkallað þar sem myndavélar eru staðalbúnaður í flestum nýjum sínum.

Abdullah Muhammad er einn þeirra sem nota Bluetooth-tæknina til samskipta við hitt kynið: „Ég nota Bluetooth til að hitta stelpur. Trúarbragðalöggan á ekki séns í mig.“ - jsk

FARSÍMI MEÐ BLUETOOTH Ungir Sádi-Arabar nota nú Bluetooth-síma í auknum mæli til að kynast jafnöldrum sínum af hinu kyninu. Bluetooth-skilaboð eru órekjanleg.

Vélmenni með skinn

Þróað hefur verið efni sem gerir vélmennum kleift að skynja snertingu og hitabreytingar.

Teymi vísindamanna við Háskólann í Tókýó hafa þróað efni með hita- og rafleiðslum sem gerir vélmennum kleift að skynja snertingu og hitabreytingar, rétt eins og mannfólkið gerir.

Um er að ræða skinn sem má vefja utan um fingur og aðra líkamshluta vélmenna. Þetta er í fyrsta skipti sem þróað er skinn sem getur skynjað hitabreytingar.

Vísindamennirnir segja að uppgötvunin muni auðvelda vélmennum að komast af í mannheimum og að brátt muni vélmenni skynja hluti sem mannfólkið skynjar ekki: „Brátt verður hægt að búa til skinn sem getur skynjað ljós, raka og hljóð,“ segir í grein sem birtist í tímaritinu Proceedings of the National Academy of Sciences. - jsk

Atlantis fundin?

Risaflóðbylgja reið yfir neðansjávareyjuna Spartel fyrir tólf þúsund árum. Engin merki siðmenningar hafa þó fundist á eyjunni.


Rannsóknir vísindamanna hafa leitt í ljós að neðansjávareyjan Spartel, þar sem margir telja að hin goðsagnakennda borg Atlantis hafi staðið, varð fyrir risaflóðbylgju fyrir um tólf þúsund árum. Franski lífræðingurinn Jaques Collina-Girard uppgötvaði eyjuna árið 2001.

Forn-grískri heimspekingurinn Plátón fjallaði um Atlantis í bókum sínum, sem skrifaðar voru fyrir um tvö þúsund árum. Plátón sagði Atlantis hafa lagst í eyði „á einum degi og einni nóttu“, og síðan horfið í sæinn. Samkvæmt Plátón dundu ósköpin einmitt yfir borgina fyrir um tólf

þúsund árum. Spartel-eyja liggur um sextíu metrum undir yfirborði sjávar, í Gíbraltarsundi sem liggur milli syðsta odda Evrópu og nyrsta hluta Afríku. Vísindamennirnir fundu hins vegar engin merki um mannaferðir á eyjunni, engar rústir voru sjáanlegar auk þess sem eyjan var mun smærri en áður hafði verið talið.

Þetta þykir mæla því í mót að einhvern tíma hafi þrífist siðmenning á Spartel. - jsk

GRÍSKI HEIMSPEKINGURINN PLÁTÓN Plátón skrifaði um hina miklu borg Atlantis sem lagðist í rúst í miklum náttúruhamförum. Vísindamenn telja hugsanlegt að borgin hafi staðið á neðansjávareyjunni Spartel.



Er einhver í þínu fyrirtæki sem heldur að skást sé best?



og

vodafone

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Mikið reynir á hagstjórnina á næstunni:

Hætta á harðri lendingu

Hafliði Helgason

Fáum dylst að þensla og góðæri einkenna íslenskt þjóðfélag þessa dagana. Hitamælar efnahagslífsins nálgast suðumark hver af öðrum.

Lengi hafa menn búist við því að vinnumarkaðurinn færi að sýna af sér þenslumerkin. Það dróst á langinn, einkum vegna innflutts vinnuaflds, bæði við stórframkvæmdir á Kárahnjúkum og í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu.

Nú hrannast upp merki þess að reyni á þanþol vinnumarkaðarins. Erfiðlega gengur að manna leikskóla og frístundaheimili í skólum. Húsasmiðjan auglýsti eftir eldra fólki til starfa. Nú er það svo að þrátt fyrir að í hópi þeirra sem komnir yfir miðjan aldur sé mikið af úrvals starfsfólki á fólki komið yfir miðjan aldur oft erfitt uppráttar þegar þrengir að á vinnumarkaði.

Verðbólga án húsnaðis er lág hér á landi, en fasteignamarkaðurinn er enn á uppleið, þótt flestir búist við því að hann fari að hægja á sér. Það er því vel kynt undir kötlum efnahagslífsins þessa dagana. Viðskiptahallinn slær fyrri met og krónan virðist ekkert vera á þeim buxunum að gefa eftir.

Stjórnvöld standa því frammi fyrir krefjandi verkefnum í hagstjórninni. Ríkisstjórnin hefur boðað lækkan skatta og á meginþungi lækkananna að koma fram árið 2007. Þá var ráð fyrir því gert að hápunkt framkvæmda væri náð. Nú eru hins vegar merki um að þenslan haldi áfram með frekari stækkunum álvera og framkvæmdum við orkuöflun fyrir þau.

Fylgismenn skattalækkana nú hafa haldið á lofti þeim rökum að þrátt fyrir að skólabókarhagfræði mæli með skattalækkunum á samdráttarskeiði sé raunin sú að þá lækki stjórnálmamenn aldrei skatta við þær kringumstæður. Eina leiðin sé því að lækka skatta í góðæri, þótt það valdi frekari þenslu og auki hættuna á harðri lendingu hagkerfisins þegar saman dregur á ný. Hverrar skoðunar sem menn eru verða stjórnvöld á hverjum tíma að meta slíkar ákvarðanir út frá heildarhagsmunum efnahagskerfisins. Full rök eru fyrir því að breyta tímasetningum skattalækkana eftir horfunum í efnahagslífinu.

Önnur rök fyrir skattalækkunum eru að einstaklingar séu síst líklegri til að fara illa með fjármuni en ríkið í góðærinu. Það er vissulega rétt að stjórnálmamenn eiga erfitt með að neita sér um að deila út fé skattborgaranna þegar vel árar. Hins vegar bendir hækkandi yfirdráttur heimila til þess að auknar ráðstöfunartekjur hafi ekki verið nýttar til þess að lækka skuldir heimila, heldur aukið mönnum bjartsýni, sem aftur hefur leitt til meiri skuldsetningar. Mikil skuldsetning er meðal þess sem getur gert lendingu hagkerfisins eftir góðærið harkalegri en ella með þeim harmleik sem gjaldþrot einstaklinga eru.

Þensla á vinnumarkaði og launaskrið ógna stöðugleika efnahagslífsins. Ruðningsáhrif góðærisins koma fram og verst borguðu störfingar gjalda fyrir. Það leiðir svo auðvitað hugann að því hvaða störf eru viðkvæmust fyrir ruðningsáhrifunum. Það hlýtur að vera umhugsunarefni að fyrstu einkenni þenslu á vinnumarkaði verði til þess að þeir sem eru hæfir til að sinna uppeldi barnanna okkar leiti annarra starfa.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
hafliði@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is

Af hverju fæðingarorlof karla?

ORD Í BELG

Helga Melkorka Ólafsdóttir

hdl. og meðeigandi LOGOS lögmannsþjónustu



anda óheimilar nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá rökstyðja uppsögn skriflega. Það sama gildir um þungaðar konur og konur sem nýlega hafa átt börn. Skal starfsmaður eiga rétt á að hverfa aftur til starfa að orlofi loknu eða fá sambærilegt starf hjá vinnuveitanda. Launþegi getur sagt starfi sínu lausu á þessu tímabili samkvæmt almennum reglum um uppsagnir af hálfu launþega. Eins er launþega heimilt að semja við vinnuveitanda um starfslok fyrir eða eftir barnsfæðingu.

Greiðslur til foreldra sem hafa verið sex mánuði á vinnumarkaði nema 80% af launum síðastliðinna tveggja ára en þó aldrei meira en kr. 480.000 á mánuði. Sömu reglur gilda um greiðslur til kvenna og karla.

MIKILVÆGT FYRIR MÆÐUR, FEÐUR OG BÖRN

Það hefur verið sagt að lögin frá 2000 um fæðingar- og foreldraorlof hafi verið stærsta skref til þess að tryggja jafnrétti kynjanna frá því konur fengu kosningarétt hér á landi. Margt er án

efa til í þessu. Sjálfstæður og óframseljanlegur réttur fedra til töku fæðingarorlofs leiðir til þess að staða kynjanna á vinnumarkaði verður jafnari. Spurningar sem sagt er að vinnuveitendum spyrji í atvinnuviðtölum um hugsanlegar barneignir koma væntanlega bæði upp í atvinnuviðtölum kvenna og karla í dag.

Fram hjá því verður hins vegar ekki horft að umræða liðinna daga og vikna kom til vegna væntanlegs fæðingarorlofs karls. Ekki hafa áður heyrst sjónarmið áþekk sjónarmið um ætlað fæðingarorlof konu. Má því velta upp þeirri spurningu hvort í raun sé ekki lítið svo á í atvinnulífinu að rétturinn sé bæði fedra og mæðra. Lagatextinn er engu síður ótvíræður, réttindi kvenna og karla eru sambærileg.

ÓÞÆGINDI FYRIR ATVINNU-REKANDA

Það er ljóst að fæðingarorlof starfsmanns kemur sér oftast ekki illa fyrir atvinnurekanda og hefur aukinn kostnað í för með sér. Þetta hefur hins vegar alltaf átt við um orlof mæðra og mun áfram gilda um orlof beggja foreldra. Löggjafinn hefur ákveðið hvernig þessum réttinum skuli háttáð í ljósi markmiðanna og þar með lagt óbeinar álögur á atvinnulíf.

Hugsanlegt er að tvíþættu markmiði laganna yrði eins náð með öðrum hætti. Mætti til dæmis hugsa sér að réttur foreldra væri framseljanlegur, til dæmis til nákominnna sem þá mundu hugsa um barnið og fá orlofsgreiðslur? Með því væri réttur barnsins til samvista við báða foreldra hins vegar ekki tryggður.

Velflestir karlar nýta sér þann rétt að taka fæðingarorlof. Það þykir almennt ekki tiltökumál í dag þótt karl fari í orlof til að sinna ungu barni. Þó eru alltaf einstaklingar sem gera það ekki, s.s. karlar með nokkuð há laun. Svo virðist sem eitthvað sé um það að karlar séu vinna í bönkum og fjármálafyrirtækjum taki lítið eða ekkert orlof. Getur verið að umhverfi þeirra gefi þeim þau skilaboð að það sé ekki við hæfi að fara í slíkt orlof? Slæmt er ef svo er. Mikilvægt er að minna feður, mæður og atvinnurekendur á meginmarkmið laganna, það er rétt barns til samvista við bæði föður og móður. Vonandi nýta sem allra flestir feður sér þennan rétt, einnig með það í huga að tryggja jafnrétti kynjanna sem vart verður náð nema bæði karlar og konur taki fullan þátt í að stefna að því markmiði.



Mætti til dæmis hugsa sér að réttur foreldra væri framseljanlegur, til dæmis til nákominnna sem þá mundu hugsa um barnið og fá orlofsgreiðslur? Með því væri réttur barnsins til samvista við báða foreldra hins vegar ekki tryggður.

UM VÍÐA VERÖLD

Ekki sama íþrótt

The Financial Times | Francisco Guerrero segir í **The Financial Times** að samburður milli Indlands og Kína sé eins og að spyrja hverjir myndu vinna ef bandaríska körfuboltaliðið Los Angeles Lakers og enska knattspyrnuliðið Manchester United leiddu saman hesta sína. Vissulega hafi bæði löndin, rétt eins og liðin, notið velgengi undanfarnar ár. Hins vegar séu Indland og Kína svo ólík að samburður myndi ekki leiða til neinnar niðurstöðu. Þetta segir hann að hafi sýnt sig þegar ríkisstjórn Indlands ákvað að fresta einkavæðingu á þrettán ríkisfyrirtækjum. Kínverjar haldi sínu einkavæðingarferli hins vegar ótrauðir áfram: nú síðast hafi Royal Bank of Scotland keypt tíu prósent hlut í Bank of China. Guerrero varar við því að ályktanir verði dregnar af þessu; stjórnarfar, menning og saga landanna sé einfaldlega svo ólík að mismunandi aðferðir kunni að leiða til svipaðrar niðurstöðu.

Arfleifð Greenspans

The Observer | Í **The Observer** veltir Heather Stewart fyrir sér arfleifð Alans Greenspan, seðlabankastjóra Bandaríkjanna, sem lætur af störfum um næstu áramót. Stewart segir Greenspan fyrir löngu hafa áunnið sér traust sem maður sem kann **The Observer** að bregðast við krísun. Hann hafi brugðist skjótt og örugglega við hinum svokallaða „svarta mánudegi“ árið 1987 þegar Dow Jones-vísitalan féll um rúm tuttugu prósent á einum degi. Eins hafi farið með netbóluna, Greenspan lækkaði í kjölfarið stýrivexti úr sex og hálfu prósent í eitt prósent á tæpum tveimur árum og þannig náð að halda skaðanum í lágmarki. Stewart segir Greenspan njóti svo mikillar aðdáunar á Wall Street að fjármálamógúlar þekki hann undir nafninu „maestro“, eða meistarinn. Greenspan er þó ekki gallalaus og telur Stewart að hann megi helst gagnrýna fyrir að sjá ekki fyrir efnahagskrísur fyrr en þær hafi skolið á: „Fari svo að húsnaðisbólun springi í valdatíð Greenspans verður það blettur á annars á frábær-um ferli,“ segir Stewart.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalin, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaftason AUGLYNGINGASTJÓRN: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLYNGINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SIMBREF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift öllum með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Verslaðu við traustan aðila!

LEIGJUM TJÖLD
sem henta við öll tækifæri!



Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, partý og alls konar samkomur.
Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

OPIÐ:

virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

Fasteignaverð áfram helsti drifkraftur verðbólgunnar

Vísitala neysluverðs í september hækkar um 0,9 prósent ef spá greiningardeildar KB banka gengur eftir. Spáin gerir ráð fyrir að 12 mánaða verðbólgan verði 4,2 prósent og fer verðbólgan því aftur upp fyrir efri þolmörk peningamálastefnunnar, en síðast var verðbólgan fyrir ofan þolmörkin í apríl síðastliðnum. Í maí tóku gildi breytingar á útreikningi fasteignaliðarins í vísitölu neysluverðs sem leiddi til verulegrar lækkunar á verðbólgunni en verðbólgan er nú rúmlega 0,8 prósent lægri af þeim sökum. Rætur verðbólgunnar er nær eingöngu að reka til hækk-

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

unar á fasteignaverði en vísitala neysluverðs án húsnæðis hefur aðeins hækkað um 0,1 prósent á síðastliðnum 12 mánuðum. Samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverð er verðbólga á evrópska efnahagssvæðinu lægst á Íslandi, en eigið húsnæði er ekki inni í vísitölu húsnæðis. Í Hálffimm fréttum KB banka segir að samkvæmt útreikningum Fasteignamats ríkisins hafi fasteignaverð haldið áfram að hækka í mánuðinum og fasteignaverð verði eftir sem áður

helsti drifkraftur verðbólgunnar í september. Samkvæmt útreikningum greiningardeildar KB banka mun hækkun fasteignaverðs leiða til um 0,25 prósent hækkunar á vísitölu neysluverðs. Í Hálffimm fréttum KB banka segir að venju muni útsölulok hafa mikil áhrif á vísitöluna í næstu mælingu en gert sé ráð fyrir því að útsölulok munu hafa um 0,4 til 0,45 prósent áhrif á vísitöluna til hækkunar. Eldsneytisverð hafi hækkað mikið í mánuðinum og hafi verðið á 95 okтана bensíni hækkað um 2,7 krónur og verð á dísilolíu hafi hækkað um 3,2 krónur. Hækkun-

ir á eldsneytisverði muni því leiða til um 0,1 prósent hækkunar á vísitölu neysluverðs. Í Morgunkornum greiningardeildar Íslandsbanka segir að mikil hækkun íbúðaverðs valdi því að afar hagstætt sé að byggja íbúðir um þessar mundir og hvetji það til aukins framboðs á markaðinum. Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað um

tæp 40 prósent í júlí miðað við sama tíma í fyrra samkvæmt vísitölu íbúðaverðs hjá Fasteignamati ríkisins. Byggingakostnaður hafi hins vegar aukist um aðeins 3,7 prósent á sama tímabili samkvæmt byggingavísitölu Hagstofunnar. „Hagur byggingaraðila hefur því vænkast umtalsvert á stuttum tíma og leiðir til vaxandi framboðs á markaðinum,“ segir í Morgunkornum.

Í Morgunkornum greiningardeildar Íslandsbanka segir að mikil hækkun íbúðaverðs valdi því að afar hagstætt sé að byggja íbúðir um þessar mundir og hvetji það til aukins framboðs á markaðinum.



Fréttablaðið/Jóhanna TC

SPÁKAUPMAÐURINN

Færeyskur banki

Ég er að hugsa um að stofna eignarhaldsfélag í Færeyjum. Allir stóru fjárfestarnir hér á landi horfa til Bretlands og Norðurlandanna og nenna ekkert að hugsa um möguleikana í Færeyjum. Þar er núna einstakt tækifæri fyrir okkur sem vitum allt um hvað gerðist á Íslandi síðustu árin að fara í tímaferðalag. Færeyjar 2005 eru Ísland 1995 eða jafnvel enn fyrr. Ég veit að Færeyingarnir eru stressaðir yfir því að útlendingar komi og kaupi allt í Færeyjum þegar þeir byrja að einkavæða. Þess vegna er sennilega skynsamlegt að reyna að finna Færeying sem hefur náð árangri erlendis og getur komið til baka forframaður og auðugur. Nærtækast er náttúrliga að setja sig í samband við Jákúp í Rúm-fatalagerum. Hann hefur ekki farið hátt, en er geysilega öflugur. Búinn að reka þessar verslanir með glæsibrag undanfarin ár og á eflaust seðlabúnt undir Rúm-fatalagerskoddanum sínum. Ég sé alveg fyrir mér að við mætum í sameiginlegu eignarhaldsfélagi, sem gæti til dæmis heitið Dalíla, og kaupum eitt stykki banka í Færeyjum. Síðan

gerum við bara eins og Björgarnir. Setjum smá stuð í atvinnulífið í Færeyjum og dobblum verðið á bankanum. Þetta hefur reynst vel hér á landi. Björgólfsfeðgar hafa gert það rosalega gott á þessu og um leið hafa margir aðrir grætt. Af því að mér er annst um að vera ósýnilegur myndi ég svo senda Jákúp í öll viðtölin og opinberar athafnir þegar bankinn styrkti menningarstarfsemi og þvímúlikt í Færeyjum. Þegar bankinn er kominn í höfn, þá förum við að makka með Þorsteini Má um sjávarútveginn, hagræðum hressilega eða seljum þakkann einhverjum ástríðuútgærðarkallinum í Færeyjum með skuldsettum kaupum. Bankinn mun auðvitað græða á öllu saman og fara að huga að útrás. Svo myndum við kaupa það sem eftir verður í Danmörku eftir kaup Íslendinga þar í landi. Ég held ég selji Jákúpi hugmyndina með því að það verði ekkert tiltökumál að kaupa móðurfyrirtæki Rúm-fatalagersins, Jysk sengetöjsslager, af Lars Larsen, þegar maður á færeyskan banka.

Spákaupmaðurinn á horninu

LLOYD

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

NÝ SENDING AF DÖMU OG HERRASKÓM...

LLOYD

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)

Spennandi upplifun

Salt Lounge Bar & Restaurant, Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík, sími 599 1000, borðapantanir 599 1020. Eldhúsið er opið frá 12 til 14.30 og 18 til 23.

salt
LOUNGE BAR & RESTAURANT

FÓLK Á FERLI

ÞORVALDUR I. BIRGISSON hefur verið ráðinn sölustjóri á fyrirtækjasíðu Sjóvá



en Þorvaldur hóf störf hjá félaginu í maí síðastliðinn. Hann starfaði áður sem rekstrarstjóri neytendasíðu hjá Skeljungu en þar á undan hjá Ruko AS í

Bylgjan 98.9
BYLGJAN

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

Gæti keypt mér tíu Boss-jakkaföt

Helgi Vilhjálmsson er eigandi sælgætisgerðarinnar Góu auk þess að fara með umboð fyrir Kentucky Fried Chicken á Íslandi. Helgi hefur rekið Góu frá árinu 1968 og farið frá því að framleiða karamellur í kjallaranum heima hjá sér í að reka sex þúsund fermetra sælgætisverksmiðju. Jón Skaftason ræddi við Helga yfir rjúkandi kaffibolla og Æðibitum.

„Ég byrjaði árið 1968 að framleiða karamellur í kjallaranum heima hjá mér. Það var nú bara hugsað sem smá aukavinna til að drýgja tekjurnar, en vatt síðan upp á sig. Ég fór svo að framleiða Hraun og Æðibita, sem allir þekkja og lifa enn góðu lífi,“ segir Helgi Vilhjálmsson, eigandi sælgætisgerðarinnar Góu.

Það er óhætt að segja að Góa hafi vart litið um öxl síðan Helgi byrjaði í karamellunum. Fyrirtækið flutti nýlega í sex þúsund fermetra húsnæði við Garðahraun, á mótum Garðabæjar og Hafnarfjarðar, og

ekkert lát virðist vera á velgengninni. „Í dag er sælgætið frá okkur inni á öllum heimilum, nema þeirra sem er illa við mig,“ segir Helgi hlægjandi.

Helgi segir miklu muna að vera í eigin húsnæði. Í upphafi hafi Góa hrökklast úr einu leigu-húsnæðinu í annað: „Við keyptum svo loksins hús í Hafnarfirðinum og vorum þar í tuttugu ár þangað til við fluttum hingað í Garðahraunið. Það er algerlega nauðsynlegt að vera í eigin húsnæði.“

Sælgætisgerðin Góa
Stofnuð 1968 af Helga Vilhjálmssyni
Fjöldi starfsmanna: Um fjörutíu
Höfundstöðvar: Garðahrauni 2, Garðabæ



Það er greinilegt að Helga er mikið í mun að vera bara einn af hópnum: „Ég hef aldrei verið hrifinn af titlum og slíku þrjáli. Þeir hafa aldrei og munu aldrei gefa manni neitt. Ég vil frekar vera kallaður Helgi í Góu en forstjóri eða eitthvað slíkt.“

Á Íslandi eru í dag sex þúsund manns án atvinnu. Helgi hefur sterkar skoðanir á því, eins og svo mörgu öðru: „Það fer hreinlega um mann að fletta dagblöðunum og sjá allar atvinnuauklýsingarnar, svo eru þúsundir manna atvinnulausar. Þetta stenst ekki skoðun“

Hann segir að skuldinni megi að miklu leyti skella á verkalýðsfélögin, sem fá allt of mikla meðgjöf frá ríkinu: „Í síðustu kjarasamningnum varð mest hækkun á atvinnuleysisbótunum. Það er svo komið að aðalkeppinautur okkar atvinnurekenda um starfsfólk er atvinnuleysið.“

Helgi heldur áfram: „Ég sé ekkert að því að öryrkjar og annað fólk sem á við vanda að stríða fái bætur en þegar fólk í blóma lífsins vill heldur stimpla sig inn einu sinni í mánuði, og fá fyrir það fín laun, finnst mér nóg

komið. Ég er með eina 89 ára í vinnu hjá mér, líklega elsta starfsmann í heimi, og ekki kvartar hún. Hún skilar sínu og vel það, rífur meira að segja kjaft.“

„HEFÐI KEYPT MÉR KADILJÁK“

Helgi vill ekki gefa upp nákvæmar tölur úr rekstri Góu, segist hreinlega ekki vera með þess konar hluti á hreinu: „Ég hef aldrei spáð í tölur, til þess eru endurskoðendur. Ætli veltan sé ekki einn til tveir milljarðar, ég er bara ekki með síðustu tölur á takteinum.“

Hann segir það þó vilja brenna við að menn forgangsraði vitlaust: „Það vill oft gleymast að það er það sem eftir stendur sem skiptir máli, hvað afgangurinn er góður eftir öll þessi ár.“

Framtíðin er björt að mati Helga. Hann segir gríðarlegar breytingar hafa orðið á þjóðfélaginu frá því hann ólst upp og flest til batnaðar: „Þegar ég var ungur fengu nokkrir útvaldir lán, nú getur ungt fólk fengið splunkunýjan bíl fyrir sextán þúsund krónur á mánuði. Hefði þetta verið hægt þegar ég var ungur hefði ég líklega unnið tíu tíma í næturvinnu og keypt mér Kadilják í stað þess að vera sífellt að púkka upp á einhverjar druslur.“

„Ég er ekki með nægilega marga putta til að telja allt fólkið sem vinnur hérna. Því virðist þó alltaf fjölga er nær dregur mánaðamótum og útborgunardegi.“



HELGI VILHJÁLMSOIN Í GÓU Helgi segir Ísland hálfgerða Paradísareyju, fólk hafi allt til alls og geti jafnvel keypt sér nýjan bíl fyrir sextán þúsund krónur á mánuði: „Hefði þetta verið hægt þegar ég var ungur hefði ég líklega unnið tíu tíma í næturvinnu og keypt mér Kadilják í stað þess að vera sífellt að púkka upp á einhverjar druslur.“

Canon

PRENTLAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI

Hraði og hagkvæmni í fyrirrúmi



Canon W6400 plotter A1=610 mm

- Fullkominn teikningaprentari.
- Hraðvirkur - A1 ljósmynd á 1.3 mín.
- Hágæði - 2400x1200 upplausn, UV blek.
- Full blæðandi ljósmyndaprentun.
- Lágur rekstrarkostnaður með Single Ink hylkjum.
- Netstuðningur við Mac og PC (aukabúnaður).
- Standur undir prentara fylgir með.

Tilboðsverð 219.900 kr.
Listaverð 279.800 kr.

Canon iR3100cn „Smart Colour“

Fjölnota litaprentari/ljósritunarvél fyrir fyrirtæki og stofnanir.

- Matari, raðari og skápur.
- A4 prenthraði: 31 bls. mín í svarthvítu, 7 bls. í lit.
- A3 prenthraði: 16 bls. mín í svarthvítu, 3.5 bls. í lit.
- Upplausn: Ljósritun/skönnun: 600x600 dpi. Prentun: 2400x600 dpi.
- Nánari upplýsingar á: <http://canon.nyherji.is/fjolnotataeki>

Tilboðsverð 699.900 kr.



Aukabúnaður

Canon iR2270

Hagkvæm og sveigjanleg prentlausn fyrir meðalstóra skrifstofuhópa.

- Matari, raðari, heftari, skápur og prentkort í einu tæki.
- Duplex - sjálfvirk bakritun.
- Möguleikar á fullkomnum skjalafrágangi.
- Þróaðir öryggismöguleikar fyrir gögn.
- A4 prenthraði: 22 bls. á mín. í svarthvítu.
- A3 prenthraði: 14 bls. á mín. í svarthvítu.
- Sendir, geymir, sækir og deilir gögnum yfir Netið (aukabúnaður).

Tilboðsverð 399.900 kr.



Aukabúnaður



NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík
Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Söluaðilar um land allt. Nánari upplýsingar um Canon eru á www.canon.nyherji.is

FÓLK Á FERLI

RAKEL SVEINSDÓTTIR hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Fjölmíðlavaktarinnar, systurfélags Láns-



trausts. Rakel starf-
aði lengi sem sölu-
stjóri Morgunblaðs-
ins og síðar auglýs-
ingastjóri Norður-
ljósa. Rakel var
framkvæmdastjóri
Leikfélags Íslands
og síðar framkvæmdastjóri Lotus Hljóð-
setningar. Starfsemi Fjölmíðlavaktarinn-
ar hefur tekið stakkaskiptum á síðustu
mánuðum með tilkomu nýs vaktakerfis
sem hannað var fyrir fyrirtækið. Með
þessu nýja kerfi mun Fjölmíðlavaktin
bjóða upp á mun öflugri þjónustu en
áður, meðal annars klæðskerasniðna
vaktþjónustu fyrir stjórnendur og aðra
sem nýta sér vaktþjónustu til útsending-
ar í tölvupóstum. Fjölmíðlavaktin var
stofnuð af Miðlun hf. árið 1980 en keypt
af IMG árið 2000. Á síðasta ári keypti
móðurfélag Lánstrausts og Fjölmíðla-
vaktarinnar, CreditInfo Group hf., Fjöl-
míðlavaktina af IMG, en CreditInfo
Group hf. er íslenskt-alþjóðlegt fyrirtæki
með starfstöðvar í 24 löndum. Rakel
nam framleiðslustjórnun fyrir sjónvarp í
Columbia College árið 1991 til 1992 en
Viðskipta- og rekstrarfræði í EHI 1998 til
2000.

BESTA RÁÐIÐ

Fyrsti samningurinn, ekki sá síðasti

„Besta ráðið fékk ég frá afa mínum og nafna, Kristni Kolbeini Albertssyni, stofnanda Myllunnar. Hann sagði að maður ætti alltaf að hugsa þannig að maður væri að gera sinn fyrsta samning en ekki þann síðasta, þannig að maður ætti afturkvæmt að samninga-
borðinu,“ segir Kristinn Vilbergsson, forstjóri Pennans.

Kristinn segist alltaf hafa litið upp til afa síns: „Ég spurði hann einhverju sinni ráða og þá laumaði hann þessu að mér. Mér fannst hann afskaplega merkilegur maður og hann var mikill frumkvöðull í sínu starfi.“

Ráðið hefur nýst Kristni vel að eigin sögn, hann hefur í það minnsta ekki þurft að slíta samskiptum við neinn viðskiptafélaga sinna: „Þetta á við um alla samninga sem gerðir eru, ekki bara samninga um kaup og sölur. Ég hef reynt að fylgja þessu og hef hingað til alltaf átt afturkvæmt að samningaborðinu.“ - jsk



KRISTINN VILBERGSSON, FORSTJÓRI PENNANS Besta ráðið fékk Kristinn frá afa sínum og nafna: „Mér fannst hann afskaplega merkilegur maður og hann var mikill frumkvöðull í sínu starfi.“

Viðskiptafræðingar

Leitum að viðskiptafræðingum með starfsreynslu.

Í stöfunum felast m.a. eftirtalin verkefni:

- Uppgjörsvinna, eftirlit með afstemmingum og greiningarvinna
- Uppsetning ársreikninga og ársfjórðungsreikninga móðurfélags og samstæðu
- Þátttaka í stefnumótun er varðar innra uppgjör og endurskoðun reikninga
- Skattamál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Cand. Oecon. af endurskoðunarsviði eða B.Sc. af fjármála- og reikningshaldssviði
- A.m.k. 3-5 ára reynsla af störfum við uppgjör og/ eða endurskoðun
- Reynsla af samstæðuuppgjörum er kostur
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í hópi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með stöfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Helga Jónsdóttir (helga@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 1. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Framkvæmdastjóri

Stjórn KEA svf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.



Kaupfélag Eyfirðinga er ein stærsta fjölda-hreyfing landsins, með um 7800 félagsmenn og hefur þann megin tilgang að vinna að hagsmunum félagsmanna sinna og efla búsetu á starfssvæði sínu. Kaupfélag Eyfirðinga hefur ekki með höndum atvinnurekstur í eiginlegum skilningi, en stofnar og rekur hlutafélög og fyrirtæki sem ýmist eru að fullu í eigu KEA eða í sameign með öðrum aðilum.

Félagið rekur einnig menningar- og viðurkenningarsjóð sem styður bæði fjölbætt verkefni einstaklinga og félagasamtaka. Félagið er einnig stór aðili að Vaxtarsamningi Eyjafjarðar og langtímavirkefnum á borð við gerð Vaðlaheidiarganga og fleira. Nánar um starfsemi Kaupfélags Eyfirðinga svf. á heimasíðu félagsins www.kea.is

Starfssvið

- Öll almenn framkvæmdastjórn og yfirumsjón með öllum verkefnum félagsins samkvæmt samþykktum og starfsreglum þess.
- Ábyrgð á fjárreiðum, fjárvörslu og ávöxtun fjármuna félagsins og yfirstjórn einstakra sviða.
- Vera formælandi félagsins út á við og gæta hagsmuna þess í hvívetna.
- Hafa frumkvæði að stefnumótun, þróun og skipulagi félagsins.
- Leggja upp og undirbúa verkefni stjórnar, umfjöllun og úrvinnslu.
- Framkvæmdastjóri er stjórnarformaður Hildings og Framtaks-sjóðsins.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun er æskileg.
- Áhersla er lögð á umsækjandi hafi umtalsverðan styrkleika sem leiðtogi og sem talsmaður og formælandi félagsins. Eigi auðvelt með að leggja upp mál og greina, hafi jafnframt góða þekkingu og tengingu við fyrir-tækjaumhverfið.
- Reynsla af stjórnunarstörfum og/eða haldgóð þekking á fjárfestingum í atvinnulífi er mikilvæg.

Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 27. ágúst nk. Númer starfs er **4753**.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Baldur Jónsson. Netföng: thorir@hagvangur.is og baldur@hagvangur.is.

 **HAGVANGUR**
- við ráðum

Vísbending um ójafnvægi

Árið 2004 nam viðskiptahallinn við útlönd tæpum sjötíu milljörðum króna eða um átta prósentum af landsframleiðslu. Arnór Sig-
hvatsson, aðalhafnisskrifari Seðlabanka Íslands, segir að það stefni í methalla í ár.

Af hverju myndast viðskiptahalli við útlönd?

Halli getur myndast af ýmsum ástæðum. Almennt gildir að ef vöxtur innlendrar eftirspurnar er hraður miðað við vöxt erlendrar eftirspurnar og útflutnings myndast halli á viðskiptum við útlönd. Hvaða ástæður liggja þar að baki er hins vegar afar breytilegt. Í tilfelli Íslands nú leggjast á eitt, fjárfestingarbylgja og kerfisbreytingar á fjármálamarkaði sem hafa magnað einkaneyslu og fjárfestingu og þar af leiðandi innflutning neyslu- og fjárfestingarvöru. Einnig getur viðskiptahalli myndast vegna samdráttar í útflutningi (t.d. vegna aflabrests) eða skyndilegra breytinga á viðskiptakjörum þjóðarþúsins. Það sem af er þessu ári skiptir mikill innflutningur neysluvöru, einkum af varanlegu tagi, mestu máli.

Stefnir í að viðskiptahallinn verði mikill í ár?

Það stefnir í methalla á þessu ári. Seðlabankinn spáði í júní að viðskiptahallinn næmi 12 prósentum af landsframleiðslu í ár, en nú er útlit fyrir að hallinn verði töluvert meiri en

bankinn spáði þá. Meginástæðan er gríðarlega hraður vöxtur innflutnings neyslu- og fjárfestingarvöru.

Hefur alltaf verið halli á viðskiptum Íslendinga við útlönd síðastliðna áratugi?

Nei, árin 1993, 1994, 1995 og 2002 var t.d. afgangur, einnig nokkrum sinnum á 7., 8. og 9. áratugnum. Oftast hefur þó verið töluvert halli.

Er viðskiptahalli eitthvað sem við verðum að hafa áhyggjur af?

Viðskiptahalli sem nemur meira en 2-3 prósentum af landsframleiðslu er ekki líklegur til að geta staðist til lengdar og halli sem mælist í tveggja stafa tölu alls ekki. Svo mikill halli er skýr vísbending um umtalsvert ójafnvægi í þjóðar-

búskapnum, sem til lengdar mun krefjast aðlögunar, annað hvort í formi minni hagvaxtar eða lægra gengis (sem dregur úr innflutningi og örvar útflutning), en oftast hvort tveggja. Í mörgum tilfellum hefur slík aðlögun leitt til verulegs samdráttar landsframleiðslu. Ef mikil og arðbær fjárfesting er meginrót mikils viðskiptahalla eru meiri líkur á að aðlögunin verði án verulegs samdráttar, þar sem jafnvægi kemst á með auknum útflutningi.

Hver greiðir viðskiptahallann?

Fólkið og fyrirtækin í landinu, þegar skuldirnar sem verða til á hallatímabilum eru greiddar til baka.

Viðskiptahallinn í hámarki

Allt stefnir í að viðskiptahallinn í ár verði sá mesti í sögu lýðveldisins Ísland. Sérfræðingar segja ástæðu til að fylgjast með þróun mála en ekki tilefni til að örvænta. **Björgvin Guðmundsson** segir gengisþróun krónunnar skipta miklu í því samhengi.

„Já, það er ástæða til að hafa áhyggjur. Rannsóknir benda til þess að mikill viðskiptahalli sé vísbending um að efnahagslegir erfiðleikar kunni að vera fram undan,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, aðspurður um hvort mikill viðskiptahalli hér á landi sé áhyggjuefni. Sú staða sem sé komin upp eigi að minnsta kosti að fá menn til þess að velta stöðu efnahagsmála fyrir sér og bregðast við.

Ingólfur segir viðskiptahallann að stórum hluta til kominn vegna stóriðjuframkvæmda sem nú standa yfir. Í sama streng taka Ásgeir Jónsson hjá greiningardeild KB banka og Lúðvík Elíasson hjá greiningardeild Landsbankans.

Ásgeir bendir á að viðskiptahallinn í ár sé í eðli sínu mjög svipaður og hann var árið 2000 og megi rekja bæði til neyslu og fjárfestinga. Til dæmis var slegið met í innflutningi á bifreiðum bæði þá og nú. „Hallinn virðist þó ætla að verða nokkuð meiri nú en árið 2000 eða um þrettán prósent í ár en var um tíu prósent árið 2000. Það sem er þó öðruvísi við hallann nú er að stóriðjuframkvæmdir hafa lagt drjúgum til hans auk mikils vaxtar í íbúðarbyggingum. Erfitt er að segja nákvæmlega hversu stóran hluta viðskiptahallans er að rekja til stóriðjuframkvæmda en líklegast er það um 25 til 30 prósent,“ segir hann.

SÆKJA LÁNSFÉ TIL ÚTLANDA

Lúðvík bendir líka á að kaupmáttur er meiri nú og aðgengi að lánsfé betra. Auk þess séu þáttatekjur farnar að vega töluvert þyngra í viðskiptajöfnuði en áður. Mikill vaxtamunur gerir það arðsamt að sækja lánsfé til útlána og endurlána hér á landi. Í því felist vissulega áhætta vegna þess að gengið er töluvert hærra nú en svarar til jafnvægis í hagkerfinu.

Ingólfur Bender segir að sá hluti viðskiptahallans sem er til kominn vegna stóriðjuframkvæmda muni af sjálfu sér hverfa þegar þeim lýkur án teljandi erfiðleika. Hins vegar beri að hafa áhyggjur af því að heimilin séu að taka út aukinn kaupmátt fyrir fram og það skýri um helming af aukningu viðskiptahallans. „Hann mun að okkar mati kalla á leiðréttingu í formi gengislækkunar krónunnar og marka þannig endann á þessu hagvaxtarskeiði, sem við eru nú á. Við teljum svo sem ekki vera stórvægilega hættu í þessu en að lækkun á gengi krónunnar um fimmtung gæti vel verið inni í myndinni og þá frá núverandi gildi.“

DREGUR ÚR HALLANUM

Ásgeir segir aðspurður líklegt að heldur dragi úr viðskiptahallanum á næsta ári vegna minni innflutnings. „Leggst þar þrennt til. Líklegt er að heldur dragi úr neyslu eftir því sem líður á næsta vetur þegar núverandi hagsveifla tekur að hníga. Markaður með bíla virðist vera mettaður og líklegt að heldur dragi úr innflutningi þeirra á næsta ári. Enn fremur er líklegt að íbúðabyggingar hafi nú náð hámarki og heldur dragi úr næstu misserum og loks muni stóriðjuframkvæmdirnar ná hámarki í ár og á næsta ári.“

HVAÐ ER VIÐSKIPTAJÖFNUÐUR?

- Viðskiptajöfnuður er samtala vöruskiptajafnaðar, þjónustujafnaðar og jafnaðar þáttatekna gagnvart útlöndum.
- Vöruskiptajöfnuður sýnir mismuninn á verðmæti útflutnings og innflutnings á vörum. Ef innflutningur er talað um vöruskiptahalla.
- Þjónustujöfnuður sýnir mismuninn á verðmæti útflutnings og innflutnings á þjónustu, til dæmis vegna ferðamanna, samgangna, trygginga.
- Jöfnuður þáttatekna sýnir vaxtagreiðslur til og frá útlöndum og launagreiðslur frá útlöndum til Íslendinga sem tímabundið starfa erlendis að frádregnum hliðstæðum greiðslum til útlendinga sem hér starfa.



LÚÐVÍK ELÍASSON Arðsamt að sækja lánsfé til útlána.



ÁSGEIR JÓNSSON Viðskiptahallinn meiri nú en 2000.



INGÓLFUR BENDER Vísbending um efnahagslega erfiðleika.

Lúðvík telur að minni innflutningur vegna einkaneyslu muni haldast í hendur við gengislækkun þegar frá líður. „Ég geri þó ekki ráð fyrir að gengislækkunin verði jafn skörp og 2001 og samdráttur viðskiptahallans vegna þess að sama skapi hægari. Lægra gengi mun síðan leiða til meiri útflutnings og til viðbótar mun stóriðjan skila einhverjum útflutningstekjum síðar meir. Allt þetta leiðir til þess að viðskiptahallinn mun minnka,“ segir hann.

MARGT HEFUR ÁHRIF

Ingólfur bendir á að mjög margt hefur áhrif á stærð viðskiptahallans, svo sem afli, fiskverð, olíuverð, innlendir og erlendir vextir og gengi krónunnar. „Með því að spá fyrir um þessa þætti má oft komast glettilega nálægt því að spá fyrir um viðskiptahallann með ásættanlegri vissu. Það verður samt að viðurkennast að margir af þeim þáttum, sem hafa áhrif á viðskiptahallann, eru þættir sem ekki er hægt að sjá fyrir. Spánum verður því ávallt að taka með þeim fyrirvara.“

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30


90,9

Allt til innpökkunar!

GRÆNN MARKAÐUR

Eingöngu sala til fyrirtækja. Opíð frá kl. 08.00-16.00.

Réttarhalsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@fora.is





NÍU ÍSLENSKIR SJÓNVARPSPÆTTIR!

Á SIRKUS Í VETUR VERÐA NÍU INNLENDIR ÆTTIR - FLEIRI EN Á NOKKURRI ANNARRI STÖÐ!
ÞEIR ERU: KVÖLDÞÁTTURINN, VEGGFÓÐUR, IDOL EXTRA, SIRKUS RVK, SJÁÐU, ÍSLENSKI LISTINN,
SÚPERSPORT OG GAME TV. NÍUNDI ÞÁTTURINN ER ALGJÖRT LEYNDÓ, MYNDAÐUR AÐ MESTU
ERLENDIS OG VERÐUR KYNNTUR Í NÆSTA MÁNUÐI. FYLGSTU MEÐ.





Gefur frá sér tíu milljónir dala

Miðherjatrölloð Shaquille O'Neal hjá Miami Heat í bandarísku NBA-körfuknattleiksdeildinni hefur gert fimm ára samning fyrir eitt hundrað milljónir dala (um 6,5 milljarða). Shaq spilar því fyrir Heat þar til hann er orðinn 38 ára gamall.

Hann átti að fá 30 milljónir dala fyrir næsta keppnistímabil en ákvað að binda sig til lengri tíma með því að þiggja nýjan samning og fær því aðeins tuttugu milljónir dala á næsta leikári. Þetta er ekki til marks um slæma samningatækni hins tröllvaxna miðherja heldur frekar dæmi um vilja hans að hjálpa liði sínu að fá nýja leikmenn. Miami er talið mjög líklegt til að hreppa NBA-titilinn á næsta ári.

Samningurinn er forvitnilegur fyrir þær sakir að Shaq höfðu verið boðnar 125 milljónir dala til jafn langs tíma. Shaq bauð á móti 100 milljónir.

Næstu skref bankanna

Á markaðnum bíða menn spennir eftir næstu útrásarhreyfingum bankanna. Breska fjármálafyrirtækið Collins Stewart var í umræðu breskra blaða vegna hugsanlegrar yfirtöku. Landsbankinn er talinn áhugasamur og herma fregnir að Halldór J. Kristjánsson hafi varla sést hér á landi að undanfögnu. KB banki hefur einnig verið nefndur til sögunnar, en talið er að bankinn hafi í nógu að snúast í bili í London með því að tvínnar rekstur Singer and Friedlander inn í reksturinn. Collins Stewart er verðbréfafyrirtæki, en margir eru á því að Landsbankinn muni frekar ráðast í kaup á lánabanka sem myndi styrkja bankann varðandi lánsþæfismat. Þá eru uppi raddir um að Landsbankinn hyggi á frekari framrás í Carnegie.

On the road

KB bankamenn hafa staðið sig vel í bankakaupum, en áherslan á næstunni verður að selja banka. Ekki banka í heilu lagi, heldur mun forstjóri Kaupþingsbanka verða á fleygiferð í september að kynna bankann erlendum fjárfestum á svokölluðu „roadshowi“. Verðmæti Kaupþingsbanka á markaði nálgast nú 400 milljarða, sem er hálf landsframleiðsla, og slík fyrirferð segir til sín á ekki stærri markaði. Það skiptir því bankann miklu að fá sterka erlenda fjárfesta í hluthafahópinn. Slíkar kynningar hafa oft tekist vel. Varanlegastur hefur árangurinn orðið af slíku starfi Össurar, en sem dæmi um önnur velheppnuð „roadshow“ má nefna Öz og DeCode.

223

Hagnaður Kögunar eftir skatta fyrstu sex mánuði ársins var 223 milljónir króna.

13

Aukning veltu í dagvöru nam 13 prósentum hér á landi í maí miðað við árið 2004.

9,26

Gengi Finnair var 9,26 evrur á hlut og hefur ekki verið hærra síðan árið 1998.



Freeway

Frá 9-18 kg. (eða frá u.þ.b. 9 mánaða til 3-4 ára.) - Ólar stólsins eru stillanlegar eftir stærð barnsins. Stólinn er hægt að festa með 2ja eða 3ja punkta belti, helst skal nota 3ja punkta.



TRIO

Hérna er nýjung frá Britax, stólinn má nota á þrjá vegu: Sem hefðbundinn barnabílstól, fyrir stærri krakka en þá eru belti bílsins notuð og í þriðja lagi sem setu fyrir enn stærri börn.



First Class

Frá 0-18 kíló eða frá fæðingu að 4ra ára aldri. Hægt er að nota bæði fram og bakvisandi. Mjög góður stóll fyrir barn sem er að stækka upp úr ungubarnabílstól.



Rock a Tot

Stólinn er ætlaður börnum u.þ.b. 13 kílóum eða 9-13 mánaða. Stólinn er hannaður til að setja ofan á kerru.



Britax

Setjum barnið okkar alltaf í besta sætið

Britax er leiðandi í þróun bílstóla í heiminum í dag, margir bilframleiðendur leita til Britax þegar kemur að hönnun öryggismála yngstu farþeganna

Britax hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir þróun barnabílstóla



Eclipse Si

Frá 9-18 kíló eða frá 9 mánaða til 4ra ára. Ávallt skal passa að ólar séu rétt yfir axlarhæð barnsins. Stólinn er festur með bæði 2ja og 3ja punkta belti.



Baby Sure

Frá fæðingu til allt að 13 kg. Snýr ávallt baki í akstursstefnu. Stólinn má aldrei setja í framsæti með öryggisloftþúða.



Hiliner

Britax seta með háu baki. - Ætlaður börnum frá 15-36 kílóa eða 4 - 11 ára. Upphækkaða bakið er með sérstökum hliðarstuðningi.



Duo plus.

Frá 9-18 kíló eða 4-9 ára.

ISOFIX er nýr staðall fyrir barnabílstóla og eru festingar þeirra samrýmdar í allflestar bíltegundir sem framleiddar eru í dag. Festingin er beint í grind bílsins. (sjá mynd)



Ranger

Britax seta með baki. - Ætlaður börnum frá 15 - 36 kíló eða 4-11 ára.



Cosy Tot

Frá fæðingu allt að 13 kíló. Stólinn snýr ávallt baki í akstursstefnu. Stólinn má aldrei setja í framsæti með öryggisloftþúða.



Reynslumesti stólinn á götunni í dag!



Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík • Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Til sölu er Hafróss KE-2 (1294). Smíðaður árið 1973, Mál: 10,9 brl. Ml. 11,7m Ford mermaid vél skráð 115 hestöfl eða 85kW. ágerð 1989. Allt fylgifé bátsins fylgir s.s. þrjár Dng færavindur og öll fiskleitar og siglingatæki fylgja. Selst án aflaheimilda. Skipamiðlunin ehf, Batar & Kvóti, Sími 5-888-111. www.skipa-sala.com Síðumúli 33.

Flug

Flugskóli Reykjavíkur
Útlega eins- og fjölhreyfla flugvéla með og án flugmanna. Einkaflugmannspakki kr. 695.000. Uppl. í síma 562 2100 & 696 8447 info@flugskoli.com

Hjólbarðar

NÚÐÉK
Símanúmer 5 • 108 Reykjavík
Eina verkstæðið sem er opið á sunnudögum
Opíð virka daga 08-18
Opíð um helgar 12-18
Símar 553 5777, 663 5776

Lyftaradekk á lager

KRAFTVÉLAR
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is



18" felgur með dekkjum á M. Benz, passar á E & C body. Verð 90 þús. S. 897 0770.

Varahlutir

BENZ BMW OPEL

Bifreið.is
Varahlutir
Hjálahrauni 4 - s 555 0885

Ópel partar

Vectra, Astra, Corsa '94-'03. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 553 9900, 845 2996.

Bílhutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílapartasalan Ás

Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

ÓDÝRIR VARAHLUTIR
Í flestar gerðir bifreiða. Sérpöntum notaða varahluti í nýlegar bifreiðar. Eigum til endurbýggðar kveikjur og tölvuheila í MMC, Honda, Nissan og Mazda.
Daks
s. 567-6860

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opíð 8-18 Lau. 10-15.

Hedd 557 7551

Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Bens, VW, Musso, Skoda og fl. Opíð mán.-föst 9-18.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

S. 555 3560

Bílapartar og þjónusta eigum varahluti í flestar gerðir bíla. Dalshrauni 20.

Aðalpartasalan s. 565 9700

Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partaland, Stórhöfða 18, s. 567 4100. Varahlutir í Pajero og Lancer '89-'00, Trooper '98-'03, Terrano II '00 o.fl. teg.

bilapartar.is

Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opíð virka daga frá 10-18.

Vantar 2.0L vél og framstuðara í Nissan Primera árg. '97. Upplýsingar í s. 891 7394.

Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 22. júlí 2005 tillögu að deiliskipulagi Sundlaugar Kópavogs á Rútstúni. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Borgarholtsbraut í norður, Skjólbraut og lóðarmörkum Skjólbrautar 22 í austur, Kópavogsbraut í suður og af Urðarbraut í vestur. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að Rútstúnið verði óbreytt en að hluti eldri mannvirkja laugarinnar þ.e. barnalaug, gufubað, heitir pottar og útiklefar verði fjarlægð. Þess í stað verði sundlaugarhús stækkað til norðausturs. Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir að á sundlaugarsvæðinu verði byggð eimböð, útigeymslur fyrir sundlaugarbúnað, heitir pottar, rennibrautir og annað er tengist starfsemi laugarinnar. Áætlað er að nýbyggingar verði að hámarki 2000 m2 að flatarmáli. Fyrirkomulag bílastæða er að mestu óbreytt. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 29. apríl 2005. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 1. júní til 29. júní 2005 með athugasemdafresti til 13. júlí 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 24. ágúst 2005.

Valla- og Vindakór. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 21. október 2004 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Valla- og Vindakór. Í tillögunni felst að byggð vera 7 fjölbýlishús 2ja til 5 hæða í stað fjögurra háhýsa 9- 14 hæða. Fjöldi íbúða verður óbreyttur eða 180 íbúðir. Aðkomu að fyrirhuguðu miðhverfi breytist jafnframt ásamt fyrirkomulagi bílastæða og fyrirhugað byggingarmagn í atvinnuhúsnæði er aukið um 2.000 m2 þ.e. úr 13.000 m2 í 15.000 m2. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 3. september til 1. október 2004 með athugasemdafresti til 18. október 2004. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 24. ágúst 2005.

Kórar (Hörðuvellir). Heilsu-, íþrótt- og fræðasetur. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 24. júlí 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir heilsu-, íþrótt- og fræðasetur í Kórum (Hörðuvöllum) þ.e. Vallakór 10, 12 og 14. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vatnsendavegi til norðurs, fyrirhuguðu íbúðarsvæði Þinga (Suðursvæði) til austurs, hesthúsahverfinu í Heimsenda í suður og fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Tröllakór í vestur. Í tillögunni felst að gerðir verða 3 knattspyrnuvellar (68x105m hver); knattús (yfirbyggður knattspyrnuvöllur) allt að 25m hátt og íþróttahús á 1-2 hæðum auk kjallara (keppnissalur, búningsaðstaða, skrifstofur, líkamsræktarstöð ásamt sundlaug). Þá er í tillögunni gert ráð fyrir framhaldsskóla á svæðinu, byggingu sem er áætluð á þremur hæðum auk kjallara. Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir 3 hæða verslunar-, þjónustu- og heilsumiðstöð á fyrirhuguðu miðbæjarsvæði þ.e. Vallakór 10. Í austurhluta byggingarinnar er gert ráð fyrir 9 hæða byggingu fyrir gistiheimili og íbúðir. Undir byggingunni er gert ráð fyrir bílastæðakjallara. Aðkoma að svæðinu breytist ásamt fjölda og fyrirkomulagi bílastæða svo og gönguleiða. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skilmálum dags.19. mars 2005 og breytt 1. maí 2005. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 11. maí til 8. júní 2005 með athugasemdafresti til 22. júní 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 24. ágúst 2005.

Klapparkór 1. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 18. ágúst 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Klappakór 1. Í breytingunni felst heimild til að hækka hluta hússins um eina hæð og fjölga íbúðum um tvær, þær verði 17 í stað 15. Fyrirkomulag bílastæða og niðurgraffinnar bílageymslu er jafnframt breytt. Bílastæðum er fjölgað um fjögur. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 15. mars 2005. Tillagan var auglýst frá 20. apríl til 18. maí 2005 með athugasemdafresti til 1. júní 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 24. ágúst 2005.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Perla Íslands - Þingvallavatn



Eignarlóðir til sölu við Þingvallavatn!

Vorum að fá í einkasölumeðferð 23 eignarlóðir fyrir frístundahús á frábærum stað við Hestvík við Þingvallavatn.

Skipulag hefur verið samþykkt og eru lóðirnar byggingarhæfar strax. Lóðirnar eru staðsettar í stórkostlegu landslagi með miklum karakter.

Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús á lóð auk 25 fm gestahúss. Óviðjafnanlegt útsýni er yfir Þingvallavatn.

Öllum lóðunum fylgir réttur til að geyma báta í fjörunni við Hestvík.

Lóðirnar verða seldar í þremur áföngum og eru þær staðsettar á tveimur svæðum sem liggja að Hestvík við Þingvallavatn.

Lóðirnar eru vel aðgreindar og merktar með númeri og því auðvelt að finna þær.

Á heimasíðu www.holl.is er að finna ýmsar viðbótaupplýsingar ásamt fleiri myndum af svæðinu. Við hvetjum fólk til að kynna sér heimasíðuna.

Sýndar verða lóðir í áfanga 1 sunnudag kl 14-17

Sölufyrirkomulag

Ef nýtt og hærra boð berst, er gert ráð fyrir að Margrét hringi í þá einstaklinga sem eiga þegar inni tilboð í viðkomandi skika, upplýsi þá um hið nýja tilboð og komist að því hvort viðkomandi hafi áhuga að vera með í frekari tilboðum í viðkomandi lóð. Ekki verður tekið við tilboðum frá félagasamtökum, einungis einstaklingum og mikilvægt er að á tilboði komi fram hver hinn eiginlegi kaupandi sé. Umboðsmenn geta því ekki keypt lóðir og framselt til annarra, án þess að fyrir liggi gilt umboð frá kaupanda. Allar lóðir verða seldar með ákvæði um forkaupsrétt landeiganda ef til nýrrar sölu kemur. Þótt ávallt sé upplýst um fyrirliggjandi tilboð (viðkomandi upphæð) hverju sinni er fyllstu nafnleyndar gætt þannig að ekki er upplýst hver er á bak við viðkomandi tilboð og endanlegt söluverð er einnig trúnaðarmál. Seljandi áskilur rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

Lóðir seldar í áfanga 1 skilafrestur 1. sept. 2005.


Jórugil 1	8.000 fm
Jórugil 3	6.800 fm
Jórugil 5	7.400 fm
Jónslaut 1	10.000 fm



Við Jórugil 1, 3 og 5 er samtals um að ræða 2,2 hektara afgirt eignarland á einstökum útsýnisstað við Hestvík við Þingvallavatn. Girt er af mun stærra svæði en sem nemur lóðunum en allt svæðið er samtals 3,9 hektarar. Sérafnotaréttur af því svæði fylgir lóðunum við Jórugil.

Gert er ráð fyrir að lóðirnar við Jórugil verði seldar í sitt hvoru lagi en heimilt er þó að gera tilboð í þessar þrjár lóðir í einu lagi. Einkaborhola með köldu vatni fylgir lóðunum þremur sem og einkaheimreið.

Í áfanga 1 er einnig seld skammtilega staðsett og skjólgóð lóð við Jónslaut 1 sem stendur stök við útivistarsvæði. Glæsilegt útsýni er frá lóðinni út yfir Þingvallavatn en fyrir liggur að ekki verður byggt fyrir framan þessa lóð. Lóðinni fylgir eigin borhola með köldu vatni. Öllum lóðunum fylgir réttur til að geyma báta í fjörunni við Hestvík.



Helstu akstursleiðir frá Reykjavík




Vegalengd um 35 km frá Reykjavík (Nesjavallaleið)

Ef ekið er frá Reykjavík eftir Suðurlandsvegi er beygt til vinstri í átt að Hafravatni og síðan ekið meðfram hitaveituröri yfir heiðina að vegamótum Grafningsvegur. Þar er aftur beygt til vinstri og ekið eftir Grafningsvegi í áttina að Heiðarbæ, alls um 3,5 km að afleggjara til hægri að Jónslaut og Illagili. Afleggjari að lóðum við Jórugil er til hægri út frá Grafningsvegi um 400 metrum norðar eða um 3,9 km frá vegamótum Nesjavallavegar. Við þennan afleggjara eru tveir tréstarar með gulri keðju, sem sjást þegar ekið hefur verið upp brekku meðfram giliinu. Ekið er eftir þessum afleggjara nokkra tugi metra þar sem hægt er að leggja bílum.

Vegalengd um 40 km frá Reykjavík (Mosfellsheiði)

Ef ekið er frá Reykjavík eftir Vesturlandsvegi er ekið í átt til Þingvalla yfir Mosfellsheiði þar til komið er að Grafningsvegi. Þar er beygt til hægri og ekið í áttina að Nesjum og Nesjavöllum. Frá þessum vegamótum eru um 6,5 km að afleggjara að Jórugili sem er þá á vinstri hönd (tveir tréstarar og gul keðja) skömmu eftir að ekið hefur verið fram hjá nýrri spennustöð sem einnig er vinstra megin við Grafningsveg. Afleggjari að Jónslaut og Illagili er hins vegar um það bil 400 metrum sunnar á Grafningsvegi á vinstri hönd.



Afangi I
Afangi II
Afangi III

www.holi.is

Öll tilboð skulu vera skrifleg og hafa borist fasteignasölnunni Hóli innan skilafrests og merkt sem hér segir:

Fasteignasalan Hóli,
b.t. Margrétar Sölvadóttur,
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík.

Skilafrestur

Tekið er á móti tilboðum vegna áfanga 1 til 1. sept. 2005.
Tekið er á móti tilboðum vegna áfanga 2 til 12. sept. 2005.
Tekið er á móti tilboðum vegna áfanga 3 til 27. sept. 2005.

Margrét Sölvadóttir hjá Fasteignasölnunni Hóli sýnir öllum áhugasömum lóðirnar í dag kl. 14-18. Þegar þú ert kominn á staðinn vinsamlega hafðu þá samband við Margréti í gsm 693-4490. Allir velkomnir!



SIJÓNARHORN



Hólsfjöll / Mynd: GVA



KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Stuðulandsbraut 110
Sími 533 5800
www.sinnet.is/strond

STRÖND KEF.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

TILBOÐSDAGAR
22. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER

10-40% afsláttur af öllum vörum
að auki 5% staðgreiðsluafsláttur

ÓKEYPIS NAFNGYLLING
FYLGR ATSON-LEÐURVÖRUM


Leðuríðjan ehf.
Brautarholti 4, 105 Rvk.
S: 561 0060 • atson@atson.is
Opíð: mán.-fös. 10-18

SKEMMTILEGAST
LEIÐINLEGAST

Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir, knattspyrnukona í KR
Les sér til skemmtunar

Skemmtilegast:
Það er svo margt skemmtilegt. Mér finnst skemmtilegt að ferðast og lesa. Ég les mikið fróðleik og uppbyggilegt efni og var að klára bók sem er mjög áhuga-verð lesning fyrir allar kynsystur mínar, ef svo má segja. Hún heitir He's just not that into you og er eftir Greg Behrendt og Liz Tuccillo. Einnig er ég alltaf með í bílnum mínum bók eftir Norman Vincent Peale sem heitir Positive thinking every day og les í henni á hverjum degi.

Leiðinlegast:
Að mæta þreytt og illa upplögð í vinnuna eða á æfingu. Það er alveg hundleiðinlegt. Ég reyni samt að koma í veg fyrir það með því að sofa og borða rétt.



Allt sem þú þarft
og meira til

Allt um tísku og ferðir
á fimmtudögum í Fréttablaðinu.

allt



Gögn frá El Niño hjálpa afrískum bændum sem eru líklegir til að uppskera ríkulega fyrir vikið:

Nota veðurspár og hámarka uppskeru

VÍSINDI Bændur í Afríku sem nýta sér veðurspár byggðar á gögnum sem safnað hefur verið um veðurfyrirbrigðið El Niño eru líklegir til þess að uppskera ríkulega fyrir vikið. Fram á þetta er sýnt í nýlegri rannsókn sem greint er frá í bandaríska vísindatímaritinu Proceedings of the National Academy of Sciences.

Vísindamenn kenndu bændum í fjórum þorpum í Simbabwe að nýta sér veðurspárnar en í þeim er sveiflna í úrkomu betur gætt. Þeir sem síðan ákvörðuðu út frá þeim hvenær best væri að sá, og hverju, uppskárú umtals-

vert meira en í meðalári, sérstaklega af tegundum á borð við maís.

Í upphafi tilraunarinnar, í september árið 2000, höfðu bændurnir sem fengnir voru til að taka þátt miklar efasemdir um nytsemi veðurspánna. Þremur árum síðar viðurkenndi ríflega helmingur þeirra að vel mætti nýta veðurspárnar til að ákveða tímasetningu sáningar og afbrigði til að sá. Þegar vísindamennirnir skoðuðu svo meðaltal uppskeru síðustu tveggja ára á undan kom í ljós að þeir sem nýttu sér El Niño-veðurspárnar uppskárú



BÆNDUR Í AFRÍKU Nú berst þeim hjálp úr óvæntri átt.

nær tíu prósentum meira en þeir sem litu á kennslu vísindamannana sem hverja aðra bábilju. Gera má ráð fyrir að sum-

ir bændanna hafi ákveðið að láta þá á það reyna hvort vestrænu vísindamennirnir væru kannski að segja eitthvað af viti.



NÝIR SÍMAR Starfsstúlka Samsung heldur á nýjustu þriðju kynslóðar farsímunum fyrirtækisins á tækniþýningu sem hófst í Kuala Lumpur í Malasíu í gær.



GI Fyrsta verkefni Rannsóknarnefndar umferðar-
ð kanna allar aðstæður í alvarlegum árekstri

langoftast er það nú svo að tekið er mark á ábendingum hennar.“



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSON
olikr@frettabladid.is



HVAÐA TÝPA ERT ÞÚ?

Toshiba Satellite M40-133

Intel® Centrino™ tækni
Örgjörvi: Intel Pentium M 1.6GHz 2MB
Minni: 512MB DDR (mest 2GB)
Diskur: 60GB
Skjár: 15.4" WXGA (1280x800)
Skjástýring: ATI X300 64MB
Geisladrif: DVD geislaskrifari
Media Bay kortalesari
Þráðlaus netstýring 54Mbps
10/100 netspjald og V.90 mótað
VGA & sjónvarpstengi
3x USB 2.0, FireWire
Þyngd 2.78 kg
Rafhlaða allt að 3.7 klst
Hugbúnaður: Windows XP Home,
Internet Security (90 daga),
MS OneNote 2003

Verð: 3.982 kr. á mán.*
*M.v. 36 mánaða 100% tölvukaupalán frá TM

VERÐ: 139.700 kr.

Kaupauki:
Fartölvubakpoki, mús og MS OneNote fylgir öllum Toshiba tölvum.

3 fyrir 1
Microsoft hugbúnaður fyrir þrjár heimilistölvur á aðeins 13.900 kr.

TM tölvukaupalán 100% lán
til allt að 36 mánaða á 9,5% vöxtum.
Einnig býðst fartölvutrygging fyrir lántakendur. Greitt er fyrir eitt ár en annað ár er frítt.

50 fyrstu kaupendur
Toshiba fartölvu hjá Tæknivali fá inneign í Pennanum að verðmæti 3.000 kr.

Toshiba Satellite M40-133 er mín týpa

Stílhrein og flott vél sem er ríkulega hlaðin búnaði. Öflugt skjákort gerir þér auðveldlega kleift að spila leiki. Í gegnum FireWire tengið flytur þú myndir beint úr stafrænu videótökuvélinni inn á tölvuna. Toshiba Easy Guard tryggir að gögnin þín eru öruggari. Þetta er öflug tölvu sem hentar öllum.

Hvaða TOSHIBA týpa ert þú?

Toshiba Satellite M40X Verð: 89.700 kr.	Toshiba Qosmio F10 Verð: 214.700 kr.	Toshiba Portégé Verð: 229.700 kr.	Toshiba Qosmio G20 Verð: 289.700 kr.
--	---	--------------------------------------	---

>> Kíktu á www.taeknival.is og taktu þátt í TOSHIBA-týpuleiknum og þú gætir unnið fartölvu.

Tæknival

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www.taeknival.is
Opið virka daga 9-18, laugardaga 11-16

SAMSTARFSADILAR:
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - www.penninn.is / Tölvubjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@sinnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvubjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martólvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Ísraelskir landnemar farnir frá Gaza og Vesturbakkanum.

Hvað ætlast Sharon fyrir?

Harðlínumaðurinn og fyrrum hershöfðinginn Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, hefur komið mörgum á óvart vegna ákveðinnar framgöngu sinnar undanfarna daga við að flytja byggðir ísraelskra landnema af Gaza-ströndinni. Þeim flutningum lauk á mánudagskvöldið án stórkostlegra átaka. Ísraelsmenn sem þarna bjuggu voru að vísu margir hverjir mjög tregir til að yfirgefa smáhýsin sín, þar sem þeir hafa dvalið í langan tíma, en þegar þeir mættu ákveðnu lögregluliði og hermönnum létu þeir flestir hverjir undan síga.

Það eru ákveðin tímamót í deilunum fyrir botni Miðjarðarhafsins nú þegar allir ísraelskir landnemar eru á brott frá Gaza og Vesturbakkanum. Þeir voru að vísu ekki margir á Gaza, aðeins hátt á níunda þúsund sem bjuggu í 21 þorpi. Þrátt fyrir að þeir væru ekki fleiri en raun ber vitni höfðu þessir landnemar ótrúleg áhrif og auðvitað bjuggu þeir þarna í skjóli Ísraelsstjórnar. Þeir hafa ráðið yfir fimmtungi landsvæðisins á Gaza, en til samanburðar búa þar um 1,3 milljónir Palestínumanna, sem í haust geta loks farið að ferðast um frjálsir á þessu umdeilda landsvæði og huga að uppbyggingu þess og framtíðarþróun.

Nú þegar brottflutningi frá Gaza og Vesturbakkanum er lokið tekur við uppbyggingarstarf. Það var ekki mikil mótstaða í gær þegar aðgerðir hófust á Vesturbakkanum. Þúsundir her- og lögreglumanna voru á staðnum. Þetta er í fyrsta skipti síðan 1967 sem Ísraelsmenn láta af hendi hernumið land til Palestínumanna og í fyrsta skipti sem ísraelska hernum er beitt gegn eigin landsmönnum til að framfylgja ákvörðun stjórnvalda.

Þegar Ariel Sharon tilkynnti fyrir nærri tveimur árum síðan að hann ætlaði að láta af hendi landnemabyggðir á Gaza og Vesturbakkanum vakti sú ákvörðun hans ekki aðeins mikla athygli í Ísrael, heldur víða um heim. Margir höfðu ekki trú á því að þetta gengi eftir en það er greinilega einbeittur vilji Sharons að efna þetta loforð eins og atburðir síðustu daga sýna. Aftur á móti er ekki öllum ljóst hvað hann hyggst fyrir í framtíðinni í þessum málum, en eitthvað hlýtur að búa undir. Brottflutningur landnemanna hefur þegar haft mikil pólitísk áhrif í landinu, ráðherrar hafa sagt af sér og mótmæli hafa verið hávær, en Sharon heldur sínu striki. Hann heldur því fram að þetta auki öryggi Ísraelsríkis, en það er þá undir því komið að Palestínumenn verði til friðs, annars fer allt í háaloft enn einu sinni fyrir botni Miðjarðarhafs.

Þeir Sharon og Abbas ræddust við í síma þegar síðustu landnemarnir voru á brott frá Gaza. Þá höfðu þeir ekki talast við í tvo mánuði. Þeir virðast ná betur saman en fyrri leiðtogar í hinni löngu deilu Ísraels og Palestínumanna, og það er athyglisvert að brottflutningurinn nú fer ekki fram undir miklum þrýstingu utan frá. Leiðtogarnir sjálfir virðast hafa komist að einhverju samkomulagi, hversu lengi svo sem það heldur. ■

Lítil ávinningur

Jón Steinsson hagfræðingur gerir tvær nýlegar skýrslur um þjóðhagsleg áhrif stóriðju að umtalsefni á Deiglnni.



Önnur er frá greiningardeild KB banka, hin frá Samtökum iðnaðarins. Um þá fyrrnefndu segir Jón að helsta niðurstaðan hafi verið að ávinningurinn hafi verið lítil. Þetta „byggir á því að álverin nota tiltölulega lítið af innlendum

framleiðsluþáttum eftir að þau eru tekin til starfa. Álverin eru í eigu erlendra aðila og hráefnið kemur erlendis frá. Einu innlendu framleiðsluþáttirnir sem álverin nota eru vinnuafli og raforka. Þjóðhagslegur ávinningur af álverunum er aðallega tilkominn vegna notkunar á raforku. Þetta er vegna þess að gera má ráð fyrir að starfsfólkið sem vinnur í álverinu hefði fengið álíka störf annars staðar í hagkerfinu ef álverin hefðu ekki verið byggð. Þjóðhagslegur ávinningur er lítill ... vegna þess að Landsvirkjun hefur ... selt raforkuna nálægt kostnaðarverði“.

Tómt bull?

Annað er uppi á teningnum í skýrslu Samtaka iðnaðarsins. Þar er niður-

staðan að landsframleiðslan sé 60 til 70 prósentum meiri en ef ekki hefði verið farið út í stóriðju. „Þetta þýðir að Íslendingar væru í dag fátækari en Suður-Kóreumenn ef stóriðju hefði ekki notið við,“ segir Jón. Hann bendir á að gögn Hagstofunnar sýni að framlag stóriðju til vergrar landsframleiðslu séu um 1,3%. Mat Samtaka iðnaðarins þýði því að margföldunaráhrif stóriðju hafi verið 29-föld, jöfn öllum landbúnaði, fiskveiðum, fiskvinnslu, öðrum iðnaði og byggingastarfsemi. Jón segir: „Í stuttu máli þá er skýrsla KB vel rökstudd en rannsókn Samtaka iðnaðarins tóm bull“. Einhver viðbrögð hljóta að verða við þessum skrifum.

gm@frettabladid.is

Kapítalistar allra landa...

Í DAG

FRJÁLS FJÖLMÍÐLUN

ÓLAFUR HANNIBALSSON



Í dag er ástæða til að þakka guði fyrir að Bónusfeðgar og Davíð eru ekki vinir.

verðlagningu og dreifingu lífsgæðanna.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur óneitanlega verið ötull talsmaður þess að rífa atvinnulífið upp úr þessu fari og auka frelsi manna til athafna og framkvæmda. Framan af var hann líka eindreginn talsmaður lágmarks ríkisvalds þar sem allir valdamenn hafi tilhneigingu til að misnota vald sitt, reisa sjálfum sér minnismerki fyrir almannafé, sóa skattpeningum í gagnslítill gæluverkefni, þenja endalaust út ráðuneyti og stofnanir ríkisins og raða dyggum fylgisveinum sínum þar á jöturnar. En á þessu gerir hann alltaf eina undantekningu þvert ofan í staðreyndir. Hann hefur nefnilega uppgötvað „leiðtoga lífs síns“, Davíð Oddsson, foringjann mikla og óskeikula, sem öfugt við alla aðra valdamenn heimsins hafi helgað sig því hlutverki að minnka vald sitt jafnt og þétt og færa það til fólksins! Að ríkisvaldi undir slíkri forystu verður að áliti Hannesar ekkert fundið. Í viðtali við Blaðið fyrir skömmu telur hann það hlutverk sitt að mynda „smámót-vægi“ gegn öllum nöldurskjóðunum sem standi í stöðugri og samfelldri rógsherferð gegn foringjanum mikla í öllum miðlum Baugs. Orðrétt segir Hannes: „Ágætur kunningi minn, Jón Ásgeir Jóhannesson, hefur afhent vinstri öflunum á Íslandi fjölmiðlana, sem hann á. Með því er Jón Ásgeir að grafa undan íslenskum kapitalisma. Ef menn eiga að vera bandamenn í að skapa frjálsara Ísland, þá verða þeir

að geta upplifað hvern annan sem bandamenn“.

Hér gefur Hannes hárfínt í skyn að Jón Ásgeir geti sjálfum sér um kennt hvernig fyrir honum er komið. Hefði hann bara látið fjölmiðlavelði sitt standa með kapitalistunum (les Davíð), þeir getað „upplifað hann sem bandamann“ hefði hið góða og velviljaða ríkisvald kannski látið hann í friði. „En þótt einkennilegt megi virðast þarf að vernda kapitalismann fyrir kapitalistunum“, heldur Hannes áfram. Og hverjum stendur það nær en hinu góðviljaða ríkisvaldi Davíðs að gegna því hlutverki?

Í því sambandi er athyglisvert að rifja upp að undanfarinn hálfan annan áratug hefur Hannes Hólmsteinn einmitt farið hamförum gegn frjálsum fjölmiðlum eða allt frá því að Stöð 2 komst á laggirnar sem sjálfstæður fjölmiðill. Hann hamaðist gegn Stöð 2 allan síðasta áratug og taldi hana hreiður andstæðinga Davíðs Oddssonar af því að fréttastofa Stöðvarinnar dirfðist stundum að leggja sjálfstætt mat á gerðir ríkisstjórnarinnar. Á sama tíma var unnið að því leynt og ljóst að mynda allsráðandi fjölmiðlasamsteypu undir forystu Morgunblaðsins án þess að Hannes og félagar hefðu nokkuð við slíkt eignarhald að athuga. Því er nærtækt að álykta að væru þeir Bónusfeðgar og Davíð vinir og þeir tilbúnir að beita fjölmiðlum sínum til að lofsyngja hann væri annað hljóð í strokki Hannesar Hólmsteins í dag.

Í einn tíma lágu allir valdaþræðir í landinu gegnum hendur landshöfðingja, sem beitti því valdi gegn helsta stjórnarandstæðingnum, Skúla Thoroddsen. Þá þakkaði Skúli guði fyrir að til skyldi vera danskur hæstiréttur, enda var hann sýknaður þar af öllum ákærum. Í dag er ástæða til að þakka guði fyrir að Bónusfeðgar og Davíð eru ekki vinir. Á meðan getum við vænst þess að búa áfram við frjálsari fjölmiðlun en verið hefur við lýði í landinu um langt skeið. Enn er þess minnst hversu alvarlegar afleiðingar það hafði þegar þeir Heródes og Pílatas urðu vinir. Þó eru nærri 2000 ár síðan. ■

Alltaf skynsamlegt



14 stöðvar!
www.ob.is

Sven-Göran Eriksson landsliðspjálfi England

Með brækurnar á hælunum

Englendingar verða ekki helmsmeistarar undir stjórn þjálfara með brókarsótt

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigrún Jón Egiðsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIMI: 550 5000 SIMBREF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNISLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.535 -0.14% Fjöldi viðskipta: 200 Velta: 1.333 milljónir

MESTA HÆKKUN

Siminn +1,49%
Vinnslustöðin +1,20%
Bakkavör +0,97%

MESTA LÆKKUN

Hampiðjan -2,90%
Icelandic Group -1,86%
Atorka Group -1,67%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 42,00 +0,70% ... Bakkavör 41,70 +1,00%... Burðarás 17,30 -0,60%... FL Group 15,60 -0,60% ... Flaga 4,14 +0,00% ...HB Grandi 8,55 +0,00% ... Íslandsbanki 15,00 +0,00% ... Jarðboranir 21,00 -0,90% ... KB banki 582,00 -0,20% ... Kögun 58,00 +0,30% ... Landsbankinn 21,00 -0,50% ... Marel 62,90 +0,00% ... SÍF 4,84 -0,210% ...Straumur 13,30 -0,70% ... Össur 88,50 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Aker Seafoods hækkar

Norska sjávarútvegsfélagið Aker Seafoods hefur hækkað talsvert eftir að það birti hálf árs uppgjör í síðustu viku, sem sýndi 430 milljóna króna hagnað miðað við 720 milljóna króna hagnað á sama tímabili í fyrra. Þar af var hagnaður á öðrum ársfjórðungi 40 milljónir króna.

Eftir birtingu uppgjörsins hefur gengi Aker Seafoods, sem er að stærstum hluta í eigu Íslandsvinarins Kjell Inge-Rökke, hækkað um tæpan fimmtung.

Afkoma útgerðarhluta félagsins er sambærileg við það sem þekktist hjá stærstu fyrirtækjunum á Íslandi en afkoma fiskvinnslunnar er slök. Svokölluð EBITDA-framlegð var aðeins 4,7 prósent af landvinnslunni fyrstu sex mánuði ársins en 27,3 prósent af útgerðarhlutanum.



KJELL INGE RÖKKE Aker Seafoods, stærsta norska sjávarútvegsfélagið, hækkar um fimmtung eftir sex mánaða uppgjörið.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Netverslun sækir í sig veðrið samkvæmt hálfmínúttum KB banka.

Í gær var ár síðan KB banki hóf að bjóða íbúðalán bæði til kaupa og endurfjármögnunar. Vextir nýju lána voru í byrjun 4,30% en eru nú 4,15%. Aðrir bankar fylgdu þegar í kjölfarið og hófu að bjóða viðskiptavinum sínum sambærileg lán.

General Electric og Rolls Royce hafa gert samning upp á 2,5 milljarða Bandaríkjadala um gerð mótorá fyrir orrustuflugvélar.

Fyrirverandi forstjóri og fjármálastjóri K-mart eiga yfir höfði sér kærur frá bandaríska fjármálaeftirlitinu (SEC) fyrir birtingu á misvisandi upplýsingum.



DÆLT UPP PENINGUM Eignir norska olíusjóðsins jukust um 950 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi.

Olíusjóðurinn bólgnar enn

Enn bólgnar norski olíusjóðurinn og nemur virði hans 11.800 milljörðum króna. Eignir hans jukust um 950 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi sem rekja má til hás olíuverðs og hækkana á hlutabréfamörkuðum.

Tekjur af olíuframleiðslu renna inni í sjóðinn sem fjárfestir svo í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum.

Ef olíusjóðnum yrði skipt milli allra Norðmanna fengi hver í sinn hlut 2,6 milljónir króna. Til sam-anburðar fengi hver Íslendingur 3,5 milljónir króna í sinn hlut ef eignum lífeyrissjóðanna yrði skipt upp.

- eþa

Ársafmæli íbúðalána

Í gær var liðið eitt ár frá því að KB banki hóf að bjóða fólki ný íbúðalán með lægri vöxtum en íbúðalánasjóður. Einnig gátu fasteignakaupendur fengið meira af kaupverðinu lánað en lög um íbúðalánasjóð heimiluðu. „Í raun má segja að fjármagnsskömmtnun hafi loks verið afnumin á fasteignamarkaði og í kjölfarið hafi töluverð umbylt-ing átt sér stað,“ sagði í hálf-fimm fréttum í gær. Bankarnir hafi frá þessu tíma lánað út um 250 milljarða til fasteignakaupa en íbúðalánasjóður um 60 milljarða.

- bg

Slíta viðræðum

Stjórnir Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og Sameinaða lífeyrissjóðsins hafa slitit viðræðum um hugsanlega sameiningu sjóðanna sem staðið hafa yfir síðan í vor. Áformin strönduðu meðal annars á ólíkri samsetningu sjóðanna en fleiri atriði munu hafa komið til.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er annar stærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið en Sameinaði sá fjórði stærsti. - eþa

Leynist lítill snillingur á þínu heimili?

Píanó á verði sem þú hefur ekki séð áður!

Goodway hljóðfærin eru frábær kostur fyrir þá sem eru að kaupa sitt fyrsta píanó. Í fyrsta sinn á Íslandi bjóðum við þér nú upp á að kaupa píanó á vaxtalausum greiðslum (tíl 15 mánaða). 2 ára ábyrgð.

Verð frá 15.867 kr. í 15 mán. eða 238.000 kr. staðgreitt. 121 og 123 cm. píanó í svörtu, hnotu og mahony.



HLJÓÐFÆRAHÚSÍÐ
Leifur Magnússon



Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • Sími 568 8611 • piano@piano.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

*Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,***Jenný Oddsdóttir**

Kárastíg 13b,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 18. ágúst, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 11.00.

Lárus Arnþór Brown
Hjalti Már Hjaltason
Guðni Pálmi Oddsson
og frændsystkini.

Hjördís Jóna Sigvaldadóttir
Kolbrún Hansen

*Bróðir minn, frændi okkar og vinur okkar hjóna,***Björgvin Sigmundsson**

frá Miðvík í Grýtubakkahreppi,

lést á heimili sínu að Lönguhlíð 1a, Akureyri, 7. ágúst síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Indriði R. Sigmundsson
Ragnheiður Pálsdóttir
Snjólaug B. Hólmgrímsdóttir

Grétar Indriðason
Björg Guðjónsdóttir
Einar B. Sigfússon

*Ástkær móðir okkar,***Sigrún Edda Jónasdóttir**

Snægili 23, Akureyri,

lést 19. ágúst. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 14.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

Lena Rut, Hrannar Hólm, Heiður Lilja, Sigmar Þór
og Ármann Sigurðsson.

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,***Kristjana Stefánsdóttir**

Meðalholti 10, Reykjavík,

andaðst á heimili sínu mánudaginn 22. ágúst.
Jarðarförin auglýst síðar.

Aðstandendur.

*Seint fæ ég fullpakkað ykkur öllum sem hafið
heidið minningu eiginmanns míns,***Hallfreðar Arnar Eiríkssonar**

þjóðfræðings.

Samúð ykkar og vinsemd hefur verið mér mikill styrkur.

Olga María Franzdóttir.

ÞETTA GERÐIST

Forseti Brasilíu fremur sjálfsmorð

Forseti Brasilíu, Getulio Vargas, framdi sjálfsmorð þennan dag árið 1954, aðeins nokkrum klukkutímum eftir afsögn sína úr embætti. Sonur Vargas fann föður sinn, sem hafði skotið sig í hjartastað. Forsetinn hafði skrifað dramatískt sjálfsmorðsbréf sem lesið var í útvarpinu aðeins tveimur tímum eftir að lík hans fannst. Þar sagði hann að tilraunir hans til þess að frelsa brasilísku þjóðina hefðu verið hindraðar af erlendum hagsmunahópum sem hann sagði ábyrga fyrir slæmu efnahagsástandi landsins.

„Ekkert er eftir nema blóð mitt. Ég gaf ykkur



24. ÁGÚST 1954

líf mitt, nú gef ég ykkur dauða minn,” sagði meðal annars í bréfinu. Þrátt fyrir mikla óánægju með störf forsetans vakti bréf hans nokkrar tilfinningar í brjósti landsmanna. Þúsundir voru viðstaddir jarðarförina í fæðingarbæ hans Sao Borja. Vargas hafði komist til valda eftir uppreisn árið 1930. Hann leysti upp þingið sjö árum síðar og bannaði alla stjórnmálaflokka og verkalyðsfélög. Hann lét ritskoða fjölmiðla og kæfði alla andstöðu. Árið 1945 var Vargas neyddur frá völdum af hernum en var kosinn aftur í embætti árið 1950. Premur árum síðar var landið sligað af erlendum skuldum.

RAKEL SVEINSDÓTTIR: RÁÐIN FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÖLMIÐLAVAKTARINNAR

Sníður vöktun eftir pöntun

„Það er vægast sagt fullt að gera,” segir Rakel Sveinsdóttir hlæjandi en hún var nýlega ráðin framkvæmdastjóri Fjölmiðlavaktarinnar. Hún hefur frá unga aldri haft mikinn áhuga á fjölmiðlum og stundaði meðal annars nám erlendis í framleiðslustjórnun fyrir sjónvarp. Hún leiddist þó inn á aðrar brautir og hefur starfað sem sölustjóri á Morgunblaðinu, auglýsingastjóri hjá Norður-ljósum og við önnur verkefni sem snúa að peningamálum.

„Árið 2003 uppgötvaði ég að það væri líf utan vinnu og gerðist mamma,” segir Rakel kankvís en hún hefur síðustu tvö ár helgað sig uppeldi dóttur sinnar. Þegar dóttir hennar fór að hafa meiri áhuga á leikskólanum en mömmu sinni ákvað Rakel að söðla um.

Hlutverk Fjölmiðlavaktarinnar er að fylgjast með fjölmiðlum fyrir önnur fyrirtæki. „Við gerum allt sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Við vöktum og látum vita af fréttum sem eru í umræðunni. Við greinum fréttir, hvar umræðan birtist, formið og hvar hún kemur best út,” segir Rakel, sem segir vöktunina sérsníðna að kröfum hvers fyrirtækis.

„Í þessu litla samfélagi skiptir þetta ofsalega miklu máli. Fólk kemst ekki yfir það að fylgjast með öllu og stundum þurfum við að bregðast mjög hratt við,” segir Rakel og tekur sem dæmi að viðskiptavininn séu afhent ordrétt handrit úr umræðuþætti í sjónvarpi til að sá eigi betra með að svara ásökunum eða öðru slíku.

Rakel segir viðskiptavininn sína bæði stóra og smáa. „Ég væri í raun fljótari að telja upp hverjir nýta ekki þjónustuna,” segir Rakel en svipuð fyrirtæki og Fjölmiðlavaktin þekkjast víðast hvar í heiminum. „Þörfin er síst



RAKEL SVEINSDÓTTIR Fjölmiðlavöktun er þekkt víðast hvar í heiminum. „Þörfin er síst minni í svona litlu samfélagi. Þjóðfélagið er ekki stórt, fjölmiðlarnir eru margir og í flestum tilfellum hafa þeir meira vægi en erlendis,” segir Rakel.

minni í svona litlu samfélagi. Þjóðfélagið er ekki stórt, fjölmiðlarnir eru margir og í flestum tilfellum hafa þeir meira vægi en erlendis,” segir Rakel og bendir á að Fjölmiðlavaktin starfi einnig fyrir erlenda aðila á Íslandi og fái einnig upplýsingar um fjölmiðlaumfjöllun um íslensk fyrirtæki erlendis.

Rakel segir starfið spennandi

enda ekki hægt að sjá fyrir að morgni hvernig dagurinn þróist. „Í nýju starfi verður vinnan áhugamál númer eitt, tvö og þrjú,” segir Rakel með hlátur í röddu en hins vegar reynir hún að varðveita tíma fyrir fjölskylduna. „Ég hef ekki heldur lagt bækurnar á hilluna,” segir Rakel, sem er að sögn mikill lestrarhestur og finnst gaman að ferðast. ■

ANDLÁT

Áslaug Sigurðardóttir er látin.

Ægir Ólafsson verslunarmaður lést á hjúkrunarheimilinu Eir, fimmtudaginn 18. ágúst.

Sigrún Edda Jónasdóttir, Snægili 23, Akureyri, lést föstudaginn 19. ágúst.

Bragi Halldórsson lést í Reykjavík laugardaginn 20. ágúst.

Guðmundur Benediktsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, lést laugardaginn 20. ágúst.

Ella Halldórsdóttir frá Kirkjuhvoli, Vestmannaeyjum, lést sunnudaginn 21. ágúst.

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,***Kolbrún Sigurðardóttir**

Álftamýri 2, Reykjavík,

sem andaðist á heimili sínu mánudaginn 15. ágúst, verður jarðsungen frá Háteigskirkju fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á heimahlynningu Krabbameinsfélagsins.

Höskuldur Eliasson

Sigrún Höskuldsdóttir

Elías Höskuldsson

Sigurður Höskuldsson

Linda Rut, Telma Rós, Alexander Freyr, Ragnar Már, Lilja Björk,
Ragnhildur Sara og Vigdís Karólína.

Antonio Cavaleiro

María Carolina Skackauskaite

Dagbjört Edda Barðadóttir

MERKISATBURÐIR

- 79** Rómverska borgin Pompei grefst undir ösku þegar eldfjallið Vesúvíus gys. 200 þúsund lástast.
- 1814** Breskir hermenn brenna Washington-borg í Bandaríkjunum til grunna.
- 1821** Mexíkó fær sjálfstæði frá Spáni.
- 1906** Símskeytasamband við útlönd er opnað á Íslandi.
- 1968** Norræna húsið í Reykjavík er vígt. Það var byggt eftir teikningum Finnans Alvars Aalto.
- 1980** Fyrstu alþjóðlegu rall-keppninni sem fram fer á Íslandi lýkur.
- 1981** Morðingi Bítillsins John Lennon er dæmdur í 20 ára til lífstíðar fangelsi.
- 1993** Sólarhringsuppbót hefst í fangelsinu á Litla-Hrauni. Fangar mótmæltu hertum öryggisráðstöfunum.

LEGSTEINAR

S.HELGASON

Skemmuvegi 48

S: 557 6677

www.steinsmidjan.is

OPIÐ HÚS

LAUGARDAGINN
27. ÁGÚST FRÁ 13-16

*Stuttar kynningar á öllum nám-
skeiðum skólans á hálf tíma fresti.*

**10 heppnir gestir fá gjafabréf að
verðmæti 25.000 kr.**



Lisa Jóhannesdóttir
Skrifstofustjóri
hjá Artica ehf.

**ÉG lem á klukkuna á hverjum
morgni og segi „LOKSINS!!!“**

*Eftir námið hjá NTV fékk ég frábært starf,
mun hærri tekjur og nýt ég þess að vera í
starfi þar sem hæfileikar mínir njóta sín
og ég er metin að verðleikum.*



■ MARKVISST STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR MEÐ VINNU

Markmið okkar hefur alltaf verið að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem jafnrík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og að þjálfna hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Skrifstofu- og tölvunám (258 stundir)

Fjármál og rekstur (132 stundir)

Sölu- og markaðsnám (264 stundir)

Skrifstofunám & hönnun (414 stundir)

Sölunám & hönnun (420 stundir)

Skrifstofu- og rekstrarnám (462 stundir)

**Sölu-, markaðs- og
rekstrarnám** (396 stundir)

■ MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Frá stofnun skólans hefur verið lagður mikill metnaður í að vera í forustu á sviði kennslu í grafík og margmiðlun. Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

Auglýsingatækni (156 stundir)

Photoshop Expert (96 stundir)

AutoCad & 3D StudioMax (180 stundir)

Vefsíðugerð 1 -2 & 3 (210 stundir)

**Photoshop fyrstu skrefin &
stafrænar myndavélar** (30 stundir)

**Myndbandavinnsla með
Adobe Premiere** (36 stundir)

■ ALMENNT TÖLVUNÁM OG STYTTRA NÁM

Tölvunám er stór og ört vaxandi þáttur í daglegu lífi fólks og í rekstri fyrirtækja. Því er símenntun einstaklingsins oft það forskot sem ræður úrslitum við ráðningu starfsfólks.

TÖK tölvunám (90 stundir)

Tölvunám fyrir byrjendur (60 stundir)

■ BÓKHALDSSNÁM

Í bókhaldsnámi NTV er lögð áhersla á að kenna vel öll grunnhugtökin og vinnubrögð við bókhald. Síðan er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem er mjög víða notað.

Grunnnám í bókhaldi (108 stundir)

Tölvubókhald - framhald (24 stundir)

Navision viðbótarnám (sjá www.ntv.is)

■ SÉRHÆFT DIPLOMA NÁM

NTV hefur frá stofnun skólans 1997 lagt mikla áherslu á sérhæft nám, sem tengt er alþjóðlegum prófum, og hefur námið verið í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

Tölvuviðgerðir (72 stundir)

MCP XP netstjórnun (126 stundir)

MCSA 2003 netstjórnun (150 stundir)

Kerfisstjórnun (198 stundir)

ntv.is



Víkingur/Fjölnir í vetur

Handknattleikslíð Víkings og Fjölnis munu stilla upp sameiginlegu liði í deildarkeppninni í handboltanum í vetur. Gunnar Magnússon, þjálfari Víkings til nokkurra ára, verður þjálfari liðs Víkings/Fjölnis, eins og það mun heita í vetur.

sport
sport@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

20 21 22 24 25 26 27

Miðvikudagur

LEIKIR

☐ 17.30 Breiðablik og Valur mætast í VISA-bikarkeppni kvenna á Kópavogsvelli.

☐ 17.30 KR og Fjölnir mætast í VISA-bikarkeppni kvenna í Frostaskjóli.

SJÓNVARP

☐ 18.20 Debrecen og Manchester United mætast í Meistaradeild Evrópu á Sín.

☐ 18.30 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Þrír leikir í beinni útsendingu.

☐ 20.20 Villarreal og Everton mætast í Meistaradeild Evrópu á Sín.

☐ 22.00 Olísport á Sín.

☐ 22.20 Bikarkvöld á RÚV.

ARNAR OG BJARKI GUNNLAUGSSYNI: BÚIÐ SPIL Í SUMAR

Arnar hættur og Bjarki með ballerínumeiðsli

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hafa sagt sitt síðasta í fótboltanum í sumar. Arnar hefur ákveðið að hætta hjá KR á meðan bróðir hans Bjarki gengst undir þriðju aðgerðina á tæpu ári vegna öklameiðsla. Hann er samningsbundinn KR út árið og því óvíst hvað tekur við hjá honum.

„Þetta er búið að vera svolítið erfitt í sumar en ég hætti líka vegna persónulegra ástæðna. Ég tel ekki lengur hægt að réttlæta það hversu mikið ég er frá fjölskyldu minni þegar maður er hvort eð er ekki í neinu standi til að spila,“ sagði Arnar. „Þó maður mætir á æfingar er þar með ekki sagt að maður sé heill til að

spila einhvern alvöru fótbolta. Ég skil við félagið í fullkominni sátt.“

Arnar vill ekki gefa út neina lokaákvörðun um að knattspyrnuferlinum sé lokið. „Það er ekkert ólíklegt en aldrei að segja aldrei. Ég er nú samt orðinn hálfþreyttur á þessu. En ég tek endanlega ákvörðun um þetta síðar, ég sé til

hvernig skrokkurinn verður í haust og vetur og tek þá ákvörðun með framhaldið.“

Bræðurnir eru þekktir markahrókar en hvorugur þeirra náði að skora mark í deildinni í sumar. Bjarki skoraði þó þrennu gegn Leikni í bikarkeppninni. Hann



hefur hins vegar lítið komið við sögu í deildinni og aldrei náð að klára heilan leik. Oftast lék hann ekki meira en 40 mínútur í leik, hvort sem hann byrjaði eða kom inn á sem varamaður. „Þetta er ökklinn enn og aftur,“ sagði Bjarki. „Það er verið að fjarlægja einhvern beinstúf sem á ekki að vera þarna í ökklanum. Þetta eru víst meiðsli sem eru oft tengd við ballettdansara fyrst og fremst og veit ég ekki af hverju ég er að fá þetta,“ sagði hann og hló. Bjarki hefur glimt við meiðsli í sama ökklanum frá því að hann var tæklaður illa árið 2003 og fór hann tvívegis í aðgerð á síðasta ári. „Ég veit ekkert hvernig þetta verður á næsta ári, ég ætla fyrst að ná að labba eðlilega aftur. Þetta er engin óskastaða sem verið hefur þessi tvö undanfarin ár, hvorki fyrir mig né KR.“

> Við finnum til með ...

... Bjarki Gunnlaugssyni, sem gengst í dag undir enn eina aðgerðina vegna íþróttameiðsla. Þessi stórgóði knattspyrnumaður sýndi góða takta í sumar en gat lítið beitt sér vegna meiðslanna, eins og svo oft áður. Það verður einnig eftirsjá að bróður hans Arnari, sem hefur lagt skóna á hilluna í bili.



> Við hvetjum ...

... alla knattspyrnuáhugamenn til að fjölmenna á leiki dagsins í undanúrslitum bikarkeppni kvenna en bæði leikir KR og Fjölnis og Breiðablis og Vals hefjast kl 17.30 í dag. Úrslitaleikurinn fer svo fram í byrjun september.



Liverpool áfram þrátt fyrir tap

Liverpool tapaði heldur óvænt á heimavelli í gær fyrir búlgarska liðinu CSKA Sofia en Evrópumeistararnir ensku unnu fyrri leikinn sannfærandi og komust því áfram í Meistaradeild Evrópu.

FÓTBOLTI Liverpool tapaði í fyrsta sinn í fimmtán leikjum í Meistaradeild Evrópu í gær er liðið laut í gras fyrir CSKA Sofíu frá Búlgaríu. Liverpool hafði unnið fyrri leikinn, 3-1, á útivelli og gat því leyft sér að leyfa mörgum óreyndum að spreyta sig í byrjunarliðinu. Leikur liðsins var að sama skapi ekki upp á marga fiska og komust gestirnir yfir á 16. mínútu með góðu marki Valentin Iliev. Búlgarska liðið fékk svo tvö mjög góð tækifæri til að bæta við í fyrri hálfleik en allt kom fyrir ekki.

Leikmenn Liverpool náðu svo undirtökunum í leiknum eftir því sem á leið en tókst ekki að skora, þrátt fyrir nokkur úrvalsfæri. Vandræðalegt tap hjá Evrópu-

meisturunum á heimavelli staðreynd þó svo að forysta Liverpool eftir fyrri leikinn hafi aldrei verið í alvarlegri hættu.

Rosenborg frá Noregi komst áfram í riðlakeppnina eftir 3-2 sigur á Steaua frá Búkaresht og hið sama má segja um Real Betis, Udinese og Panathinaikos. Þá komust Celtic-banarnar í Artmedia Bratislava einnig áfram í riðlakeppnina eftir sigur á Partizan Belgrad í vítaspyrnukeppni.

eirikurst@frettabladid.is

MARKINU FAGNAÐ

Valentin Iliev, leikmaður CSKA Sofia, fagnar marki sínu á Anfield, heimavelli Liverpool, í leik liðanna í forkeppni meistaradeildar Evrópu í gær.



LEIKIR GÆRDAGSINS

Meistaradeild Evrópu:

LOKOMOTIV MOSKVA-RAPÍD VÍN	0-1
Rapid Vín vann samanlagt, 2-1.	
PARTIZAN BELGRAD-ARTM. BRATISL.	0-0
Artmedia Bratislava vann eftir vítaspyrnukeppni.	
THUN-MALMÖ FF	3-0
Thun vann samanlagt, 4-0.	
MONACO-REAL BETIS	2-2
Real Betis vann samanlagt, 3-2.	
PANATHINAIKOS-WISLA KRAKOW	4-1
Panathinaikos vann eftir framlengingu, 5-4.	
ROSENBORG-STEUA BUKAREST	3-2
Rosenborg vann samanlagt, 4-3.	
LIVERPOOL-CSKA SOFIA	0-1
Liverpool vann samanlagt, 3-2.	
UDINESE-SPORTING LISSABON	3-2
Udinese vann samanlagt, 4-2.	

Enski deildarbikarinn:

BURY-LEICESTER	0-3
Jóhannes Karl Guðjónsson skoraði eitt mark fyrir Leicester í leiknum.	
WATFORD-NOTTS COUNTY	3-1
READING-SWANSEA	0-3

Enska úrvalsdeildin:

BIRMINGHAM-MIDDLESBROUGH	0-3
0-1 Mark Viduka (14.), 0-2 Mark Viduka (45.), 0-3 Franck Queudrue (71.).	
PORTSMOUTH-ASTON VILLA	1-1
0-1 Richard Hughes, sjálfsmark (11.), 1-1 Lomana Tresor LuaLua (42.).	
SUNDERLAND-MANCHESTER CITY	1-2
0-1 Darius Vassell (10.), 1-1 Anthony Le Tallec (41.), 1-2 Trevor Sinclair (35.).	

STAÐA EFSTU LIÐA:

MAN. CITY	3	2	1	0	4-2	7
TOTTENHAM	2	2	0	0	4-0	6
CHARLTON	2	2	0	0	4-1	6
MAN. UTD.	2	2	0	0	3-0	6
CHELSEA	2	2	0	0	2-0	6
WEST HAM	2	1	1	0	3-1	4
M'BORO	3	1	1	1	3-2	4
LIVERPOOL	2	1	1	0	1-0	4
ARSENAL	2	1	0	1	2-1	4
BLACKBURN	2	1	0	1	3-4	3
EVERTON	2	1	0	1	1-2	3
ASTON VILLA	3	0	2	1	3-4	2

HM í Ungverjalandi:

Fjórða tap Íslands í röð

HANDBOLTI Þáttaka íslenska ungmennalandsliðsins á heimsmeistaramóti U-21 landsliða í Ungverjalandi er orðin martröð líkust en í gær tapaði liðið sínum fjórða leik í röð, nú gegn Dönú. Liðið er stigalaust í sínum milliriðli, rétt eins og Suður-Kórea, en þessi lið mætast á morgun í síðustu umferð milliriðlakeppninnar. Sigurvegarinn í þeim leik mun keppa um níunda sætið á mótinu en tapliðið um ellefta sætið.

Arnór Atlason var markahæstur íslensku leikmannanna með sex mörk, Magnús Stefánsson var með fjögur en fjórir leikmenn skoruðu þrjú mörk í leiknum.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Viggó Sigurðsson, þjálfara íslenska landsliðsins, frekar en eftir aðra leiki Íslands í keppninni. Svo virðist sem Viggó standi ekki hugur til að ræða við íslenska fjölmiðla á meðan á mótinu stendur.

- esá



Þjálfarastöður fyrir yngri flokka í knattspyrnu

Hjá unglinganefnd knattspyrnufélags ÍA (UKÍA) eru nú lausar til umsóknar þjálfarastöður fyrir yngri flokka keppnistímabilið 2005-2006. UKÍA er fyrirmyndarfélag ÍSÍ og leitar að metnaðarfullum þjálfurum til að bætað í sinn öfluga þjálfarahóp. UKÍA býður þjálfurum topp æfingaaðstöðu og m.a. er glæsilegt knattspyrnuhús að rísa. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á vefnum <http://www.ia.is>

Umsóknir þurfa að berast UKÍA í síðasta lagi 28. ágúst. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.


Nánari upplýsingar gefa Ólafur Jósefsson s: 898-4054 eða Magnús Óskarsson s: 893-2621

Ítarleg umfjöllun um bikarleiki sumarsins á www.visa.is/bikarinn

VISA styður íslenska boltann



Skóladagar **TOYOTA**
- Betri notaðir bílar!
Medion Black Dragon
kaupauki með bíl!



Skóla dagar!

NÝTT
KORTATÍMABÍL
FYRSTA GREIÐSLA
1.0KT

MEDION

MD95333-DVD
MEDION X2 BLACK DRAGON DVD

- Intel® Celeron® M 360 örgjörvi
- 512MB DDR minni • 40GB harður diskur
- DVD±R brennari - Útvær USB
- S3 UniChrome skjástýring
- 802.11G 54Mbps þráðlaust net
- VGA tengi, 4x USB 2.0 • Lithium-Ion rafhlaða
- Nett og Létt! • Mál: 33 x 27.7 x 2.3/3.4 cm
- Þyngd aðeins 2.2 kg.

Gullna tölván

